

11

Kaflar 21-23

21: Dregur úr umfangi samráðs

22: Brot gegn EES-samningnum

23: Brot gegn 19. gr. samkeppnislaga

BROT SAMSKIPA GEGN BANNI VIÐ ÓLÖGMÆTU SAMRÁÐI





21. DREGUR ÚR UMFANGI SAMRÁÐS.....	2110
21.1. Batnandi efnahagshorfur á Íslandi	2110
21.2. Breytingar á siglingakerfum og upphaf strandsiglinga	2112
21.3. Dró úr samráðinu á milli Samskipa og Eimskips.....	2115
21.3.1. Samskip hefja „sókn“ gegn Eimskip í upphafi árs 2013	2116
21.3.2. „Grænlenkir veiðidagar“	2123
21.3.3. Áherslubreytingar á árunum 2013 og 2014.....	2124
21.3.3.1. „Barátta í verðum“ og „Mjög hörð samkeppni“	2124
21.3.3.2. Breyttar áherslur vegna samráðs í sjóflutningum.....	2131
21.4. Samskip setur í „Sóknargírinn“ á landflutningamarkaði	2133
21.5. Eimskip fer á eftir Húsasmiðjunni í upphafi árs 2013.....	2133
21.6. Rúmfatalagerinn 2013	2137
21.7. Innnes 2013	2138
21.7.1. Fjögurra ára „friður“ ríkti um Innnes.....	2138
21.7.2. Samskip gera atlögu að því að ná Innnes í viðskipti af Eimskip árið 2013	2139
21.7.3. Niðurstaða	2142
21.8. OJK 2013	2144
21.9. Ölgerðin 2013.....	2146
21.10. IKEA 2013.....	2148
21.11. Áframhaldandi samráð.....	2151
21.11.1. Samskip vara Eimskip við húsleit Samkeppniseftirlitsins í september 2013	2151
21.11.2. Samráð í sjóflutningum.....	2154
21.11.3. Samráð í landflutningum	2155
21.11.4. Samráð um leigu og lán á gámum.....	2155
21.11.5. Verðsamráð í formi afsláttarkjara	2155
21.11.6. Samráð í skipaafgreiðslu	2156
21.12. Niðurstaða	2156
22. BROT Á EES-SAMNINGNUM	2158
23. BROT GEGN 19. GR. SAMKEPPNISLAGA O.FL.	2161
23.1. Lagaumhverfi um upplýsingagjöf til Samkeppniseftirlitsins.....	2161
23.2. Yfirlit yfir upplýsingaskyldu og upplýsingagjöf Samskipa og Eimskips.....	2163
23.3. Samkeppniseftirlitið afvegaleitt á brotatímabilinu	2164
23.3.1. Atvik á árunum 2008 og 2009	2164
23.3.1.1. Kvartanir Samskipa í maí og ágúst 2008	2164
23.3.1.2. Fundur Samskipa og Eimskips hjá Samkeppniseftirlitinu 16. október 2008.....	2167
23.3.1.3. Upplýsingagjöf Eimskips og TVG í desember 2008 og febrúar 2009	2169



23.3.1.4.	Undanþágubeiðni vegna samstarfs í Norður-Ameríku flutningum í janúar 2009 ...	2170
23.3.1.5.	Upplýsingagjöf Samskipa í mars 2009 og Eimskips í apríl sama ár	2171
23.3.1.6.	Upplýsingagjöf Samskipa í nóvember 2009.....	2171
23.3.2.	Atvik á árunum 2010 – 2012	2172
23.3.2.1.	Upplýsingagjöf Eimskips í janúar 2010 og kvörtun 14. júlí 2010	2172
23.3.2.2.	Upplýsingagjöf vegna rannsóknar á landflutningamarkaði.....	2173
23.3.2.3.	Undanþágubeiðni vegna skipaafgreiðslu í júní 2010	2176
23.3.2.4.	Undanþágubeiðni vegna Norður-Ameríku flutninga í desember 2010.....	2176
23.3.2.5.	Kvartanir Samskipa í maí 2011	2177
23.3.3.	Atvik á árinu 2013.....	2179
23.3.3.1.	Kvörtun Samskipa í júlí 2013	2179
23.3.3.2.	Undanþágubeiðni vegna Norður-Ameríku flutninga í desember 2013.....	2180
23.3.4.	Niðurstaða	2180
23.4.	Brot Samskipa gegn 19. gr. samkeppnislaga við rannsókn málsins	2181
23.4.1.	Munnleg upplýsingagjöf Samskipa í tengslum við húsleit.....	2182
23.4.1.1.	Upplýsingum um samskipti við Eimskip leynt	2183
23.4.2.	Brot Samskipa vegna upplýsingabeiðna	2190
23.4.2.1.	Upplýsingabeiðni til Samskipa, dags. 29. janúar 2015 og ítrekanir á beiðni, dags. 23. mars 2015, 25. nóvember 2015, 18. október 2017 og 13. mars 2019.....	2191
23.4.2.2.	Upplýsingabeiðni til Samskipa, dags. 30. september 2016, og ítrekanir á beiðni, dags. 28. október 2016, 6. desember 2016, 2. febrúar 2017 o.fl.	2196
23.4.2.3.	Niðurstaða	2197
23.5.	Eimskip vanrækti upplýsingaskyldu sína samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga	2198
23.6.	Niðurstaða um brot Samskipa gegn 19. gr. samkeppnislaga	2199



21. DREGUR ÚR UMFANGI SAMRÁÐS


21.1. Batnandi efnahagshorfur á Íslandi

10735. Í ákvörðun þessari er lýst aðdraganda, upphafi og framkvæmd samráðs Samskipa og Eimskips á árunum 2008-2013. Á árinu 2008 hafi alþjóðlegar efnahagshorfur farið hratt versnandi og almennt dregið úr viðskiptum og innflutningi. Á sama tíma hafi traust á milli fjármálafyrirtækja farið hratt þverrandi og haft þær afleiðingar að einkaaðilar hafi átt erfitt með að sækja nýtt lánsfjármagn eða endurfjármagna eldri lán. Fjárhagsstaða skuldsettra fyrirtækja, líkt og Samskipa og Eimskips, hafi því verið erfið.
10736. Í þessu sambandi er bent á að á flutningamörkuðum hafi framangreint ástand almennt leitt til aukinnar samkeppni og lægra verðs á flutningaþjónustu, til dæmis í Bretlandi, Írlandi og Svíþjóð, líkt og fram komi í fundargerðum stjórnar Samskipa Holding, sbr. m.a. umfjöllun í kafla 14.40.⁵⁸¹⁵ Hér á landi hafi aftur á móti átt sér stað þveröfug þróun. Þrátt fyrir afleitar markaðsaðstæður og horfur um fordæmalítinn samdrátt í innflutningi hafi Samskip og Eimskip á þessum tíma hækkað verð umtalsvert. Eins og nánar er gerð grein fyrir í ákvörðuninni er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að rekja megi ástæðu þessa til samráðs fyrirtækjanna sem hafi gert þeim kleift að hækka verð eða halda því óbreyttu. Af samtímagögnum fyrirtækjanna verði ráðið að þau hafi með samráði sín á milli í raun „kippt úr sambandi“ lögmálum virkrar samkeppni.
10737. Eftir mikinn samdrátt jókst uppgangur í íslensku efnahagslífi á árunum 2012-2013. Atvinnulífið tók við sér með tilheyrandi kaupmáttaraukningu og auknum innflutningi. Á árinu 2012 jókst einkaneysla hér á landi um 2,4% og innflutningur um 4,7%.⁵⁸¹⁶ Þá sagði eftirfarandi í riti Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika í maí 2013:
- „Efnahagsbatinn hefur haldið áfram þótt hann hafi verið hægari á síðari hluta síðasta árs og það sem af eru þessu ári. Kaupmáttur ráðstöfunartekna er meiri um þessar mundir og atvinnuástand betra en um líkt leyti í fyrra. Þá hefur verðbólga lækkað töluvert. Á sama tíma hafa skuldir fyrirtækja og heimila haldið áfram að lækka og endurskipulagningu þeirra á vegum fjármálastofnana miðað áfram.“⁵⁸¹⁷*
10738. Þá var búið við því að efnahagshorfur færu almennt batnandi í löndunum í kringum Ísland og sérstaklega hér á landi á seinni hluta ársins 2013, sbr. t.a.m. eftirfarandi mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á hagvexti í aðildarríkjum árið 2012 og horfum fyrir árið 2013:

⁵⁸¹⁵ Samskipasamstæðan starfaði á ýmsum erlendum flutningamörkuðum og ítarlegar fundargerðir Samskipa Holding veita því ákveðna vísbendingu um almennar aðstæður á viðkomandi erlendum mörkuðum (og á Íslandi). Þá getur enginn vafi leikið á því að sá gríðarlegi samdráttur sem varð í milliríkjavíðskiptum í kjölfar fjármálakreppunnar haustið 2008 leiddi almennt til mikillar verðlækkunar á sjóflutningsgjöldum. Til stuðnings þessu má horfa til UNCTAD (Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og þróun). „Review of Maritime Transport 2009“ (Skýrsla sem hefur verið gefin út árlega frá 1968). „The Review of Maritime Transport is a recurrent publication prepared by the UNCTAD secretariat since 1968 with the aim of fostering transparency of maritime markets and analysing relevant developments.“. Þessi skýrsla tekur til tímabilsins janúar 2008 til júní 2009. Í reifun á helstu niðurstöðum skýrslunnar (executive summary) segir: „As a consequence of falling demand and increased supply, freight rates have fallen from their 2008 highs. The beginning of 2008 saw a continuation of the buoyant trend experienced in the preceding year in all sectors. However, by the start of the third quarter of 2008 things had taken a turn for the worse, as the global financial crisis began to affect demand. Trade volumes in the bulk cargo and liner sectors sustained dramatic declines, which continued for the remainder of the year and well into 2009.“ Aðgengilegt á slóð: http://unctad.org/en/docs/rmt2009_en.pdf.

⁵⁸¹⁶ Sjá Hagtíðindi Hagstofu Íslands frá 6. september 2013: „Landsframleiðsla jókst að raungildi um 1,4% á árinu 2012 og er það annað árið í röð sem landsframleiðsla eykst, en hún jókst um 2,7% árið 2011, eftir mikinn samdrátt tvö ár þar áður. Þjóðarútgjöld á árinu 2012 jukust nokkru meira en nam vexti landsframleiðslu, eða um 1,6%. Einkaneysla jókst um 2,4% og fjárfesting um 5% en samneysla dróst saman um 1,2%. Útflutningur jókst um 3,8% og innflutningur nokkru meira, eða um 4,7%. Þrátt fyrir þessa þróun varð verulegur afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum á árinu 2012, eða 104 milljarðar króna.“ Aðgengilegt á slóð: <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/thjodhagsreikningar/14-hagvoxtur-arid-2012/>.

⁵⁸¹⁷ Sjá rit Seðlabanka Íslands, „Fjármálastöðugleiki“, útgáfa 1, 2013. Aðgengilegt á slóð: https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalastodugleiki/FS/2013/FS_2013_1.pdf.



10739. Þrátt fyrir að efnahagsbati þjóðarinnar hafi fyrst í stað verið sveiflukenndur og hægari en vonir stóðu til í lok árs 2012 gerðu spár ráð fyrir því að hagvöxtur hér á landi myndi aukast nokkuð mikið á síðari hluta ársins 2013. Af riti Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika í upphafi árs 2014 má ráða að þær spár hafi gengið eftir. Þar segir m.a. eftirfarandi: ⁵⁸¹⁸

„Nokkuð vel hefur gengið í efnahagslífi Íslendinga undanfarin misseri. Hagvöxtur á síðasta ári var góður og einn sá mesti meðal þróaðra ríkja.“

10740. Að mati Samkeppniseftirlitsins skapaði efnahagsbatinn hér á landi hvata fyrir Samskip og Eimskip til að auka við flutningamagn í siglingakerfum fyrirtækjanna og hverfa frá því kerfi sem þau höfðu með samráði sett upp vegna þeirra erfiðleika sem steðjuðu að á árinu 2008. Forsendur fyrir ólögmætri markaðsskiptingu um viðskipti við stóra viðskiptavinum voru af sömu ástæðu ekki til staðar með sama hætti og áður.

10741. Þegar gögn Samskipa og Eimskips, sem urðu til við annars vegar undirbúning áætlana fyrir árið 2013 og hins vegar á árinu 2013 eru skoðuð má greina að það hafi verið teikn á lofti í íslensku efnahagslífi með batnandi efnahagshorfum og spám um vaxandi innflutning til Íslands. Hafa þessi gögn verið rakin nánar hér að framan. Þá gerðist það sömuleiðis árið 2013 að Samskip og Eimskip misstu flutningaviðskipti við mikilvægan viðskiptavin, Alcoa. Með því fór umtalsvert flutningsmagn úr siglingakerfum fyrirtækjanna, sér í lagi Samskipa. Um þau atvik er fjallað í kafla 20.8 og er þar nánar fjallað um afleiðingar þessa fyrir þáverandi siglingakerfi fyrirtækjanna, sérstaklega Samskipa. Eftir missi Alcoa úr viðskiptum sátu Samskip uppi með nánast tómt skip á Leið 2 þar sem það hafði nær eingöngu

⁵⁸¹⁸ Sjá rit Seðlabanka Íslands, „Fjármálastöðugleiki“, útgáfa 1, 2014. Aðgengilegt á slóð: https://www.seðlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalastodugleiki/FS/2014/Heildarskjal_2014_1.pdf.



verið notað fyrir flutninga Alcoa. Af þessum sökum kom það til skoðunar innan Samskipa hvort breyta þyrfti siglingakerfinu sem aftur myndi leiða til meira framboðs af flutningsrými á innflutningsmarkaði.

10742. Ætla má að framangreindar ytri breytingar á síðari hluta ársins 2012 og á árinu 2013 hafi skipt miklu um að draga fór úr þeim þáttum samráðsins sem fyrirtækin höfðu náð saman um í „Nýtt upphaf“ verkefninu og fólu í sér takmörkun á flutningsframboði og skiptingu markaðarins eftir stærri viðskiptavinum. Verður nú vikið að þessum atvikum. Þess ber að geta að í sátt Samkeppniseftirlitsins við Eimskip hefur fyrirtækið viðurkennt að hafa átt í ólögmætu samráði við Samskip um skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum en það samráð hafi orðið umfangsminna á árinu 2013.
10743. Í athugasemdum Samskipa við AII er því hafnað að efnahagsbati hafi verið hvati fyrir Samskip og Eimskip til að hverfa frá ætluðu samráði. Efnahagsbatanum á árunum 2012-2013 hafi hins vegar fylgt ný tækifæri og aukinn innflutningur. Þá er því einnig hafnað að „umfangsmikið flutningsmagn“ hafi farið úr siglingakerfum Samskipa við brotthvarf Alcoa. Svokölluð „álrúta“, þ.e. skip sem sinnti flutningum fyrir Alcoa, hafi ekki nýst til að sinna almennum innflutningi fyrir viðskiptavinum Samskipa og því hafi sú staðreynd að fyrirtækið missti viðskipti við Alcoa engin áhrif haft á almennan inn- og útflutning fyrirtækisins. Aftur á móti hafi það skapað svigrúm til að sækjast eftir nýjum viðskiptum og leitt til ákvörðunar um að auka vikulega flutningsgetu frá Reykjavík árið 2013.
10744. Fjallað er um þessar athugasemdir Samskipa í köflum 31 og 32.
10745. Í þessu sambandi skal tekið fram að það hefur ekki úrslitaáhrif hvað olli því að órói fór að myndast í ólögmætri markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips á seinni hluta ársins 2012 sem varð þess síðan valdandi að það dró verulega úr henni á árinu 2013.
10746. Líkt og fjallað er um í kafla 4.8 er ólögmætt samráð í eðli sínu samstarf milli fyrirtækja um að reyna að hagnast meira með því að vinna saman heldur en að keppa sín á milli. Slíkt samstarf getur hins vegar verið viðkvæmt og brothætt þar sem þátttakendur geta haft hvata til að „svindla/svíkja“ og fara gegn því sem ákveðið hefur verið í samráðinu. Með því móti gæti viðkomandi fyrirtæki hagnast enn meira en ella. Sökum þessa er í samkeppniserétti rætt um takmarkað „traust“ milli samráðsfyrirtækja. Líkt og fjallað er um í ákvörðun samkeppniseráðs nr. 21/2004 vegna ólögmæts samráðs olíufélaganna, sbr. og dóma Hæstaréttar Íslands frá 4. febrúar 2016 í málum nr. 272, 277 og 278/2015, er vilji til að hagnast ein meginástæðan fyrir þátttöku í samráði. Hagsmunir viðkomandi fyrirtækja fara hins vegar ekki alltaf saman og hagsmunir viðkomandi fyrirtækja breytast frá einum tíma til annars.

21.2. Breytingar á siglingakerfum og upphaf strandsiglinga

10747. Í kafla 20.11 er því lýst að í mars 2013, eftir níu ára hlé, hafi Samskip og Eimskip hafið strandsiglingar á ný, á nýjum siglingaleiðum sem tengdust Evrópu. Voru þessar breytingar fyrirtækjanna á siglingakerfum tilkynntar með nokkurra daga millibili.
10748. Á þessum tíma misstu bæði Samskip og Eimskip samning við einn stærsta útflytjanda landsins, Alcoa Fjarðarál, en líkt og rakið hefur verið í ákvörðun þessari höfðu fyrirtækin með sér samráð í tengslum við þau viðskipti allt þar til að Alcoa hóf á árinu 2013 viðskipti við annað flutningafyrirtæki. Samskip hafa upplýst Samkeppniseftirlitið um að fyrirtækið hafi af þeim sökum þurft að ráðast í breytingar á siglingakerfi sínu, þ.e. til að sinna áfram útflutningi frá Reyðarfirði og Færeyjum ásamt „þeirri aukningu sem orðið hafði á innflutningi frá árinu 2009.“ Samkvæmt upplýsingum frá Samskipum leiddi missir



umræddra áflutninga til 25% samdráttar í innflutningsgetu Samskipa á milli áráanna 2012 og 2013. Á sama tímabili dróst útflutningsgeta Samskipa saman um 33%.⁵⁸¹⁹

10749. Í glærुकynningu fyrir stjórn Samskipa í október 2012 kom t.a.m. fram að þáverandi siglingakerfi væri „*up to it's limits in capacity and schedule.*“ Var svo komið að annað hvort þyrfti að mæta álagspunktum (e. *Peak capacity*) með því að minnka magn eða bæta við framboðið (e. *Peak capacity needs to be cut down or serviced by additional tonnage*). Sagði að inn- og útflutningsmarkaðir myndu halda áfram að vaxa sem að óbreyttu myndi valda því að markaðshlutdeild Samskipa minnkaði. Ef Samskip myndu ekki bregðast við myndi Eimskip geta með samkeppnisaðgerðum tekið það aukna magn sem byðist. Þá kom fram að undir þessum kringumstæðum myndi „*Competition [...] be given room to grow and prosper*“. Afleiðingar þessa til lengri tíma yrði minnkandi arðsemi og samkeppnishæfni.⁵⁸²⁰
10750. Samtímagögn sýna að Samskip hófu formlega vinnu við breytingar á siglingakerfi sínu á haustmánuðum 2012.⁵⁸²¹ Áætlanir gerðu ráð fyrir að innleiða þriggja skipa kerfi á árinu 2013 og fjögurra skipa kerfi á árinu 2014 og voru undirliggjandi markmið þau að auka markaðshlutdeild fyrirtækisins í útflutningi um 20% með viðkomu á Ísafirði og Akureyri á árinu 2013 og um 20% til viðbótar á árinu 2014. Jafnframt átti að kanna betur möguleika á beinum innflutningi til þessara staða á Íslandi, eða „*Further indentify direct import to the coast of Iceland.*“ Farið var yfir þessar áætlanir á stjórnarfundum Samskipa í janúar 2013.⁵⁸²²
10751. Til samanburðar má minna á það sem fram hefur komið að í áætlunum Samskipa fyrir árin 2009-2012 var algengast að fyrirtækið gerði ráð fyrir óbreyttri markaðshlutdeild frá árinu áður, þ.e. að halda öllum þáverandi viðskiptavinum, ekki sækja fram eða ógna „*friðinum*“, en hækka verð, sbr. kafla 14.10, 14.32 og 14.48. Var þetta birtingarmynd á samfelldu samráði og ólögumætri markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips.
10752. Samtímagögn benda því til þess að Samskip hafi gert ráð fyrir því að fara í sókn og auka markaðshlutdeild sína í kjölfar breytinga á siglingakerfinu og aukins framboðs. Hafa Samskip m.a. upplýst Samkeppniseftirlitið um að fyrirtækið hafi talið að með umræddum breytingum myndi samkeppnisstaða Samskipa batna.⁵⁸²³
10753. Af gögnunum má jafnframt ráða að viðskiptavinir fyrirtækjanna á landsbyggðinni hafi að einhverju marki kallað eftir breytingum af þessu tagi, þ.e. viðkomu á höfnum á
10754. Þann 21. febrúar 2013 birtu Samskip fréttatilkynningu um að fyrirtækið myndi frá 18. mars 2013 hefja strandsiglingar á nýrri siglingaleið. Tilkynnt var að flutningaskip á vegum fyrirtækisins myndi fara frá Reykjavík til Ísafjarðar, Akureyrar og Reyðarfjarðar og þaðan til Immingham í Bretlandi og Rotterdam í Hollandi með viðkomu í Kollafirði í Færeyjum, sbr. nánari umfjöllun um breytingu á siglingakerfum í kafla 20.11.3.
10755. Samtímagögn Samskipa frá lokum árs 2012 og upphafi árs 2013 sem og viðbrögð Eimskips benda til þess að ekki hafi verið um samráð við Eimskip að ræða við siglingakerfisbreytingarnar í þetta sinn, öfugt

⁵⁸¹⁹ Kvörtun Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 03.07.2013.

⁵⁸²⁰ Afhent skjal frá Samskipum. „*Kynning fyrir stjórn okt2012 2.pptx*“. Afhent 22.11.2016. Viðauki 6, Fundargerðir Samskipa hf.

⁵⁸²¹ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1007407. Sjá einnig áframhaldandi skipulagsvinnu í desember 2012 og janúar 2013, sbr. afritað tölvuskjal frá Samskipum. „*Costa Board Presentation jan13 Final*“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1090146. Sbr. einnig afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1100261.

⁵⁸²² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.9627.

⁵⁸²³ Kvörtun Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 03.07.2013.



við innleiðingu á slíkum breytingum á árinu 2008 en í köflum 8-9 er mat Samkeppniseftirlitsins rakið um samráð Samskipa við Eimskip í tengslum við þær breytingar.

10756. Hið sama á við um samtímagögn Eimskips. Ráða má af viðbrögðum Eimskips við tilkynningu Samskipa um fyrirhugaðar breytingar að ekki hafi verið um samráð að ræða en breytingar á siglingakerfi Eimskips höfðu aðeins verið til lauslegrar skoðunar í upphafi árs 2013, þ.e. með innleiðingu á þriðja skipinu.⁵⁸²⁴ Á sama tíma undirbjó Eimskip hins vegar að hefja flutninga frá Portland (í Maine) í USA á siglingaleiðinni til Íslands og N.-Noregs (Sortland). Var þá til skoðunar að auka viðkomur t.d. á Ísafirði og Akureyri, án þess að um fastar strandsiglingar á vikufresti yrði að ræða, eins og síðar varð.⁵⁸²⁵
10757. Í kjölfar fréttatilkynningar Samskipa þann 21. febrúar 2013 brást Eimskip mjög hratt við og hófu stjórnendur fyrirtækisins strax daginn eftir vinnu við að greina stöðuna, þróa með auknum hraða endurmat á siglingakerfi fyrirtækisins og undirbúa viðbrögð þess við útspili Samskipa. Hélt þessi vinna áfram næstu daga og fram í byrjun mars, eins og lýst hefur verið í kafla 20.11.⁵⁸²⁶ Varð niðurstaðan sú að Eimskip tilkynnti áform sín um nýja siglingaáætlun 6. mars 2013 og komst hún til framkvæmda 15. mars, eða þremur dögum áður en nýtt siglingakerfi Samskipa átti að taka gildi.
10758. Í fréttatilkynningu Eimskips voru helstu breytingar sagðar vera þær að tekin yrði í notkun ný vikuleg strandsiglingaleið sem myndi tengja Ísland við Færeyjar, Bretland (Skotland) og meginland Evrópu og að skip fyrirtækisins myndu koma vikulega við í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og Reyðarfirði. Þá var tilkynnt að Eimskip myndi frá og með 26. mars 2013 hefja viðkomur í Portland, Maine, á austur-strönd Bandaríkjanna og með því stytta siglingatíma til og frá Bandaríkjunum. Þá myndu Ameríkuskip fyrirtækisins á leið vestur um haf eiga þess kost að hafa viðkomu m.a. á Akureyri og Ísafirði á leið sinni frá Noregi.
10759. Ljóst er að viðbrögð Eimskips urðu meiri en Samskip gerðu ráð fyrir. Þetta má m.a. sjá í fundagerð vegna fundar Samskipa Holding 4. apríl 2013. Þar segir:
- „(S)forstj informed the Board that introduction of Samskip additional vessel Pioneer Bay to Iceland has been well received. Eimskip reaction has probably been more than expected but it is difficult to see how this will work for them with all the extra cost associated with introducing 1-2 new vessels. In (S)forstj view it is clear that Samskip will always be awarded some new volume on the coast which means that Eimskip will lose some volume in return for higher cost while at the same time Samskip needs another vessel for capacity reasons and will have new and more volume.“*
10760. Er þessum atvikum lýst nánar í kafla 20.11.
10761. Samskip byggja á því í athugasemdum sínum við AII að fyrirtækið hafi verið knúið til að breyta siglingakerfi fyrirtækisins árið 2008 þegar innflutningur til landsins hrundi. Á árunum eftir hrun hafi síðan ekki verið forsendur til að bæta við skipaflotann, að sögn Samskipa hafi það verið „útilokað“ allt fram á árið 2012. Samskip halda því þó fram að eftir sem áður hafi fyrirtækið „verið vakandi fyrir tækifærum til slíkra breytinga“.⁵⁸²⁷
10762. Ekki er unnt að fallast á það með Samskipum að fyrirtækið hafi á rannsóknartímabilinu „verið vakandi fyrir tækifærum“ til að bæta við skipaflota sinn. Þvert á móti sýna atvik í málinu að Samskip reyndu ekki

⁵⁸²⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.908754.

⁵⁸²⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „CEO article for Eimskip PA“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1059989. Í drögunum segir m.a.: „The port call will open new markets for the area, not only on imports but also for exports of US products to Newfoundland, Greenland, Iceland, Faroe Islands and Northern Norway and other Scandinavian countries, UK and base ports in Europe.“

⁵⁸²⁶ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.448892, sbr. einnig afritaðir tölvupóstar milli [...] Doc. ID. 0.7.33.923292.

⁵⁸²⁷ Sjá mgr. 1823-1824 í athugasemdum Samskipa við AII.



með samkeppnisaðgerðum að ná í stóra viðskiptavini af Eimskip, þrátt fyrir að tækifæri hafi gefist til þess. Eftirfarandi eru dæmi um það:

- Atvik sem tengjast ÖES á árunum 2009 og 2011 sbr. kafla 14.5 og 14.37.7.
- Atvik sem tengjast IKEA á árunum 2009-2010 sbr. kafla 14.9.4 og 14.29.
- Atvik sem tengjast Aðföngum árin 2009-2011, sbr. kafla 14.9.4, 14.27 og 14.37.6.
- Atvik sem tengjast J. Rönning á árinu 2010, sbr. kafla 14.22.
- Atvik tengd MS á árinu 2011, sbr. kafla 14.37.4.
- Atvik tengd ÖES á árinu 2011, sbr. kafla 14.37.7.
- Atvik tengd Aðföngum á árinu 2012, sbr. kafla 14.49.
- Atvik tengd Innnes á árinu 2012, sbr. kafla 14.53.

10763. Þá bera áætlanir og áherslur Samskipa á árunum 2009-2012 það ekki með sér að stefnt hafi verið að því að leita að tækifærum til að auka markaðshlutdeild til að stækka siglingakerfið. Í kafla 32 eru m.a. sett fram dæmi um ýmis gögn sem sýna fram á það og fjallað nánar um þessi sjónarmið Samskipa.

10764. Áður hefur verið sagt frá því að síðla árs 2012 hafi komið fram merki um að hrikta hafi tekið í stoðum samráðs Samskipa við Eimskip. Vísast til kafla 14.45 um upphaf og afleiðingar þess „*taugatitringur*“. Verður atburðarrásin frá þeim tíma og fram að húsleit Samkeppniseftirlitsins í september 2013 nú rakin í eftirfarandi umfjöllun.

21.3. Dró úr samráðinu á milli Samskipa og Eimskips

10765. Í köflum 14.45 og 14.48 er fjallað um það að á árinu 2012 hafi komið upp „*taugatitringur*“ í samráði Samskipa og Eimskips. Gögn málsins sem og skýrsla ([E](#))[frkvstj-sala/bj](#) við húsleit Samkeppniseftirlitsins sýna að umræddur titringur hafi komið upp þegar Eimskip náði til sín flutningsviðskiptum Bauhaus en fyrirtækið opnaði byggingavöruverslun hér á landi árið 2012. Í kjölfar þess tóku Samskip hluta af viðskiptum Norvik (BYKO) af Eimskip.

10766. Að mati Samkeppniseftirlitsins endurspegladist framkvæmd samráðsins að hluta til í umræddum atvikum á árinu 2012. Samtímagögn og atvik á síðustu mánuðum ársins fela í sér vísbendingar um að sá titringur sem kom upp í tengslum við flutningsviðskipti byggingavöruvirkjanna hafi í raun falið í sér „*hefndaraðgerðir*“ innan samráðsins eða a.m.k bundnar við byggingavörumarkaðinn fyrst um sinn. Þrátt fyrir „*pirring*“ hjá Samskipum um mitt ár 2012, sem varð til þess að fyrirtækið tók hluta af viðskiptum BYKO af Eimskip, sýna samtímagögn að samráðið, sem fólst m.a. í markaðsskiptingu um mikilvæga viðskiptavini, hélt áfram þó svo vissulega megi sjá í samtímagögnum frá síðustu mánuðum ársins aukna óvissu og óróa myndast gagnvart markaðsskiptingunni.

10767. Hér að framan hefur það verið rakið hvernig tiltekin ytri áhrif og breytingar síðla árs 2012 og á árinu 2013 stuðluðu að því að draga fór úr ákveðnum þáttum samráðsins, sérstaklega hinni ólögmetu markaðsskiptingu. Með breytingum á siglingakerfum Samskipa og Eimskips á árinu 2013 dró þannig úr þeim þætti samráðsins sem sneri að takmörkun flutningsframboðs. Undir lok árs 2012, og einkum á árinu 2013, fór jafnframt að draga úr samráði um mikilvæga viðskiptavini sem um leið leiddi til þess að óvissa jókst á markaðnum og ekki var lengur unnt að leggja til grundvallar með sama hætti og áður að t.d. bæði fyrirtækin myndu viðhalda eða hækka verð.



10768. Endurspeglast þetta að einhverju leyti í áætlunum fyrirtækjanna fyrir árið 2013, sem útbúnar voru haustið 2012. Um þær er fjallað nánar í kafla 14.48. Mikilvægt er þó að rifja upp að í markaðsskýrslu innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2012 var lagt er lagt til grundvallar að árinu 2012 myndu Samskip halda öllum viðskiptavinum sínum í innflutningi. Einnig segir í skýrslunni: „Áherslan í sölu árið 2012 ræðst að miklu leyti eftir því hvort að áframhaldandi ró haldist á innflutningsmarkaði. Gert er ráð fyrir að bæði Eimskip og Samskip haldi að sér höndum og leggi áherslu á að halda verðum uppi“. Þetta gekk eftir á árinu 2012. Samskip og Eimskip hækkuðu verð og í glærum frá 1. október 2012, sem kynntar voru stjórn Samskipa, sagði: „Samskip has *not* lost a significant customer to the competition in 2012“.
10769. Ljóst er að haustið 2012 rékti ekki sama víska og áður um að „ró“ eða „friður“ myndi ríkja áfram á markaðnum, sbr. umfjöllun í köflum 14.45, 14.46 og 14.48 um atvik tengd Bauhaus, BYKO, Búr og áætlanagerð fyrirtækjanna fyrir árið 2013. Þannig sýna samtímagögn tengd áætlunargerð fyrir árið 2013 að Samskip töldu mögulegt að þurfa að lækka verð á árinu 2013 til þess að halda mikilvægum viðskiptavinum. Í eftirfarandi umfjöllun verður sýnt fram á að þetta gekk eftir og samkeppni jókst talsvert á árinu 2013. Er þetta í samræmi við sátt Samkeppniseftirlitsins og Eimskips þar sem fram kemur m.a. að samráð Samskipa og Eimskips um skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum „*var umfangsminna á lokaári rannsóknartímabilsins (á árinu 2013)*.“ Hið sama gilti um verðsamráð fyrirtækjanna.
10770. Verður í þessum kafla fjallað um atvik á árinu 2013 sem gefa til kynna að dregið hafi úr þeim „friði“ eða „ró“ sem hafði ríkt á milli Samskipa og Eimskips á árunum áður. Þetta þýðir ekki að samráðinu hafi að öllu leyti lokið á árinu 2013 heldur leiddu ýmsar aðstæður til þess að það dró úr umfangi þess. Hafa ber þannig í huga að framkvæmd annarra þátta í samráði Samskipa við Eimskip hélt áfram a.m.k. út árið 2013, sbr. umfjöllun hér síðar.

21.3.1. Samskip hefja „sókn“ gegn Eimskip í upphafi árs 2013

10771. Fyrirliggjandi gögn málsins sýna að í lok árs 2012 og í upphafi árs 2013 hafi innan Samskipa hafist undirbúningsvinna fyrir söluherferð eða „sókn“ í viðskiptavinum Eimskips. Líkt og ítarlega hefur verið rakið í ákvörðun þessari var ekki lögð áhersla á slíka þætti starfseminnar eftir að samráð fyrirtækjanna hófst í júní 2008 og „friður“ komst á milli þeirra. Samráðið gerði Samskipum þvert á móti kleift að hafa ekki áhyggjur af samkeppnisaðgerðum frá Eimskip og var á þeim grunni unnt að leggja til grundvallar við áætlunargerð að markaðshlutdeild héldist óbreytt, halda ætti mikilvægum viðskiptavinum og samtímis viðhalda eða hækka verð.
10772. Eftirfarandi gögn sýna ekki aðeins fram á að á þessum tíma, í upphafi árs 2013, hafi ólögmæt markaðsskipting Samskipa og Eimskips um mikilvæga viðskiptavini byrjað að fjara út heldur sýna þau einnig mjög skýrlega fram á það ólögmæta og skaðlega ástand sem samráðið skapaði á meðan „*friðurinn*“ rékti, þ.e. þegar fyrirtækin höfðu að mati Samkeppniseftirlitsins vissu fyrir því að ekki yrði sóst eftir viðskiptum við þeirra stærstu viðskiptavini, hvors um sig. Ber að hafa þetta í huga og er gagnlegt að gera nánari samanburð á samtímagögnum í máli þessu.
10773. Af tölvupósti sem (S)forstj sendi (S)viðskstj2 í lok nóvember 2012 er ljóst að hefja átti átak í skipulagningu á sölustarfi í inn- og útflutningsdeildum Samskipa.⁵⁸²⁸ Í tölvupóstinum sagði (S)forstj t.a.m. að hann teldi vert að „*við strúktúrerum sölustýringu á markvissari máta*“ og að gerðar yrðu mánaðarlegar skýrslur sem myndu m.a. innihalda svokallaða „*Plus/minus lista*“, Funnel lista fyrir Samskip og samkeppnina og „*Nýtt/tapað*“ lista.⁵⁸²⁹ Svo sagði (S)forstj:

⁵⁸²⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.626658.

⁵⁸²⁹ Funnel listi er hugtak sem sést notað í gögnum Samskipa. Var um að ræða lista yfir mögulega viðskiptavini sem átti að gera ásókn í að taka frá Eimskip.



„Við höfum unnið með ofangreint í gegnum árin, og hefur slaknað á, en það svo gott sem allt til staðar og um að gera að koma í skilgreindan farveg, þá er hluti ma af strúktúr að vera með samningslengd á kúnnum samkeppninnar og mat á magni á funne listum, sem eru updated mánaðarlega.“

10774. Framangreind ummæli (S)forstj benda að mati Samkeppniseftirlitsins til þess að Samskip hafi ekki lagt áherslu á samkeppnislegar aðgerðir (sölustýringu eða sölustarf) á þessum tíma, þ.e. á árunum 2008-2012, enda fyrirtækið í samráði með Eimskip um m.a. að halda „frið“ á markaðnum og því ekki þörf á samskonar sölustarfi af þessu tagi. Sú ákvörðun forsvarsmanna Samskipa að endurvekja framanritað sölustarf er til vitnis um að á þessum tíma hafi fyrirtækin undirbúið sig undir að samkeppni myndi senn koma í stað samráðs. Skýr samtímagögn Samskipa frá árinu 2013 renna frekari stoðum undir þetta.

10775. Sunnudagskvöldið 9. desember 2012 sendi (S)forstj sjálfum sér eftirfarandi minnislista undir yfirskriftinni „Áherslur 2013“:⁵⁸³⁰

„[...]“

VM, na i nýtt magn

Millilandasvið-na i thad magn sen við vorum með, nýja bita, færeyjar, grænmeti.. Grunnur að frsmtið, annað óhjákvæmilegt, undirbúa olíu slóðir etc

Samkeppni a markaði

Frysti skip, marka sporin, vöxtur i noregi hvitfiskur“

10776. Að mati Samkeppniseftirlitsins má af framanrituðum áherslupunktum (S)forstj fyrir árið 2013 greina breytingu á stefnu Samskipa á markaði fyrir það ár. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru þessi atriði í takt við þá þróun sem átti sér stað á markaðnum á þessum tíma, þ.e. aukin áhersla á að „ná í nýtt magn“ og „nýja bita“ og að gert sé ráð fyrir „Samkeppni á markaði“.

10777. Þann 17. janúar 2013 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)frkvstj-Jóna þar sem hann sagðist eiga fund með „strákunum“ sínum daginn eftir til að „leggja línurnar með það hvaða viðskiptavinum Eimskips við viljum herja á.“ Með „strákunum“ átti (S)forstö-innfl1 væntanlega við viðskiptastjóra hjá Samskipum. (S)forstö-innfl1 kvaðst vera með lista yfir 300 viðskiptavinum sem hann ætlaði að fara yfir með viðskiptastjórunum en vildi fara yfir hann með (S)frkvstj-Jóna til að „koma í veg fyrir árekstra“.⁵⁸³¹

10778. Á dagskrá framangreinds vinnufundar (S)forstö-innfl1 með viðskiptastjórum 18. janúar 2013 var m.a. eftirfarandi liður: „Viðskiptavinir samkeppnisaðila“ ásamt liðnum „Sóknartækifæri í USA LCL“.⁵⁸³²

10779. Nokkrum dögum síðar spurði (S)viðskstj, einn þeirra viðskiptastjóra sem viðstaddur var nefndan fund, hvar hann gæti fundið „listann yfir þau fyrirtæki sem við ætluðum að kíkja á?“ (S)forstö-innfl1 sagði að hann ætti eftir að „vinna hann aðeins og fá formlegt samþykki fyrir þessari herferð okkar.“ Sagði (S)forstö-innfl1 að það kæmi á næstu dögum og þá myndi hann senda listann og „við keyrum á þetta.“⁵⁸³³

⁵⁸³⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1082967.

⁵⁸³¹ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1049730. Hér má geta þess að 5. desember 2012 lagði [...] til við [...] að hann myndi bóka mánaðarlega fundi þar sem þeir tveir myndu fara yfir „stöðuna“. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1038683. Á fundunum átti að fara yfir eftirfarandi atriði:

„1. Förum í gegnum viðskiptavina listann, hvernig gengur, hver er samningsstaða þeirra, hverja þarf að heimsækja o.s.frv.

2. Ræðum önnur verkefni og ábyrgðarsvið

3. Almenn um starfið og önnur mál“

⁵⁸³² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.12934.

⁵⁸³³ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1051919.



10780. (S)forstj boðaði síðan þá (S)viðskstj2, (S)forstö-útfl og (S)forstö-innfl1 á fund þann 25. janúar 2013 og sagðist vilja fara yfir eftirfarandi þætti:⁵⁸³⁴

„Magn árið 2012 versus 2011, niður á vöruflokka

Magn árið 2012 versus áætlun 2012, niður á vöruflokka

+/- listi fyrir árið 2012 (taka sérstaklega út tapaðir og nýir viðskiptavinir)

Staða á samningum stærstu viðskiptavina - top 30 kúnnnum infl/utfl

Staða á samningum stærstu viðskiptavina hjá EI / öðrum

Markaðshlutdeild - staða á vinnu með hagstofunni,

Útlit og horfur með magn í janúar."

10781. Gera má ráð fyrir að rætt hafi verið á fundinum um umræddan lista yfir þau fyrirtæki sem Samskip höfðu í hyggju að sækja á og ná frá Eimskip, sbr. umræðupunkturinn „*Staða á samningum stærstu viðskiptavina hjá EI / öðrum*".

10782. Þennan sama dag, 25. janúar 2013, sendi (S)forstj tölvupóst til (S)forstö-innfl1 með heitinu „*kúnnar*". Þar tiltók hann að umræðuefni á fundi þeirra á næstkomandi mánudegi yrði m.a. stórir viðskiptavinir Eimskips eins og „*Ikea*".⁵⁸³⁵

10783. Næsta mánudag, 28. janúar 2013, fyrir fund (S)forstj og (S)forstö-innfl1, sendi sá síðarnefndi þeim fyrrnefnda tölvupóst með gögnum varðandi fundinn. Í viðhengi var skjal þar sem m.a. voru tilteknir allra stærstu viðskiptavinir Eimskips í innflutningi (A-viðskiptavinir). Einnig var þar „*Target listi*" þar sem tilteknir voru stórir viðskiptavinir Eimskips sem átti að sækja á og þeim skipt niður á viðskiptastjóra Samskipa.⁵⁸³⁶

10784. Eins og ítarlega hefur verið rakið í ákvörðun þessari fólst samráð Samskipa og Eimskips m.a. í því að forðast að keppa um stóra og mikilvæga viðskiptavini hvors annars. Samráðið tók hins vegar mun síður til viðskipta minni og meðalstórra viðskiptavina. Sjá má í þessu skjali Samskipa að önnur áhersla var komin í starfsemi fyrirtækisins.

10785. Önnur gögn staðfesta framangreind atvik. Tveimur vikum síðar eða þann 7. febrúar 2013 boðaði (S)forstö-innfl1 viðskiptastjóra á fund undir yfirskriftinni:

*„Markaðurinn – sókn gegn Eimskip“.*⁵⁸³⁷

10786. Áfram hélt þessi samkeppnislega stefnumörkun innan Samskipa. Þann 12. febrúar 2013 átti (S)forstj fund með (S)forstö-innfl1 og (S)starfsm þar sem ræða átti „*mánaðarlegt report varðandi innflutning*" o.fl. Sagði (S)forstj í tölvupósti sínum til (S)forstö-innfl1 og (S)forstj að skýrsla þessi ætti að vera tilbúin fimmta hvers mánaðar og innihalda m.a. eftirfarandi upplýsingar:⁵⁸³⁸

⁵⁸³⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1053062.

⁵⁸³⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1097695.

⁵⁸³⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1053789.

⁵⁸³⁷ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1057909.

⁵⁸³⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1059416.



„75 stærstu viðskiptavinir einingar – tekjur/magn/einingaverð – versus áætlun (eða raun sl ári) (passi á eina blaðsíðu), bæði mánuður og YTD.

+/- listi, sama og ofan, bæði mánuður og YTD

Tapað / nýtt – listi yfir raunverulega nýjan viðskiptavin eða tapaðan (+/- sýnir breytingar, en þær geta verið af öðrum ástæðum en þeim að við náðum í, eða töpuðum viðskiptum – eðlismunur hér á)

Magn per vöruflokk, ytd og mánuður

Viðskiptavinir per vöruflokk – 25 stærstu per vöruflokk, og svo aðrir, og svo heild

Markaðshlutdeild – ræðum frekar..

Það sem ég myndi jafnframt vilja að kæmi með, er eftirfarandi:

Skipting viðskiptavina niður á viðskiptastjóra – A/B/C skipting

Staða á samningum – 50 eða 100 stærstu viðskiptavina

Viðskiptavinir samkeppninnar – tekjur/magn/expire

Target listi

Ræðum vel nú á eftir.....⁵⁸³⁹

10787. Þann 25. febrúar 2013 var fyrirhugaður framkvæmdastjórafundur hjá Samskipum. Á meðal punkta sem (S)forstö-innfl1 lagði til að ræddir yrðu á fundinum var „Sölustarf í innflutningi – target list“.⁵⁸⁴⁰ Gögn málsins sýna að sá dagskrárliður fór á endanlega dagskrá fundarins.⁵⁸⁴¹
10788. Á heimasvæði (S)forstö-innfl1 fannst jafnframt skjalið „Target í innflutningi 2013“.⁵⁸⁴² Hann sendi það m.a. til (S)forstj, (S)starfsm og afrit til (S)frkvstj-fjárm 22. febrúar 2013, líklega í tilefni af umræddum framkvæmdastjórafundi sem fyrirhugaður var þremur dögum síðar, ásamt eftirfarandi skilaboðum:

„Hér er listinn. Þetta er skipt upp í target A og target B.“

⁵⁸³⁹ „Target list“ var listi yfir viðskiptavini sem átti að sækja á og gera tilraun til að ná í viðskipti.

⁵⁸⁴⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1064298.

⁵⁸⁴¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.657654.

⁵⁸⁴² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1065443.



Viðsk.stj.	Forgangur	Fyrirtæki	Viðsk.stj.	Forgangur	Fyrirtæki
	A	Bakkus		B	Arctic Trucks
	A	Bernhard		B	Axis Húsgögn
	A	BL ehf		B	Baader Ísland ehf
	A	Bruggsmiðjan		B	Dressmann
	A	Eðal Katla		B	EG Skrifstofuvörur
	A	ELKO		B	Freyja ehf
	A	Ferro Zink / Sandblástur Málmhúðun		B	Frihöfnin
	A	Guðmundur Arason		B	Globus
	A	Hampiðjan		B	Gluggar og garðhús
	A	Hvítlist / Sappi		B	Gluggasmíðjan ehf
	A	Ikea		B	H Hauksson
	A	INNEN EHF.		B	Harðviðarval / Egill Árnason
	A	John Lindsey		B	Héðinn
	A	Lifland		B	Innréttingar og tæki
	A	Logaland		B	Johan Rönnung
	A	Mata		B	Kaffitár
	A	Norske Skog		B	Lúmex
	A	Rafha		B	Pfaff-Borgarljós
	A	Samhentir VGI ehf		B	PON PÉTUR O.NIKULÁSSON (PON)
	A	Skorri		B	R Sigmundsson
	A	Sláturfélag Suðurlands		B	RB Rúm
	A	Smith og Norland		B	Varma og vélaverk
	A	Verkfæralagerinn		B	Vélar og verkfæri
	A	Ömmubakstur		B	Vórukaup ehf
	A	Örninn Hjól		B	Þ ÞORGRÍMSSON OG CO EHF

10789. Samkeppniseftirlitið telur ljóst að framanritaður listi sé sá sem (S)forstö-innfl1 vísaði til, þann 5. desember 2012, að væri í vinnslu og þyrfti samþykki fyrir. Tólf af þeim fimmtíu fyrirtækjum sem tiltekin eru á listanum voru á árinu 2012 á meðal fimmtíu stærstu viðskiptavina Eimskips. Þar af voru fimm þeirra á meðal tuttugu stærstu viðskiptavina Eimskips.⁵⁸⁴³
10790. Samkeppniseftirlitið vekur athygli á því að slíkir „Target listar“ (þar sem fjallað var um að herja á mikilvæga viðskiptavini Eimskips) hafa ekki fundist í gögnum Samskipa frá þeim tíma þegar samráðið og markaðsskiptingin stóð sem hæst, þ.e. frá því „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst um mitt ár 2008 og til loka árs 2012. Ber hér að hafa í huga að hugmyndir um „herferð“ gegn Eimskip höfðu síðast komið fram hjá Samskipum í maí 2008 en ekkert varð af þeirri herferð enda hófst „Nýtt upphaf“ verkefnið í júní 2008.
10791. (S)forstj sendi tölvupóst til (S)forstö-innfl1, (S)viðskstj2 og (S)starfsm þann 6. mars 2013 í tilefni af gerð innflutningsskýrslu fyrir febrúarmánuð. Setti hann fram nokkrar tillögur og athugasemdir, þ.á.m. eftirfarandi:

„Viðskiptavinir samkeppninnar – bls 10

-þetta listi þarf að vera til staðar í innfl/útfll/L-S, þarf ekki að vera hluti af mánaðarlegri skýrslu, en þó vert að hafa þegar við erum að koma okkur af stað

⁵⁸⁴³ Sbr. afhentan lista yfir 50 stærstu viðskiptavini Eimskips. Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 23.03.2015. „Fskj. 5. 50 stærstu“.



-Þessi listi þarf að vera mun lengri, þe fjölda kúnna, sem og innifela áætlaðar frakttækjur og magn og ábyrgðaraðila frá okkur⁵⁸⁴⁴

10792. Orðalagið „en þó vert að hafa þegar við erum að koma okkur af stað“ gefur að mati Samkeppniseftirlitsins ótvírætt til kynna að Samskip hafi verið að hefja herferð eða sókn á markaði og að slík sókn hafi þá ekki átt sér stað um langt skeið. Samræmist þetta niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um samráð Samskipa og Eimskips að þessu leyti fram til byrjunar árs 2013.

10793. Samkvæmt fundargerð frá fundi framkvæmdastjóra Samskipa þann 15. mars 2013 var rætt um sóknaraðgerðir Samskipa gagnvart mikilvægum viðskiptavinum Eimskips. Kom m.a. fram:

„Markaðurinn, þar er stríð“.

10794. Undir liðnum verk í vinnslu stóð m.a.: „[...] eigum við að kæra Eimskip?“. Síðar segir „Ákveðið að kæra, (S)frkvstj-fjárm tekur málið“.⁵⁸⁴⁵

10795. Í fundargerð frá fundi framkvæmdastjóra Samskipa (mættir voru m.a. (S)forstj og (S)forstö-innfl1) 25. mars 2013 kemur eftirfarandi fram sem rennir frekari stoðum undir að „friðurinn“ milli Eimskips og Samskipa væri byrjaður að fjara út á þessum tíma:

„Farið yfir heildarkynningu á febrúaruppgjöri. Endurnýjun á samningum, verð eru lægri og tilboð eru lægri, beiðnir um að taka upp samninga sem eru í gangi. Verð eru niður á við. [...]“

10796. Á sama fundi var samkvæmt fundargerðinni rætt um innflutning á bílum til Íslands. Sú umfjöllun endurspeglar að mati Samkeppniseftirlitsins það sama, þ.e. að „friðurinn“ við Eimskip væri byrjaður að fjara út, sbr.:

„Bílamarkaðurinn

Verðum að taka einhver. Hekla er út árið, allt upp í loft þar, Hvað með Brimborg? Ameríkan hefur minnkað, Danmörk og Rotterdam mest. [...] í Bernhard erfiður, (S)forstö-innfl1 tekur fund með honum. BL ekki en eftir ár, einnig Suzuki og Benni. Toyota um næstu áramót, ýta á þá til að fara í útboð, unnið frá Brussel. Brimborg mesti sénsinn, búið að leysa lóðarmál fyrir norðan, þau stóðu í honum. Tekur 1 ár að ná svona viðskiptum, skipta ekki svo glatt.

[...]

Ameríka-Noregur-markaður

[...], AB þarf að ná utan um joc-lista. þarf að ýta við (S)frkvstj-N-Am varðandi LCL magnið, mikið framundan í Ameríku. Þurfum að gera eitthvað úr þessu, setup aðra hverja viku, senda á kunnana með [...] Listarnir geta nýst í þetta. Það þarf að endurskoða setup í Ameríku, auka hvatann, hann er ekki til staðar í dag. Hann á að berja á línunum og fá lægri verð. Ræða við [(S)starfsm], hvaða tækifæri sjá þeir? Flyer, kynningarefni til að fara með til kúnna, senda til þeirra og fara svo í heimsókn? (S)forstj/(S)viðskstj2 tala við (S)forstö-umb.erl.⁵⁸⁴⁶

10797. Slíkar lýsingar á samkeppnisaðgerðum er almennt ekki að finna í samtímagögnum Samskipa þegar samráðið stóð sem hæst. Samræmist það niðurstöðu um samráðsbrot Samskipa. Leggja skal áherslu á að hér er um sömu stjórnendur að ræða hjá Samskipum og höfðu ríka aðkomu að samráði við Eimskip ((S)forstj, (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-N-Am).

⁵⁸⁴⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.660915.

⁵⁸⁴⁵ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 22.11.2016, viðauki 8. Fundargerðir framkvæmdastj.funda 2013. „Vika 11“.

⁵⁸⁴⁶ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 22.11.2016, viðauki 8. Fundargerðir framkvæmdastj.funda 2013. „Vika 12“.



getað haft alvarlegar afleiðingar. Það sé ástæðan fyrir því að áhersla Samskipa á tímabilinu hafi verið að „halda sjó“.

10802. Ekki er unnt að fallast á þetta en um þessi sjónarmið Samskipa og fleiri er fjallað í kafla 32.

21.3.2. „Grænlenkir veiðidagar“

10803. Um miðjan maí 2013 sendi (S)forstö-landfl tölvupóst til (S)forstö-innfl1 vegna viðskipta Olís við Samskip. Í póstinum sagði:⁵⁸⁴⁹

„Ég settist niður með [...] í Olís eftir golfkennsluna. Hann sagði mér að Eimskipamenn væru að hringja í hann reglulega og minna hann á að það stýttist í að samningar losni og þeir geti boðið honum ódýrari flutninga. Satt eða logið skal ósagt látið en við ræddum um að setjast niður fljótlega til þess að ræða framhald á samstarfi. Hann sagðist þurfa að komast undan þessum símhringingum. Olís þarf því að fara inn á short listann okkar og lokast fyrir grænlenku veiðidagana.“

10804. (S)forstö-innfl1 tók undir framanritað og sagði að það væri „Ekki spurning. þurfum að loka þessu.“ Kvaðst (S)forstö-innfl1 vilja „loka“ N1 áður en Samskip færu í Olís og sagðist ætla að hitta N1 eftir tæpa viku.⁵⁸⁵⁰

10805. Að mati Samkeppniseftirlitsins má telja ljóst að (S)forstö-landfl hafi með tilvísun til „grænlenkra veiðidaga“ verið að vísa til skipulagðrar herferðar eða sóknar gagnvart viðskiptavinum Eimskips sem fjallað hefur verið um hér að framan. Til upprifjunar hafa Samskip vísað til „grænlenkra verða“ þegar gefa á viðskiptavinum samkeppnishæf verð miðað við verð Eimskips eða lægri verð en ella. Fyrir tíma „Nýtt upphaf“ verkefnisins var t.a.m. rætt um „grænlenka daga“ og „herferð“ þegar til stóð að bjóða mikilvægum viðskiptavinum Eimskips lág verð með það að markmiði að ná þeim í viðskipti, sbr. kafla 6.7.6.1. Vísast einnig til umfjöllunar í kafla 14.35.3 um atvik tengdum Innnes þar þetta hugtak er notað í þessu samhengi.

10806. Í samhengi við framanritað er rétt að geta þess að í janúar 2013 óskaði Sláturfélag Suðurlands (SS) eftir tilboði frá Samskipum í flutninga sína, inn- og útflutning ásamt landflutningum, en SS var á framangreindum „Target lista“ (S)forstö-innfl1, sbr. umfjöllun hér að framan. Viðbrögð (S)forstö-innfl1 í tölvupósti til (S)viðskstj2, (S)viðskstj1, (S)forstö-útfl og (S)rekststj-landfl2 voru eftirfarandi:⁵⁸⁵¹

„Við skulum fara á fullt í að stilla upp skörpum verðum í þetta.

(S)viðskstj1 þú tekur grænendinginn í innflutningi

(S)starfsm þú útnefnir einhvern snilling í útflutningi

(S)viðskstj2 fer stillir upp landflutninga pakkanum.

Vinum í þessu út vikuna og stefnum á að senda eitthvað frá okkur strax eftir helgi.“

10807. Að mati Samkeppniseftirlitsins er þetta eitt dæmi þess að samanburður á háttsemi Eimskips og Samskipa gagnvart mikilvægum viðskiptavinum á annars vegar árunum 2008-2012 og hins vegar á árinu 2013 endurspeglir skýrlega hina ólögmetu markaðsskiptinguna á fyrra tímabilinu.

⁵⁸⁴⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.591072.

⁵⁸⁵⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.592543.

⁵⁸⁵¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1053678.



21.3.3. Áherslubreytingar á árunum 2013 og 2014

21.3.3.1. „Barátta í verðum“ og „Mjög hörð samkeppni“

10808. Í upphafi árs 2013 fór að gæta meiri óvissu hjá Eimskip um verðhegðun Samskipa á flutningamarkaðnum, samanborið við lýsingar og ummæli í gögnum frá þeim tíma er samráð fyrirtækjanna stóð sem hæst, sbr. t.a.m. fundargerðir af fundum (E)frkvstj-sala/pj og (E)forstö-sölud og LIS-deildarinnar árin á undan. Líkt og rakið hefur verið víða í kafla 14 mátti þar sjá endurtekin fyrirmæli og áherslur um að viðhalda og hækka verð gagnvart viðskiptavinum án þess að gera þyrfti ráð fyrir viðbrögðum frá helsta keppinautum.

10809. Af minnislista (S)forstj sem hann sendi sjálfum sér 10. febrúar 2013 má ráða að á þessum tíma hafi orðið vart við lægri einingaverð á markaðnum og Samskip haft í hyggju að undirbúa sókn í „næstu bita“, sbr. umfjöllun um sókn gegn Eimskip hér að framan. Var það m.a. sett fram í samhengi við breytingar á skipakerfi fyrirtækisins. Nánar tiltekið sagði m.a.:

„Millilandasvið

-Usa rúta

-Costa undirbúningur (er hætta á leka – svar EI ?)

-samanburður Arn/Heg

-Vogabakki / Björgun

-e box

-kaup á skipum, staða almennt

-lækkun einingaverða á samkeppnina ? næstu bitar ?

Samkeppniseftirlit⁵⁸⁵²

10810. Á fundi LIS-deildar Eimskips níu dögum síðar, 19. febrúar 2013, var rætt um helstu mál þeirrar viku. Samkvæmt fundargerð af fundinum var m.a. rætt um eftirfarandi:

„Hvernig stöndum við gagnvart keppinautum í verðum og lausnum m.v. nýjar forsendur?“⁵⁸⁵³

10811. Með hliðsjón af öðrum gögnum málsins telur Samkeppniseftirlitið að með „nýjum forsendum“ sé vísað til breytinga á siglingakerfi Samskipa og þess að dregið hafði úr samráði við Samskip um mikilvæga viðskiptavini. Þar með hafði óvissa aukist á markaðnum og nauðsynlegt fyrir Eimskip að endurmeta verðstefnu sína og þjónustu gagnvart viðskiptavinum.

10812. Í glærukynningu sem (E)forstö-sölud sendi (E)frkvstj-sala/pj 26. febrúar 2013 er jafnframt ljóst að aukin samkeppni var hafin á flutningamarkaði, sbr. eftirfarandi umfjöllun:

○ „Töpuð / Unnið


⁵⁸⁵² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1105540.

⁵⁸⁵³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „LIS fundur_2013_Vika 8“. Vistað á sameiginlegu tölvudrifi Samskipa, dags. 20.02.2013, kl. 13:17.



- *Ekki mikil hreyfing en mikil varnarbarátt [svo] og því barátta í verðum*
- *Mjög hörð samkeppni*⁵⁸⁵⁴

10813. Í stöðuskýrslu Eimskips, sem fannst í tölvugögnum ([E\)frkvstj-sala/þj](#)), fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins, sem uppfærð var í apríl 2013, má greina sterkar vísbendingar um að í upphafi árs 2013 hafi dregið úr þeim þætti samráðs Samskipa við Eimskip sem tók til markaðsskiptingar um mikilvæga viðskiptavini. Eftirfarandi er glæra úr kynningunni en þar er vísað til þess að innflutningurinn sé „varnarbarátta“:



Ný viðskipti - tækifæri

- Innflutningurinn er fyrst og fremst varnarbarátta en ...
 - Hekla
 - Reykjargarður
 - Frjó
 - Projects og gagnagerð að taka við sér
- Útflutningurinn
 - Lausnir inn á Pólland að koma fyrsta viðkoma 24. apríl með því opnast stærri dyr hjá ...
 - Samherja og Síldarvinnsluinni, Iceland Pelagic (Ísfélagið og Skinney), HB-Granda, VSV, Huginn, Gjögur, Brim, Iceland Seafood, Icelandic og aðrir sem eru í afurðum inn á þetta svæði – Þetta mun bara vaxa!
 - Síðan fer útflutningurinn að taka við sér í sumar og haust

22.10.2019 5

10814. Á annarri glæru í þessari kynningu Eimskips sagði jafnframt eftirfarandi:

„Thorship, S-line og aðrir að láta finna fyrir sér, ferjan [BWS] með aukningu í IMP sem þeir voru eingöngu í að takmörkuðu leiti í fyrra.“

10815. Í samantekt glærukynningarinnar kemur auk þess fram að mikill þrýstingur sé á verð, sbr. eftirfarandi glæru: ⁵⁸⁵⁵

⁵⁸⁵⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „[...]“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.451349.

⁵⁸⁵⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.189302.



Samantekt

- Umfram afkastageta í markaðnum
- Markaðurinn að kalla á hagræðingu og lægri verð
- Mikill þrýstingur á verð
- Thorship, S-line og aðrir að láta finna fyrir sér
- Þjóðfélagið ekki almennilega komið í gang
- Trú á að sumarið verði ekki svo slæmt og frá og með haustinu fari hlutirnir að taka við sér – Meðal annars vegna;
 - Ný ríkisstjórn
 - Aukin atvinnusköpun
 - Framkvæmdir; gagnagerð og stóriðja

22.10.2019

6

10816. Samkvæmt glærunni leiddi aukið flutningsframboð til aukinnar samkeppni. Sem fyrr segir leiddi þetta m.a. til þess að það dró úr þunga samráðsins. Er það jafnframt í samræmi við sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið þar sem Eimskip viðurkennir að hafa átti í samráði við Samskip sem fólst í markaðsskiptingu eftir stærri viðskiptavinum en að það hefði orðið umfangsminna á árinu 2013.

10817. Í uppfærðri stöðuskýrslu (E)frkvstj-sala/þj fyrir sama tímabil, sem uppfærð var í júní, kom eftirfarandi jafnframt fram: „Almennt séð er árið að byrja illa tengist m.a. Kosningum , slæmu veðurfari og aukinni samkeppni“.⁵⁸⁵⁶

10818. Á glæru nr. 2 (um útflutning) kom m.a. fram:

„Strandflutningur S-line hefur verið að stríða okkur“.

10819. Þann 3. maí 2013 var haldinn framkvæmdastjórafundur hjá Samskipum. Á fundinn voru mættir þeir (S)forstj, (S)viðskstj2, (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-fjárm. Í fundargerð kemur eftirfarandi m.a. fram:⁵⁸⁵⁷

„Samkeppnin

Eimskip eru aggressífir, (S)viðskstj2 fór yfir drög að kvörtun til samkeppniseftirlits, þurfum að senda rauntölur fyrir Sundahöfn. Það er til 2-3ja ára ákvörðun um að þeir séu markaðsráðandi. Tökum samstæðuna, ekki bara Eimskip Ísland. Tökum saman tölur um hafnarkostnað o.fl. Þössum upp á það sem við setjum sem trúnaðarmál svo þeir fái ekki aðgang að öllum gögnum. Samkeppni að aukast á agency markaðnum, á líka við um herskip, verð lækka hratt. Megum ekki missa hlutdeild á þessum markaði, tökum verðlækkunum frekar, en missum þetta ekki.“

10820. Á fundi framkvæmdastjóra Samskipa (mættir: (S)forstj, (S)forstö-innfl1, (S)viðskstj2 og (S)frkvstj-fjárm) 10. maí 2013 var samkvæmt fundargerð rætt um samráð Samskipa og Eimskips í Norður-Ameríku

⁵⁸⁵⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „SCS stöðuskýrsla uppfærð jan-mars(jun) 2013.pptx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.150364.

⁵⁸⁵⁷ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 22.11.2016, viðauki 8. Fundargerðir framkvæmdastj.funda 2013. „Vika 18“.



flutningum. Umræðan er í samræmi við önnur samtímagögn Samskipa frá þessum tíma, þ.e. „sóknargír“ og samkeppni gagnvart Eimskip, sbr. umræðu um flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku:

- **USA markaður**

Búa til lista, hver er markaðurinn? [(S)forstö-innfl2] setur [(S)frkvstj-N-Am] í málið, fáum markaðsgreiningu. (S)viðskstj2 kemur verkefni í gang, hafa skýran tímaramma.
[...]

- **USA markaður**

- samningur við EI [Eimskip], (S)viðskstj2
- Markaðsgreining og aðgerðarplan, (S)viðskstj2/(S)forstö-innfl2
- Noregur Ameríka, (S)starfsm⁵⁸⁵⁸

10821. Á fundi framkvæmdastjóra Samskipa (mættir voru (S)forstj, (S)forstö-innfl1, (S)viðskstj2 og (S)frkvstj-fjárm) 10. júní 2013 var samkvæmt fundargerð m.a. rætt um stöðuna á markaði:

„IS [Ísland], Steinullarverksmiðjan, Grandi, Innnes, náum við að sinna okkar og búa til nýtt? Húsasmiðjan og pappírinn, 6% hvor um sig. Eimskip vill pappírinn. Hampiðjan, góð verð, en það má fara neðar en það. Þurfum að kvitta fyrir í grófvörunni og klára Lífland. Landflutningar eru ekki samkeppnishæfir í heimakstri. Höfum sömu staðla og hinir, en þeir gera betur. Þjónustustaðlarnir okkar, sendibílarnir og gámagrindurnar ekki nægilega gott, þurfum að laga þetta. (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-landfl reikna út hvað þarf til að koma þessu í stand. Búnaður orðinn ljótur og gamall. Lögum þetta. Vörumiðlun á tæki og hefur lánað okkur. Við verðum að standa okkur, hinir eru með samkeppnisforskot, við þurfum betri stýringu á öllu batteríinu, þarf að endurskoða þau mál.“⁵⁸⁵⁹

10822. Á fundi framkvæmdastjóra Samskipa (mættir voru (S)forstj, (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-fjárm) 19. júní 2013 var samkvæmt fundargerð m.a. rætt um uppgjör Samskipa fyrir maímánuð:

„[...] Innflutningur 2% yfir í maí í teus og 1% yfir í tonnum, útfl 17% undir í teus og 15% undir í tonnum. 16% drop í einingaverðum í innf.

Einingaverð áhyggjuefni, það sem þarf að gera er: 1) greina kúnnaflóru, skoðun á henni, breytingar, 2) skoða einingaverð niður á vöruflokka eða kúnna, heildin en taka sér bíla og JT, janúar til maí, sjófrakt, thc.“⁵⁸⁶⁰

10823. Á fundi framkvæmdastjóra Samskipa (mættir voru (S)forstj, (S)forstö-innfl1, (S)viðskstj2 og (S)frkvstj-fjárm) 1. júlí 2013 var samkvæmt fundargerð rætt um verðstefnu Samskipa. Þar kom eftirfarandi fram: „þurfum að vanda okkur og gera vel.“⁵⁸⁶¹ Svo sagði jafnframt: „BAF hefur skilað meiru, en fellur hratt“.⁵⁸⁶²

10824. Í fundargerð stjórnar Samskipa Holding vegna fundar sem haldinn var 11. júlí 2013 sagði jafnframt að það væri áframhaldandi pressa á verð í innflutningi (e. *There continues to be pressure on prices, in all import segments*)⁵⁸⁶³, sbr. einnig eftirfarandi úr fundargerð af stjórnarfundi Samskipa Holding 7.

⁵⁸⁵⁸ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 22.11.2016, viðauki 8. Fundargerðir framkvæmdastj.funda 2013. „Vika 19“.

⁵⁸⁵⁹ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 22.11.2016, viðauki 8. Fundargerðir framkvæmdastj.funda 2013. „Vika_24“.

⁵⁸⁶⁰ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 22.11.2016, viðauki 8. Fundargerðir framkvæmdastj.funda 2013. „Vika_25“.

⁵⁸⁶¹ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 22.11.2016, viðauki 8. Fundargerðir framkvæmdastj.funda 2013. „Vika_27“.

⁵⁸⁶² BAF er olíugjald. Fjallað er um atvik því tengdu og samráð Eimskips og Samskipa í kafla 14.55.

⁵⁸⁶³ Afhent tölvuskjal frá Samskip Holding. Afhent þann 10.03.2017. „Minutes Samskip Holding Board Meeting 11 July 2013“.



nóvember s.á.: „Presentation also included overview for Eimskip and the competition with Eimskip which has probably not been harder for many years now.“⁵⁸⁶⁴

10825. Að mati Samkeppniseftirlitsins bendir framanritað til þess að markaðsskipting Samskipa og Eimskips hafi verið að renna sitt skeið. Ber að virða þessi gögn frá 2013 í samhengi við umfjöllun í samtímagögnum um aðstæður á mörkuðum á árunum á undan. Virt saman draga þessi gögn skýrt fram samráðið að þessu leyti fram til ársins 2013.

10826. Framangreint endurspeglast líka í fundargerðum LIS-deildar Eimskips (inn- og útflutningsdeild) frá árinu 2013. Eins og áður segir var t.a.m. til umræðu á fundi þann 10. apríl 2013 að það væri „*Búið að vera svolítið styr á markaðnum.*“ Sagði að nýja siglingaáætlunin „*ruglar hann talsvert, breytir landslaginu.*“ Fram kom að (E)forstö-sölud hefði beðið alla um að vera „*vakandi fyrir því að loka sem allra fyrst opnum samningum.*“⁵⁸⁶⁵ Af fundargerð LIS-deildar í lok maí 2013 sagði jafnframt að mikið rót væri á útflutningsmarkaðnum.⁵⁸⁶⁶

10827. Þá sagði eftirfarandi í fundargerð af LIS fundi innan Eimskips 27. ágúst 2013:⁵⁸⁶⁷

„*Aukin afkastageta í flutningum, samkeppni hörð. Ekki mikil bjartsýni hjá einstaka IMP viðskiptavinum.*“

10828. Af fundargerðum LIS deildar síðar á árinu 2013 má ráða að Eimskip hafi sótt í viðskipti stærri viðskiptavina Samskipa, sem ekki hafði þekkt árin á undan. Sem dæmi má nefna að í fundargerðum frá 21. júlí, 22. ágúst og 27. ágúst ásamt 9. október 2013 kemur fram að verið væri að vinna í stórum verkefnum, s.s. „*Toyota, Lífland, IKEA, Ölgerðin, Hekla og Suzuki*“ en á þeim tíma var Hekla einn stærsti viðskiptavinur Samskipa í innflutningi.⁵⁸⁶⁸ Enda sagði í fundargerð af LIS fundi Eimskips 5. nóvember 2013 að tiltekinn viðskiptastjóri væri að „*vinna í nokkrum félögum sem ekki hafa verið að flytja hjá EI*“.⁵⁸⁶⁹

10829. Fleiri gögn frá fyrirtækjunum á tímabilinu benda til hins sama. Í tölvupóstsamskiptum innan beggja fyrirtækjanna má t.a.m. sjá vísbendingar um „*óróa*“ í samráði fyrirtækjanna á þessum tíma.

10830. Þann 26. júlí 2013 sendi (E)viðskstj (viðskiptastjóri) tölvupóst til (E)frkvstj-sala/bj (afrit til (E)forstö-flutnmið) með heitinu „*verðlagsmál á tækjum og bílum*“.⁵⁸⁷⁰ Á þessum tíma voru (E)frkvstj-sala/bj og (E)forstö-flutnmið í orlofi en (E)viðskstj taldi rétt að upplýsa þá um atvik á markaði:

„*Get ekki orða bundist þar sem ég hef séð þvílík lág verð á vélar og tæki,*

Dæmi : Unimog 4500 kg 40,0 m3 EUR 320,00 veit um mörg önnur dæmi , lágt baf

T.d gámaflutning erum að alla vega ég að bjóða einstaklingum EUR 700 til 750 á 20 ft gám

⁵⁸⁶⁴ Afhent tölvuskjal frá Samskip Holding. Afhent þann 10.03.2017. „*Minutes Samskip Holding Board Meeting 7 November 2013*“.

⁵⁸⁶⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS fundur_2013_Vika 15*“. Fannst á sameiginlegu drifi Eimskips, síðast vistað 04.11.2013, kl. 21:44.

⁵⁸⁶⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS fundur_2013_Vika 22*“. Fannst á sameiginlegu drifi Eimskips, síðast vistað 28.05.2013, kl. 16:31.

⁵⁸⁶⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS fundur_2013_Vika 35*“. Fannst á sameiginlegu drifi Eimskips, síðast vistað 28.08.2013, kl. 10:39.

⁵⁸⁶⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS fundur_2013_Vika 34*“. Fannst á sameiginlegu drifi Eimskips, síðast vistað 22.08.2013, kl. 09:27. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS fundur_2013_Vika 35*“. Fannst á sameiginlegu drifi Eimskips, síðast vistað 28.08.2013, kl. 10:39. Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent 01.11.2016. „*LIS fundur_2013_Vika 41*“

⁵⁸⁶⁹ Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent 01.11.2016. „*LIS fundur_2013_Vika 45*“.

⁵⁸⁷⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] „*Verlagsmál á tækjum og bílum*“, dags. 26.07.-07.08.2013. Doc. ID. 0.7.33.257397 / 0.7.33.142643.



Nokkrar spurningar

A. Þurfum við að fara svona langt niður? Erum við ekki bara að keppa við Samskip .

B. Thorship er ekki að taka svona flutning er það? Eru þeir bara ekki í gámum?

C. Hver er framlegð af svona löguðu?

D. Kannski hefur þetta þróast svona undanfarið og engum dottið í hug að reyna að hífa þessi verð upp.

Setja á verkefnalistann þinn. Er hann ekki að verða ansi stuttur?

Við verðum að vera á tánum eins og bóndinn sem á mikið af beljum hugsa vel um þær, þvo spenana fyrir hverja mjólkun annars kemur bara mjólk sem skilar ekki miklum arði."

10831. (E)frkvstj-sala/þj svaraði þann 7. ágúst 2013:

„Takk [(E)viðskstj] fyrir þetta, ég er algjörlega sammála en samkeppnin í þessu hefur verið hörð en að sjálfsögðu eigum við alltaf að vera að reyna að hámarka það sem við getum verið að fá fyrir flutninginn! Ferjan hefur líka verið að bjóða í svona flutninga en þá þarf líka að koma tækjunum suður sem kostar líka slatta. Við (E)forstö-sölud setjum þetta á verkefnalistann.“

10832. Framangreind gögn gefa tvennt til kynna. Annars vegar eru þau vísbending um hina takmörkuðu samkeppni sem hafði verið milli Eimskips og Samskipa. Sökum hennar var (E)viðskstj mjög undrandi yfir lágu verði og verðsamkeppni („Erum við ekki bara að keppa við Samskip“). Hins vegar er þetta vísbending um „óróa“ í samráði fyrirtækjanna á þessum tíma. Engu er líkara en að (E)viðskstj myndist ákveðið stjórnleysi ríkja á markaðnum.

10833. Á árinu 2013 sendi (S)forstj tvo tölvupósta þar sem hann fjallaði m.a. um afkomu Samskipa. Í þeim sagði eftirfarandi:

- Í tölvupósti frá (S)forstj til (S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjform-S, sem sendur var 2. apríl 2013, segir (S)forstj að afkoma Samskipa á Íslandi hafi verið „afburða góð“ á árinu 2010. Einnig segir að „afkoma var einnig góð árið 2011 – hinsvegar finnst mér afkoma 2012 ekki hafa verið nægjanlega góða, og mér finnst áætlun fyrir 2013 ekki vera að sýna nógu góðar tölur.“⁵⁸⁷¹ Tölvupóstur þessi tengdist hvatakerfi fyrir stjórnendur. Minnt er á umfjöllun í kafla 14.37.5 um kaupaukakerfi fyrir forstjóra Samskipa sem var nátengt framkvæmd samráðsins.
- Þann 9. september 2013 sendi (S)forstj tölvupóst til m.a. (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-Jóna. Varðaði hann áætlanagerð fyrir árið 2014:

„Við erum að leggja af stað í áætlanagerð fyrir komandi ár – 2014.“

Við höfum séð afkomu félagsins fara niður á liðnum árum - árið 2010 var mjög gott ár, 2011 einnig, en síðan hefur afkoma sigið niður, á árinu 2012 og nú á árinu 2013.

Á sama tíma hefur vöxtur ekki verið í takt við væntingar- og það er fátt sem segir að árið 2014 verði líflegra en árin 2010-2013.

Við tókum vel til í rekstri eftir hruntíma á síðari hluta árs 2008 – þær aðgerðir færðu okkur á beinu brautina, strax á árinu 2009 og árið 2010 var eitthvert besta ár í sögu félagsins.

⁵⁸⁷¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1119489.



Markaður mun vaxa lítið á árinu 2014- og verð eru og verða áfram undir pressu.

Helsta leiðin til að bæta afkomu verður því fengin með því að ná sigrum á kostnaðarhlíðinni.

Það þarf að fara ígrundað í gegnum kostnaðarhlíðina nú samhliða áætlanagerð – bæði direct operating expences sem og indirect.

Það er afar mikilvægt að þið komið þessum skilaboðum til ykkar stjórnenda – við þurfum að fá kollega með okkur í lið – það þarf að gera betur, hugsa hlutina upp á nýtt, við getum ekki bara tekið á móti frekari kostnaðarhækkunum, lægri einingaverðum og séð afkomuna fara niður ár eftir ár – það er ekki ásættanlegt.⁵⁸⁷²

10834. Á verkefnalista (E)forstj fyrir þriðja ársfjórðung 2013 voru tekin saman helstu verkefni hversrar deildar Eimskips (skipt niður á framkvæmdastjóra). Þar má sjá verkefni sem að mati Samkeppniseftirlitsins eru í samræmi við önnur gögn um breytta hegðun Eimskips á markaði á árinu 2013, sbr. t.d. verkefni: „Sölu og markaðsátak“; „Markaðsátak í Portland USA“; „Áætlun um ný viðskipti v.s. Töpuð á Q3-4“ og og „Söluátak í strandsiglingum“. Samkvæmt skjalinu hafði (E)frkvstj-sala/þj lokið verkefninu „Samkeppnisumhverfið“ í febrúar sama ár.⁵⁸⁷³
10835. Þann 21. ágúst 2013 lágu fyrir drög að glærुकynningu hjá Samskipum vegna áætlunargerðar fyrir árið 2014 í innflutningi („Magn- og tekjuáætlun Innflutningur“). Í þeirri kynningu var m.a. fjallað um samkeppnina og áherslur í sölu á árinu 2014.⁵⁸⁷⁴

Umhverfið – Samkeppnin

- Áfram hörð samkeppni
- Íhuga vel næstu skref (næstu glærur)
- Endursamningar 10-15% - einingaverð
- Afsláttur á BAF algengt
- Lækkun á einingaverði hefur verið þróun, áskorun að halda við einingaverð án þessa að það bitni á samkeppnishæfni okkar

Samkeppnin	Miðlarar
Eimskip – 55-60%	Jónar
Samskip – 35-40%	TVG
Thorship – 3%	Ice Transport
Smyrill Blue Water – 2%	Schenker / Global Cargo
	Fraktmiðlun / Pósturinn
	DHL

samskip

⁵⁸⁷² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1152719.

⁵⁸⁷³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Verkefni ársins 2013-3rd quarter.xlsx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.330820.

⁵⁸⁷⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Áætlun 2014 - innflutningur 1 draft.potx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.708626.



10836. Til marks um það sem að framan er rakið, og mat eftirlitsins þess efnis að markaðsskipting Samskipa og Eimskips hafi á árinu 2013 byrjað að fjara út, þá vísast jafnframt til stjórnarfundar hjá Samskipum hf. 7. nóvember 2013. Í fundargerð kemur fram að á fundinum hafi verið rætt um uppgjör Samskipa frá janúar til september 2013 en **(S)forstj** sá um kynningu á þessum dagskrárlíð á fundinum. Í fundargerðinni kemur nánar tiltekið m.a. fram að „brýstingur“ hafi verið á „verð frá viðskiptavinum sem er að hafa veruleg áhrif á afkomu félagsins“.
10837. Segir jafnframt í fundargerðinni að „Landflutningar hafa verið að berjast í bökkum [...]“. „Búist er við að uppgjörð verði verulega undir áætlun ársins“. Til samanburðar má vísa til umfjöllunar í kafla 12.2.5.2, þar sem fjallað er um gögn sem renna stoðum undir það að þegar samráðið stóð sem hæst hafi forstjórar fyrirtækjanna verið mjög ánægðir með afkomuna.⁵⁸⁷⁵
10838. Í athugasemdum sínum vegna framangreinds ítreka Samskip fyrri sjónarmið sín þess efnis að aukin samkeppni á þessum tíma hafi komið til í kjölfar umframgetu í flutningum sem skýrist af stækkun skipakerfisins. Sú aukna samkeppni sem vísað er til í framangreindum gögnum er því ekki, að sögn Samskipa, tilkomin vegna þess að dregið hafi úr samráði á milli fyrirtækjanna enda hefði slíkt samráð ekki verið til staðar að sögn Samskipa. Líkt og fyrr segir er fjallað um þessi sjónarmið Samskipa í kafla 32.
- 21.3.3.2. Breyttar áherslur vegna samráðs í sjóflutningum
10839. Á rannsóknartímabilinu var til staðar samstarf á milli Samskipa og Eimskips um sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku annars vegar og Íslands og hafna í Evrópu hins vegar, svokallað „Neyðarsamkomulag“. Sem áður segir er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að umrætt samstarf hafi falið í sér brot á 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES samningnum. Þá hefur Eimskip viðurkennt, í undirritaðri sátt við Samkeppniseftirlitið, að hafa átt í ólögmetu samráði við Samskip á umræddu tímabili, um sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku annars vegar og Íslands og annarra Evrópulanda hins vegar þegar ekki var í gildi undanþága frá 10. gr. samkeppnislaga. Þetta samráð í sjóflutningum varði a.m.k. til ársloka árið 2013.⁵⁸⁷⁶
10840. Á þessu tímabili var einnig í framkvæmd samstarf um lán og leigu á gámum og hið leynilega „neyðarsamkomulag“ vegna Evrópuflutninga auk samkomulags varðandi sjóflutning Eimskips fyrir Jóna. Eins og fram hefur komið var Samkeppniseftirlitið aldrei upplýst um þetta samstarf fyrirtækjanna og engin undanþága samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga í gildi vegna þessa. Þá sýna fyrirliggjandi gögn að árið 2018 hafi fyrirtækin enn haldið áfram framkvæmd á samráði í sjóflutningum.
10841. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 46/2009 var samningur Samskipa og Eimskips í Norður-Ameríku flutningum talinn fara gegn 10. gr. samkeppnislaga en taldar forsendur til að veita undanþágu fyrir honum til 31. desember 2010. Sú undanþága var hins vegar veitt á röngum forsendum, sbr. umfjöllun í kafla 16.3.4 og kafla 34.
10842. Eftir að framangreind undanþága rann út, þ.e. frá byrjun árs 2011, og fram til loka árs 2013, var engin undanþága samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga í gildi vegna samstarfs Samskipa og Eimskips í sjóflutningum til og frá Norður-Ameríku.
10843. Líkt og rakið er í kafla 16.10 rann samningur fyrirtækjanna um Norður-Ameríku flutninga út 31. desember 2012. Samtímagögn sýna að Eimskip og Samskip framlengdu munnlegt samkomulag sitt um

⁵⁸⁷⁵ Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent 22.11.2016. Viðauki 6. „Fundargerð Samskip hf 7 Nóvember 2013“.

⁵⁸⁷⁶ Upplýsingar liggja fyrir sem gefa vísbendingu um að samráð Eimskips og Samskipa í sjóflutningum hafi jafnvel varað lengur, sbr. kafla um flutninga Eimskips fyrir Samskip (Jóna) í kafla 16.6. Sjá einnig kafla um upplýsingar frá Eimskip á fundi hjá Samkeppniseftirlitinu þann 11. júlí 2018, sbr. kafla 16.11.



flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku í nokkur skipti á árinu 2013, þar til þau gerðu skriflegt samkomulag í desember 2013, sbr. umfjöllun í kafla 16.10.

10844. Á árinu 2013 dró úr ólögmætri markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips og „órói“ eða samkeppni byrjaði að myndast á flutningamarkaðinum. Samtímagögn tengd samstarfi fyrirtækjanna í Norður-Ameríku flutningum á árinu 2013 gefa þennan „óróa“ jafnframt til kynna. Verður nú vikið að þessu.
10845. Líkt og rakið er í kafla 16.1 er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samráð Samskipa og Eimskips í sjóflutningum hafi verið liður í „Nýtt upphaf“ verkefninu. Þá er fjallað um það í kafla 7.2.1 og 16.3.2 að þegar (E)forstj tók við sem forstjóri Eimskips á árinu 2008 hafi hann verið mjög áhugasamur um þetta samstarf við Samskip og lagt ríka áherslu á að koma á samskiptum við Samskip. Lét hann án tafar setja í forgang að koma á samskiptum við Samskip og endurnýja samkomulag vegna Norður-Ameríku flutninga. Samkvæmt hans fyrirmælum skyldi (E)frkvstj-alpjsv koma að samningaviðræðum við Samskip en (E)frkvstj-alpjsv hafði rík tengsl við (S)forstj. Þá voru fyrirmæli (E)forstj þau að verkefnið skyldi unnið á „rekstrarhliðinni“ hjá Eimskip, sem er að mati Samkeppniseftirlitsins forsenda fyrir undirbúningi að takmörkun flutningaframboðs í október 2008. Að mati Samkeppniseftirlitsins tryggði sú áhersla m.a. upphaf og áframhaldandi framgang samráðsins með Samskipum. Eftir þetta var síðan mikil áhersla lögð á að viðhalda m.a. samráðinu í sjóflutningum og eiga bein samskipti um hagsmunamál fyrirtækjanna. Í september 2008 lýsti yfirmaður Samskipa í Norður-Ameríku því t.d. yfir við m.a. (S)forstj að öllum flutningum Samskipa frá Norður-Ameríku hafi verið beint til Eimskips og samkvæmt því hafi verið dregið úr þeirri samkeppni sem Samskip gátu veitt Eimskip með TA flutningum milli Íslands og Bandaríkjanna með viðkomu í Rotterdam. Þetta var gert þrátt fyrir lítinn ábata Samskipa í Bandaríkjunum en „hagur heildarinnar“ hafi ráðið för.
10846. Í samtímagögnum má þannig sjá hversu mikla áherslu bæði Eimskip og Samskip lögðu á að viðhalda samningi vegna flutninga til og frá Norður-Ameríku á rannsóknartímabilinu með tilheyrandi samskiptum og fundasetu í tengslum við endurnýjanir á samningum, verðhækkningar og fleiri þætti í tengslum við framkvæmd á samráðinu.
10847. Í þessu sambandi verður að hafa í huga hverjir sátu umrædda fundi sem voru haldnir í tengslum við framkvæmd á samstarfi fyrirtækjanna í sjóflutningum. Voru þetta næstráðendur fyrirtækjanna (framkvæmdastjórar, þ.e. (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-EimÍsl og síðar (E)frkvstj-sala/þj) sem báru ábyrgð á verðlagningu og öðrum lykilatriðum í inn- og útflutningi gagnvart forstjórum fyrirtækjanna. (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1, sem voru yfirmenn innflutningsdeilda fyrirtækjanna, sátu jafnframt fundina en þeir tóku ríkan þátt í ákvörðunum fyrirtækjanna um verðbreytingar á rannsóknartímabilinu. Þegar samráð varðandi breytingar á siglingakerfum stóð yfir sat framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Eimskipa ((E)frkvstj-flutnkerf) einnig fundina. Á rannsóknartímabilinu var þannig um að ræða ítrekaða fundi milli lykilstjórnenda Eimskips og Samskipa. Var um að ræða stjórnendur sem komu að hvers konar málefnum sem tengdust samkeppni í sjóflutningum. Á sama tíma var fyrir hendi markaðsskipting um mikilvæga viðskiptavinum, auk m.a. samráðs í landflutningum og ólögmæts gámasamstarfs. Samtímagögn sýna að fundir stjórnenda Samskipa og Eimskips og önnur samskipti þeirra hafi verið nýttir sem vettvangur fyrir umræður um hvers konar atriði sem gátu viðhaldið eða styrkt samráð fyrirtækjanna. Dró þetta úr óvissu og samkeppni á markaðnum. Í stað baráttu um mikilvæga viðskiptavinum ríkti „friður“.
10848. Samtímagögn sýna breyttar áherslur hjá Eimskip og Samskipum við framkvæmd á samráðinu í Norður-Ameríku flutningum á árinu 2013. Má þessu til stuðnings vísa til þess að samningur við Samskip var með minnsta mögulega forgang á verkefnalista (E)forstj fyrir árið 2013. Fer það þvert gegn hinum mikla forgangi sem (E)forstj lagði á samráðið við Samskip við upphaf „Nýtt upphaf“ verkefnisins og áfram út rannsóknartímabilið. Í því sambandi má einnig vísa til verkefnalista (E)forstj fyrir árið 2011 þar sem eitt



af verkefnum Eimskips fyrir árið 2011 var að kanna hvort Samskip gætu ekki flutt meira með Eimskip frá Norður-Ameríku og athuga hvort Samskip gætu frekar notað gáma frá Eimskip í flutningunum, sbr. kafla 16.8. Allt var þetta að mati Samkeppniseftirlitsins í anda hins samfellda samráðs, þ.e. fyrirtækin áttu í hagnýtri samvinnu og óvissu var eytt.

10849. Endurspeglast þessar áherslubreytingar gagnvart samstarfinu í sjóflutningum einnig í samtímagögnum Samskipa frá árinu 2013. Samkvæmt fundargerðum frá framkvæmdastjórnarfundum Samskipa árið 2013 var t.a.m. rætt um að Eimskip væri að „tefja“ það að semja um Norður-Ameríku flutningana og Eimskip væri ekki að sýna vilja til að „klára þetta“. Gögn sem sýna sambærileg viðbrögð hjá fyrirtækjunum á árunum 2008-2012 hafa ekki fundist við rannsókn málsins. Á árunum 2008-2012 var áhersla fyrirtækjanna þvert á móti, eins og áður greinir, lögð á endurnýjun samkomulaganna í sjóflutningi og tíð bein samskipti.
10850. Þessi gögn styðja þá ályktun Samkeppniseftirlitsins að samskipti Samskipa og Eimskips í tengslum við samstarf fyrirtækjanna í sjóflutningum hafi verið nýtt til þess að viðhalda áframhaldandi samráði og trausti fyrirtækjanna á því. Áherslubreytingar Eimskips í tengslum við Norður-Ameríku samstarfið á árinu 2013, á sama tíma og hrikta fór í stoðum annarra þátta samráðsins, styður þetta. Þegar fjara fór undan markaðsskiptingunni var ekki talin sama þörf á því að viðhalda hinu reglubundna samstarfi í sjóflutningum með tilheyrandi fundahöldum og samskiptum.

21.4. Samskip setur í „Sóknargírinn“ á landflutningamarkaði

10851. Af innanhúsgögnum Landflutninga Samskipa frá árinu 2013 má ráða að markaðsskipting á landflutningamarkaði hafi þá einnig byrjað að dragast saman.
10852. Þannig vistaði (S)forstö-landfl t.d. hjá sér skjalið „Sóknargírinn“ 10. maí 2013, þar sem sett er fram sýn rekstrarstjóra á rekstur og umhverfi Landflutninga til næstu 2-3 ára. Hann sendi skjalið jafnframt til (S)forstö-innfl1 sama dag og vísaði til þess að um væri að ræða punkta frá vinnufundum og vinna þyrfti úr þeim „sýn, stefnu og markmið“.⁵⁸⁷⁷ Er um að ræða punkta frá vinnufundi fyrirtækisins sem (S)forstö-landfl áframsendi til (S)forstö-innfl1.⁵⁸⁷⁸ Í skjalinu kveður við nýjan tón sem ekki er að finna í gögnum frá þeim tíma sem „friður“ ríkti á markaðnum. Er m.a. rætt um að:

„Svara Eimskip með því að sækja með ákafa á lykilviðskiptavini þeirra“.

10853. Eru þar nefnd fyrirtækin ÖES, BYKO, Kaupás, Innes, SS og Bauhaus.
10854. Þá segir í glærुकynningu fyrir stjórn Samskipa í júní 2013 að Flytjandi sé að „reyna að drepa“ Landflutninga. Þá er fjallað um markmið Landflutninga fyrir næstu ár, og endar það á „fram tíðin og sæta stelpa“. Út frá eldri markaðsskýrslum má ætla að hér hafi markaðsskiptingin að þessu leyti verið að líða undir lok, en áður hafði ekki átt að „dansa við sætu stelpurnar á ballinu“, sbr. umfjöllun um markaðsskýrslu fyrir árið 2011 hér að framan.

21.5. Eimskip fer á eftir Húsasmiðjunni í upphafi árs 2013

10855. Í kafla 14.45 hefur verið fjallað um „taugatitringinn“ sem kom upp í samráði Samskipa og Eimskips í kjölfar innkomu Bauhaus á markaðinn en Eimskip og Bauhaus undirrituðu flutningasamning 15. desember 2011, að undangengnu útboði. Komu þessi atvik af stað atburðarás í tengslum við innflutning á byggingavörum til Íslands sem að hluta til hafa verið rakin í kafla 14.45, þ.e. þegar Samskip tóku hluta

⁵⁸⁷⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc ID. 0.7.33.1084627.

⁵⁸⁷⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Sóknargírinn“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.589378.



af viðskiptum Byko frá Eimskip, vegna „pirrings“ út af Bauhaus. Þar segir frá því að í því tilviki hafi verið um að ræða svokallaða „hefnd“ af hálfu Samskipa og hafi tilfærsla á viðskiptum Byko þannig í raun verið hluti af framkvæmd samráðsins. Samskip gættu þess að „hefndin“ tæki aðeins til innflutnings á byggingavörum og aðeins til hluta af flutningum Eimskips fyrir Byko. Markaðsskipting Samskipa og Eimskips á árinu 2012 gagnvart öðrum mikilvægum viðskiptavinum hélt hins vegar áfram, sbr. umfjöllun um atvik á árinu 2012 vegna t.d. Öskju og Aðfanga. Í þeirri umfjöllun má hins vegar greina merki þess að nefndur taugatitringur hafi á þeim tímapunkti verið byrjaður að skapa óróa í hinni ólögmætu markaðsskiptingu.

10856. Í kjölfar þessa sóttist Eimskip eftir viðskiptum Húsasmiðjunnar, sem var þá mjög mikilvægur viðskiptavinur Samskipa. Hér skiptir og máli að á árinu 2013 var, líkt og áður hefur verið rakið, byrjað að draga úr markaðsskiptingu Eimskips og Samskipa.

10857. Verða nú atvik tengd viðskiptum Húsasmiðjunnar rakin nánar. Samhengisins vegna er tilefni til að rekja fyrst tiltekin gögn frá seinni hluta árs 2012 sem tengjast viðskiptum Bauhaus og BYKO. Við eftirfarandi umfjöllun ber að hafa í huga að í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið viðurkennir fyrirtækið að hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með samráði við Samskip um „skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum“, sbr. liður 1.2 í 1. gr. sáttarinnar.

10858. Í ágúst og september 2012 vann Eimskip að svokallaðri afurða- og vörflokkagreiningu.⁵⁸⁷⁹ Varðandi tækifæri í flokknum byggingarvara sagði í skjali Eimskips:

„Húsasmiðjan er það fyrirtæki sem við horfum mest til, þeir opna snemma á næsta ári og verður það klárlega okkar markmið að ná samning við þá, sérstaklega þar sem Byko samdi við Samskip.“

10859. Í þessu skjali Eimskips er síðan sagt: „Næstu skref eru að nálgast Húsasmiðjuna, tók þetta upp við (E)forstj og (E)frkvstj-sala/þj á fundi, spurning hvor[t] (E)forstj hafi sambandi við [...] forstjóra Húsasmiðjun[ar]“. ⁵⁸⁸⁰

10860. Í október 2013 átti innflutningssamningur Samskipa við Húsasmiðjuna að renna út en var þó uppsegjanlegur 1. mars 2013. Líkt og áður hefur komið fram var áhersla lögð á það í rekstraráætlun innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2013 að mikilvægt væri að halda þeim viðskiptavini ásamt öðrum mikilvægum viðskiptavinum sem voru með lausa samninga í upphafi árs 2013.⁵⁸⁸¹

10861. Samskip hófu undirbúning á verðtilboði til Húsasmiðjunnar í byrjun nóvember 2012 að loknum fundi (S)forstj með forstjóra Húsasmiðjunnar í lok október. Þann 13. nóvember 2012 fór (S)forstj yfir það í tölvupósti hvað Samskip hefðu boðið Húsasmiðjunni. Sagði m.a.: „Við kynntum fyrir þeim verðbreytingar, gegn framlengingu á samningi til október 2015, verð taki gildi frá 1 okt 2012.“

10862. Svar (S)forstö-innfl1 við framanrituðu er til marks um að samráð hafi enn verið við líði á þessum tíma, þ.e. síðustu mánuði ársins 2012. Þar sagði: „[...] Við þurfum að láta líta út fyrir að við viljum lækka forflutningsverði, þó svo að við ætlum ekki að gera það. Stefnum á fund með honum helst á morgun [(S) frkvstj-innanl], varðandi landflutninginn þá fóru þeir fram á einhverja lækkun þar. Ætli það sé ekki best að þú hittir [Húsasmiðjuna] og farir yfir með honum að það sé ekkert svigrúm til lækkunar. Það

⁵⁸⁷⁹ Afrituð tölvuskjal frá Eimskip. [...] Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.378771.

⁵⁸⁸⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Afurðagreining – Byggingavara.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.378771-000010.

⁵⁸⁸¹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Innflutningur – Rekstraráætlun 2013.doc“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1018272.



væri best ef þú næðir að hitta hann á morgun eða hinn til að slá þessar væntingar um lækkun strax út af borðinu.⁵⁸⁸²

10863. Samkvæmt kynningu frá fundi Húsasmiðjunnar með Samskipum kynntu Samskip 7-11% lækkun sem tilboð í nýjan samning.⁵⁸⁸³ Þeir (S) frkvstj-innanl og (S)forstö-innfl1 áttu síðan í frekari samskiptum um landflutningahluta Húsasmiðjunnar og sagði (S)forstö-innfl1: „Við þurfum að ýta þessum væntingum um að fá lækkun í landflutningum út af borðinu sem fyrst.“ (S) frkvstj-innanl svaraði: „Skil hins vegar ekki af hverju það ættu að vera einhverjar væntingar um lækkun, hver gaf þær?“⁵⁸⁸⁴
10864. Þann 15. október 2012 hafði forstjóri Húsasmiðjunnar samband við (E)forstj og óskaði eftir fundi til að ræða flutningamál. Ákveðinn var fundur 22. október 2012 sem frestaðist til 31. október s.á.⁵⁸⁸⁵ Á svipuðum tíma, 17. október, bókaði (S)viðskstj2 fund með (S)forstj og (S)forstö-innfl1 til að fara yfir stöðuna á markaðnum þar sem Samskip hefðu verið að missa Ormsson og „Húsasmiðjan lítur ekkert sérstaklega út í augnablikinu“.⁵⁸⁸⁶ (S)forstj átti síðan fund með forstjóra Húsasmiðjunnar 29. október 2012.⁵⁸⁸⁷
10865. Þann 8. nóvember 2012 setti (S)forstö-innfl1 fram eftirfarandi tillögu að „uppleggi“ fyrir Húsasmiðjuna í tölvupósti til (S)forstj: „Uppleggið er lækkun á FOB – Door verðum á Húsasmiðjuna uppá 10-15%. Það mun skila þeim ca 15 milljónum í lækkun á 12 mánuðum. Það er í raun þeirra gulrót. Ég held að við þurfum að lækka um þetta mikið til þess að þeir íhugi það að framlengja við okkur.“⁵⁸⁸⁸ Síðar sama dag sendi hann kynningu fyrir fund með Húsasmiðjunni og sagði m.a.: „Þetta er hressileg lækkun, en ég tel að við þurfum að fara í eitthvað svona til að gera þá áhugasama um endurnýjun.“⁵⁸⁸⁹ Hann sendi hins vegar uppfærða kynningu til (S)forstj daginn eftir og hafði þá hækkað verðið þannig að sparnaður Húsasmiðjunnar fór úr 16,5 m.kr. í 14 m.kr.⁵⁸⁹⁰
10866. Þann 29. janúar 2013 spurði (S)forstj (S)forstö-innfl1 hver næstu skref væru með Húsasmiðjuna. (S)forstö-innfl1 sagði að fyrirhugaður væri fundur með þeim daginn eftir til að ræða möguleika á hagræðingu í landflutningum.⁵⁸⁹¹
10867. Á sama tíma, þ.e. 31. janúar 2013, bað forstjóri Húsasmiðjunnar (E)forstj um fund kl. 14 daginn eftir. (E)forstj kvaðst aðeins laus kl. 9 um morguninn og forstjóri Húsasmiðjunnar staðfesti mætingu þá.⁵⁸⁹²
10868. Þann 3. febrúar 2013 sendi (E)forstj forstjóra Húsasmiðjunnar lista yfir þær framkvæmdir eða verkefni sem Eimskip væri nýbúið að klára eða væru að fara af stað. Tölvupósturinn var merktur „Trúnaðarmál“. Sagði að þeir yrðu í bandi þegar „þú ert klár“. Forstjóri Húsasmiðjunnar þakkaði fyrir listann og sagði að þeir myndu „skoða/fylgjast grannt með þessu“. Sendi hann einnig minnisblað sem innihélt verðtillögur vegna landflutninga og kvaðst vilja hitta (E)forstj fljótt í næstu viku á eftir.⁵⁸⁹³

⁵⁸⁸² Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.622095.

⁵⁸⁸³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Kynning fyrir Húsasmiðjunar 7-11-2012 vs2.“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1031951.

⁵⁸⁸⁴ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1034087.

⁵⁸⁸⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1015392, sbr. einnig tölvupóstsamskipti milli [...] „fundur“, dags. 22.10.2012. Doc. ID. 0.7.33.1019543.

⁵⁸⁸⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1055950.

⁵⁸⁸⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.615397.

⁵⁸⁸⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1030315.

⁵⁸⁸⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.619712.

⁵⁸⁹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.619866.

⁵⁸⁹¹ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1054774.

⁵⁸⁹² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1054413.

⁵⁸⁹³ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1055532.

10869. Þann 12. febrúar 2013 óskaði forstjóri Húsasmiðjunnar eftir fundi með (E)forstj til að ákveða næstu skref.⁵⁸⁹⁴ Sama dag spurði (S)forstj (S)forstö-innfl1 hver staðan væri með Húsasmiðjuna. (S)forstö-innfl1 sagði fyrirtækið ennþá vilja lækkun á landflutningaverðum en hann hafi hafnað því og að tilboð Samskipa stæði enn. Kvaðst hann telja að Húsasmiðjan myndi ekki ganga að þessu en það væri ekkert formlegt og sagði að það yrði sterkur leikur ef (S)forstj myndi heyra í forstjóra Húsasmiðjunnar.⁵⁸⁹⁵
10870. Þann 14. febrúar 2013 sendi (E)forstö-sölud til (E)frkvstj-sala/þj skjal þar sem á einni glæru var fjallað um Húsasmiðjuna og þar stóð „Spennandi pakki – Mjög spennandi!“, sbr. eftirfarandi:⁵⁸⁹⁶

Húsasmiðjan

- **Spennandi pakki – Mjög spennandi!**

- Áætlað umfang í heild ...
- Húsasmiðjan:
 - Tonn: 20.000
 - Teus: 1.500 + timbur á fletum (ca. 1.000+)
 - Verðslanir: 16
- Byko:
 - Tonn: 8.000 tonn
 - Teus: 1.200
 - ATH: Nota NES v/timburs + Hluti áfram með Eimskip
 - Verðslanir: 7

8/25/2019
7

10871. Atvik urðu síðan þau að Eimskip náði innflutningsviðskiptum Húsasmiðjunnar af Samskipum en samningur var undirritaður 26. mars 2013.⁵⁸⁹⁷
10872. Athygli vekur að það verð sem Eimskip bauð Húsasmiðjunni árið 2013, var miklu lægra en það verð sem Eimskip bauð Húsasmiðjunni árið 2011 þegar Eimskip virti hina ólögsmætu markaðsskiptingu, sbr. umfjöllun í kafla 14.34.
10873. Eftirfarandi er verðtilboð Eimskips í evrum fyrir sjóflutninga (án viðbótargjalda) frá Evrópu til Íslands árið 2011 og verð fyrir sama flutning í samningi fyrirtækisins við Húsasmiðjuna frá 2013.⁵⁸⁹⁸

⁵⁸⁹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1057945.

⁵⁸⁹⁵ Afrituð tölvupóstsamkipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1060055.

⁵⁸⁹⁶ Afritað skjal frá Eimskip. [...] Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.451349.

⁵⁸⁹⁷ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 19.02.2016, fskj. 5, „Eimskip Samningar G-L“. Í afhentri söluskýrslu Eimskips segir 2.04.2013: „[...] met [...] to sign new two year contract with Húsasmiðjuna. They have already informed Samskip that they will not sign new contract with them. Notes is six months but Húsa will start soon to send VIA Eimskip. Eimskips CIO and Húsasmiðjan's CIO will formally sign the contract in week 16. [...] has requested that [...] and him should go and visit their supplier in mai. He will be sending me plan which I shall take further here at Eimskip.“ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 28.04.2017. Mappa 4, „Sales_Legal – söluskýrslur_25 stærstu_5_fl“, lína nr. 298 í skjalinu.

⁵⁸⁹⁸ Verður ekki annað séð en að um hafi verið að ræða 50% afslátt af BAF-gjaldi í tilboð Eimskips 2011 og að sami afsláttur hafi verið samkvæmt samningnum frá 2013.



Tafla 6: Verðtilboð Eimskips í evrum fyrir sjóflutninga árið 2011 og verð fyrir sama flutning í samningi fyrirtækisins við Húsasmiðjuna árið 2013.

EUR	20 feta	40 feta	m ³	tonn	Lágmarksverð
2011	380	580/750	33	45	120
2013	266	416	22	39	90
Munur %	-30%	-28/45%	-33%	-13%	-25%

10874. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að verðlagningin 2013 sé birtingarmynd þess að markaðsskipting Samskipa og Eimskips hafi verið farin að fjara út.

21.6. Rúmfatalagerinn 2013

10875. Rúmfatalagerinn var mikilvægur viðskiptavinur Samskipa í innflutningi til Íslands. Fjallað er um atvik tengd Rúmfatalagerinum og ólögmæta markaðsskiptingu árið 2010 í kafla 14.23. Líkt og þar kemur fram endurnýjuðu Samskip samning sinn við Rúmfatalagerinn 3. apríl 2012. Að mati Samkeppniseftirlitsins voru þau atvik liður í samráði Samskipa og Eimskips.

10876. Gögn frá árinu 2013 gefa til kynna aukna samkeppni milli Eimskips og Samskipa um viðskipti tengd innflutningi Rúmfatalagersins til Íslands. Séu viðbrögð Eimskips við neðangreindri verðfyrirspurn Rúmfatalagersins á árinu 2013 borin saman við viðbrögð Eimskips á árunum 2010 og 2012 má að mati Samkeppniseftirlitsins greina að dregið hafi úr framkvæmd hinnar ólögmætu markaðsskiptingar á árinu 2013. Verður það nú útskýrt nánar.

10877. Rúmfatalagerinn hafði óskað eftir flutningstilboði frá Eimskip 12. mars 2012, sbr. kafla 14.43, en Rúmfatalagerinn var þá einn af mikilvægum viðskiptavinum Samskipa. (E)frkvstj-sala/þj svaraði ekki fyrir en rúmri viku síðar. Rúmfatalagerinn óskaði þá eftir því að (E)frkvstj-sala/þj myndi hafa samband í byrjun apríl til að finna fundartíma. (E)frkvstj-sala/þj hafði hins vegar ekki samband fyrir en 19. apríl 2012 en þá hafði Rúmfatalagerinn þegar samið við Samskip. Að mati Samkeppniseftirlitsins þykja þessi viðbrögð (E)frkvstj-sala/þj ekki lýsa eindregnum áhuga Eimskips á að ná þessum mikilvæga viðskiptavini í viðskipti frá Samskipum heldur bera vott um að hagsmunir Eimskips af því að viðhalda markaðsskiptingu við Samskip hafi skipt þar meira máli.

10878. Þann 7. júní 2013 sendi Rúmfatalagerinn á ný tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj og óskaði eftir tilboði í flutning á gámum frá Árósum til Akureyrar⁵⁸⁹⁹ og sendi Eimskip tilboð strax 10. júní 2013.⁵⁹⁰⁰ Daginn eftir sendi Rúmfatalagerinn tölvupóst á (E)frkvstj-sala/þj þar sem sagði:

„Það er eins og þið hafið hringt í Samskip :-). Verðin eru nánast eins!! En væntanlega er það vegna umskipunarinnar í Reykjavík hjá ykkur báðum. Hélt að þið mynduð fara beint frá Aarhus til Akureyrar.“⁵⁹⁰¹

10879. Sama dag sendi Eimskip nýtt tilboð til Rúmfatalagersins.⁵⁹⁰² Tók Rúmfatalagerinn tilboðinu með tölvupósti þann 13. júní 2013.⁵⁹⁰³ (E)frkvstj-sala/þj áframsendi tölvupóstinn innanhúss með skilaboðunum:

⁵⁸⁹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.603707.

⁵⁹⁰⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.606316.

⁵⁹⁰¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.608870.

⁵⁹⁰² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.609398.

⁵⁹⁰³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.120626.



„Til uppl. endilega vakta þetta vel á öllum endum, leyfum þeim að kynnast því hvað framúrskarandi þjónusta er:-).“⁵⁹⁰⁴

10880. Samskip voru allt annað en hrifin af þessari ákvörðun Rúmfatalagersins og töldu þetta brot á samningi fyrirtækjanna.⁵⁹⁰⁵
10881. Samtímagögn benda til þess að flutningar Eimskips fyrir Rúmfatalagerinn hafi hugsanlega verið meiri á árinu 2013 en þessir einu flutningar frá Árósum til Akureyrar því afhentar veltutölur frá Eimskip sýna að tekjur fyrirtækisins vegna flutninga fyrir Rúmfatalagerinn hafi verið nokkru hærri á árinu 2013 en árin á undan (frá 2006).⁵⁹⁰⁶
10882. Rétt er að taka fram að Samskip afhentu Samkeppniseftirlitinu ekki upplýsingar um útboð eða tilboðsbeiðnir Rúmfatalagersins eins og Samkeppniseftirlitið óskaði eftir með vísan til 19. gr. samkeppnislaga 29. janúar 2015. Þá var heldur ekki afhentur umbeðinn samningur Samskipa við Rúmfatalagerinn frá 3. apríl 2013. Vísast hér til umfjöllunar í kafla 23 um brot Samskipa á 19. gr. samkeppnislaga.
10883. Með vísan til framanritaðs gefa viðbrögð (E)frkvstj-sala/þj við verðfyrirspurn Rúmfatalagersins í upphafi árs 2013 til kynna þá viðkvæmu stöðu sem markaðsskipting Samskipa og Eimskips var í á þessum tíma. Snögg viðbrögð (E)frkvstj-sala/þj við fyrirspurn Rúmfatalagersins í þetta skiptið eru töluvert önnur en viðbrögð hans við beiðni Rúmfatalagersins um tilboð í alla flutninga fyrirtækisins snemma á árinu 2012. Er þetta enn önnur staðfesting á samráði Samskipa og Eimskips á árunum 2009-2012 og vísbending um breytta hegðun fyrirtækjanna á markaðnum árið 2013 í samanburði við gögn frá þeim tíma þegar samráð þeirra stóð sem hæst.

21.7. Innnes 2013

10884. Innnes var mikilvægur viðskiptavinur Eimskips. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru atvik vegna Innness á rannsóknartímabilinu lýsandi dæmi um eðli og framkvæmd ólögmætrar markaðsskiptingar Samskipa og Eimskips. Þannig telur Samkeppniseftirlitið gögn málsins sýna að markaðsskiptingin var virt í tengslum við Innnes í a.m.k. fjögur ár og á sama tíma var um endurteknar verðhækkanir Eimskips að ræða gagnvart þessum viðskiptavini, án þess að óttast samkeppnisleg viðbrögð frá Samskipum. Gögn Samskipa sýna á sama tíma að fyrirtækið virti markaðsskiptinguna, m.a. með aðgerðar- og áhugaleysi gagnvart viðskiptavininum. Á móti þurftu Samskip ekki að óttast að Eimskip reyndi með samkeppni að ná til sín mikilvægum viðskiptavinum fyrirtækisins.
10885. Í samræmi við önnur gögn málsins átti sér stað kúvending hjá Samskipum í apríl 2013 þegar fyrirtækið reyndi með samkeppni að ná til sín þessum mikilvæga viðskiptavini Eimskips. Renna þessi samtímagögn frá árinu 2013 frekari stoðum undir markaðsskiptingu árin á undan. Sú „ró“ sem hafði um árabíl ríkt á milli Samskipa og Eimskips var byrjuð að fjara út. Áður en vikið verður að atvikum frá árinu 2013 sem varða Innnes þykir nauðsynlegt að rifja stuttlega upp atvik vegna Innness á „friðartímabilinu“.

21.7.1. Fjögurra ára „friður“ ríkti um Innnes

10886. Fjallað er um atvik vegna Innnes í kafla 14.5.1 og 14.6. Eins og þar kemur fram gerði Eimskip viðauka við flutningasamning Innnes árið 2008 sem fól í sér verðhækkanir. Gögn sýna óánægju Innnes með þessar hækkanir og rann samningur þess við Eimskip út árið 2009. Eins og fram kemur í fyrrnefndum

⁵⁹⁰⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.120646.

⁵⁹⁰⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1093816.

⁵⁹⁰⁶ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 19.02.2016, minnislykill 4, „Ýmis gögn“. „Viðskiptasagan“. Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. „Liður 9.1 Innflutningur Heildarlist“, „2009“.



kafla 14.6 birtist að mati Samkeppniseftirlitsins aðgerðarleysi Samskipa gagnvart Innnes skýrlega í gögnum málsins.

10887. Í byrjun árs 2011 var flutningasamkomulag Eimskip og Innnes laust. Atvik árið 2011 sýna síðan áframhaldandi markaðsskiptingu vegna Innnes og áfram hélt Eimskip að vinna að hækkingu á verði gagnvart fyrirtækinu (hækka verð „*umtalsvert*“), sbr. kafla 14.35. Við þær hækkunir er í samtímagögnum ekki að greina neinn ótta eða óvissu um hugsanlegar aðgerðir Samskipa gagnvart Innnes.
10888. Ólögmeitt samráð Samskipa við Eimskip skapaði þannig kjöraðstæður fyrir Eimskip til að hækka verð gagnvart Innnes. Var þetta í samræmi við gögn frá Samskipum frá árinu 2011 sem lýstu „*áframhaldandi rö*“ á innflutningsmarkaði. Skipafyrirtækin héldu að sér höndum og héldu uppi eða hækkuðu verð. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins er því að framangreind atvik frá árinu 2008 til og með 2011 séu til vitnis um samráð Samskipa og Eimskip á þessum tíma.

21.7.2. Samskip gera atlögu að því að ná Innnes í viðskipti af Eimskip árið 2013

10889. Flutningasamkomulag sem Eimskip gerði við Innnes á grundvelli ólögmeðrar markaðsskiptingar gilti til 31. mars 2013 en samkvæmt ákvæðum þess framlengdist það ótímabundið en var með þriggja mánaða uppsagnarfresti eftir það.⁵⁹⁰⁷

10890. Þann 3. apríl 2013 sendi [\(E\)forstö-sölud](#) tölvupóst til Innnes:

„Í framhaldi af samtali okkar, m.a. um hafnfirsk málefni, að þá vil ég lýsa yfir ánægju minni með að vera búinn að ná lendingu í Ameríku með ykkar. Eitthvað sem var okkur mjög mikilvægt. Í því samhengi hefði ég talið rétt að fá frekari reynslu á þá flutninga til að sjá hvernig þeir eru að flæða og gera sig. Gagnvart samningnum sjálfum að þá raunar rann hann út 31. mars síðastliðinn en framlengist um þrjá mánuði í senn skv. ákvæði samningsins. En að framansögðu hefði ég talið rétt og vil óska eftir að hann framlengist um 12 mánuði og við tækjum svo stöðuna að þeim tíma liðnum. Með þessari nálgun tel ég að við næðum að festa flutningamálin í USA enn betur í sessi og síðar gætum við sest að samningaborðum. Vona að þetta falli vel að þér og þú hafir sambærilega sýn á málið – Fengi að vera í sambandi við þig öðru hvoru megin við helgina þegar þú hefur farið yfir málið þín megin.“⁵⁹⁰⁸

10891. Daginn eftir sagði [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) í tölvupósti til [\(E\)viðskstj3](#) að þau skyldu halda Innnes „*þétt að okkur, þeir eru klárlega líklegt target hjá fleirum eftir hræringar á síðustu vikum.*“⁵⁹⁰⁹ Varðandi tilvísun [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) til „*hræringa*“ síðustu vikur telur Samkeppniseftirlitið að þar sé hann að vísa til aukinnar samkeppni sem m.a. stafaði af auknu flutningaframboði Samskipa. Var [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) með þessu að gefa til kynna að dregið hefði úr hinni ólögmeðu markaðsskiptingu um mikilvæga viðskiptavinum og Samskip gætu því gert atlögu að því að sækja viðskipti við Innnes frá Eimskip.
10892. Framanritað er í samræmi við fundargerð söludeildar áætlunarflutninga (LIS) hjá Eimskip frá 10. apríl 2013 (vika 15) en þar segir: „*Búið að vera svolítið styr á markaðnum. Nýja siglingaáætlunin ruglar hann talsvert, breytir landslaginu. (E)forstö-sölud* bað alla um að vera vakandi fyrir því að loka sem allra fyrst opnum samningum.“ Einnig kom fram í fundargerðinni að Innnes væri í vinnslu.⁵⁹¹⁰

⁵⁹⁰⁷ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 19.02.2016, fskj. 5, Samningar G-K. „*Samningur um flutningaþjónustu Innflutningur*“, dags. 26.09.2011.

⁵⁹⁰⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.502196.

⁵⁹⁰⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.510640.

⁵⁹¹⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS fundur_2013_Vika 15.pdf*“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.521345.



10893. Í samanburði við samtímagögn frá Eimskip vegna samningssambands fyrirtækisins við Innnes á árunum 2008 til 2012, má á árinu 2013 sjá merki um ótta Eimskips við viðbrögð Samskipa vegna opins samnings hjá Innnesi. Í því samhengi ber einnig að líta til tíðra samskipta Eimskips og Samskipa þegar atvik tengd Innnesi áttu sér stað á árunum 2008 til 2012. Það rennir stoðum undir samráð Samskipa og Eimskips um viðskipti við þennan umfangsmikla viðskiptavin og er í samræmi við önnur gögn málsins sem gefa vísbendingu um að á þessum tímapunkti árið 2013 hafi verið byrjað að hrikta í stoðum samráðins.
10894. Þann 3. maí 2013 áttu sér stað umræður á milli (E)starfsm, (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölud um hvort Eimskip ætti að skipta um þjónustuaðila á kaffikaupum og leigu á kaffivélum fyrir starfsmenn en kaffiviðskipti Eimskips höfðu verið við Innnes. Í því samhengi vísaði (E)forstö-sölud til þess að Eimskip væri með Innnes á „viðkvæmu stigi“, verið væri að reyna að framlengja samningnum „eftir erfiða tilfærslu til Portland í USA„⁵⁹¹¹
10895. Þann 15. maí 2013 sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til (S)forstö-innfl1 þar sem hann spurði um eftirfarandi: „[...] – hver er þín skoðun varðandi Innnes, eigum við að hjóla eftir þeim?“⁵⁹¹² Síðar sama dag sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til (S)forstö-innfl2: „Sæll þælingar v Innnes nálgun“. Meðfylgjandi var skjal sem sýndi verð N&O, ÍSAM og Innness.⁵⁹¹³
10896. Daginn eftir, 16. maí 2013, sendi (S)viðskstj1 aftur tölvupóst til (S)forstö-innfl1 með fyrirsögninni „Innnes þælingar – samandregið“ þar sem sagði: „Erum að m.v. Ísam verð (c.a. 6 - 7% hærr) en vs N&O=28 - 40% hærr.“ (S)forstö-innfl1 svaraði síðar sama dag: „List vel á þetta“.⁵⁹¹⁴
10897. Samskip og Innnes hittust á fundi 24. maí 2013 þar sem Samskip kynntu tillögu að samningsverðum.⁵⁹¹⁵
10898. Þann 6. júní 2013 tilkynnti Innnes að búið væri að fara yfir tilboð Samskipa og ákveðið að halda áfram viðskiptum við Eimskip.
10899. (S)viðskstj1 framsendi tölvupóstinn til (S)forstö-innfl1, (S)forstö-innfl2 og (S)viðskstj2 með skilaboðunum: „Sælir, skv. þessu erum við „out“ úr Innnes – annað hvort eru þeir búnir að tryggja sig eða við skutum „vel“ yfir markið.“ (S)viðskstj2 svaraði: „Ég held að við verðum að þreifa aðeins meira á þeim. Þ.e. hvort það hafi verið mikill munur og kannski aðallega þurfum við að komast að hve mikið þurftu Eimskip að lækka sig. Það hins vegar kemur mér á óvart hve ferlið var stutt og snubbótt.“ (S)viðskstj1 svaraði daginn eftir: „Sammála með snubbótt ferli, mér finnst [Innnes] vera frekar afdráttarlaus í að loka á aðra innkomu núna en spurning hvernig taktík við spilum – ég hef ekki svarað honum en þyrftum að gera það helst í dag.“⁵⁹¹⁶
10900. Í samanburði við atburðarás árin 2009 til 2011 vegna atvika tengdum Innnesi þá má greina meiri áhuga hjá Samskipum í að ná viðskiptunum af Eimskip á árinu 2013. Þetta má t.d. ráða af tölvupósti sem (S)viðskstj1 sendi 7. júní 2013 til Innnes:

„Sælir, algerlega heiðarleg viðbrögð af minnar hálfu þá er ég verulega svekktur af þið viljið ekki skoða málin betur sérstaklega í ljósi þess að þið eruð aðeins að bera saman „rúmlega toppinn af ísjakanum“ þ.e. verðin sem þið fáíð frá okkur og berið saman við Eimskip er c.a. 30-40% af

⁵⁹¹¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.551986.

⁵⁹¹² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1085870.

⁵⁹¹³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Innnes magn v. verðkönnun maí 2013.xlsx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...]

⁵⁹¹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.680404.

⁵⁹¹⁵ Afritaður tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.680400. Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.681451.

⁵⁹¹⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.686709, sbr. einnig áframsendingu [...] á tölvupóstsamskiptunum til [...]. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.686640.



heildarflutningskostnaðinum og þar með aðeins hluti af myndinni. Ég er sannfærður um að þegar þið eruð með heildarmyndina lítur dæmið vel út gagnvart ykkur.

Ég ítreka bara að áhugiinn er mikill af okkar hálfu og ef hann er gagnkvæmur hjá ykkur þá leyfið mér að bjóð EXW á 3 stórum birgjum þá eru þið komnir með raunverulega samanburðarhæf verð.

Ef þið viljið hinsvegar vera áfram hjá Eimskip þá er tíma allra betur varið, að sinni, með þessari niðurstöðu en við erum að sjálfsgöðu alltaf til í að skoða flöt á samstarfi við ykkur síðar.

Ég skila kveðjum til minna manna ☺⁵⁹¹⁷

10901. Innnes svaraði tölvupóstinum daginn eftir og sagði m.a. að þeim hafi ekki fundist rétt að fara lengra með viðræðurnar þar sem verðtilboð Samskipa í sjófraktina hafi ekki verið „samanburðarhæft“.⁵⁹¹⁸
10902. Um miðjan júní 2013 héldu hins vegar viðræður áfram á milli Samskipa og Innnes vegna mögulegs tilboðs í forfrakt og sjófrakt fyrir stóra birgja Innnes.⁵⁹¹⁹ Í þeirri vinnu bað (S)viðskstj1 starfsmenn í erlendum skrifstofum Samskipa að finna „*absolute best possible solution and lowest possible rate for us to quote. [...]*“⁵⁹²⁰ þar sem Samskip væru að reyna að ná í „*part of Innnes business*“. Að fengnum verðum að utan spurði (S)viðskstj1:
- „thx do you think this is competitive rate compared to Eimskip? we have only „one chance“ to get this customer (for some time at least)“*.⁵⁹²¹
10903. Þann 28. júní 2013 sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til Innnes með verðum.⁵⁹²²
10904. Þann 5. júlí 2013 hækkaði Eimskip gjaldskrá sem hafði áhrif á samningsverð gagnvart Innnes. Innnes kvartaði og krafðist skýringa frá Eimskip á hækkuninni.⁵⁹²³
10905. Þann 2. september 2013 tók Innnes aftur upp þráðinn við Samskip og bað um fund vegna mögulegra viðskipta.⁵⁹²⁴
10906. Þann 4. september 2013 fékk (S)forstj senda til sín söluskýrslu inn- og útflutnings Samskipa vegna ágústmánaðar á undan.⁵⁹²⁵ Í áætluninni er Innnes tilgreint á „Target lista fyrir innflutning, A og B“, sbr. eftirfarandi skjáskot, en Target listi er listi yfir þá viðskiptavinum Eimskips sem Samskip ætluðu að gera atlögu að til að ná heildarflutningasamningi frá Eimskip. Með A viðskiptavinum var átt við stóra viðskiptavina, þ.e. ekki litla og meðalstóra viðskiptavinum líkt og áður hafði verið sölustefna Samskipa, sbr. t.d. kafla 14.1.1.

⁵⁹¹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

⁵⁹¹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

⁵⁹¹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

⁵⁹²⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

⁵⁹²¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

⁵⁹²² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.713918.

⁵⁹²³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.131793.

⁵⁹²⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.713876.

⁵⁹²⁵ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „*soluskyrsla_fyrir_agust_2013.docx*“, bls. 11. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.715192. Sjá einnig afritað tölvuskjal frá Samskipum. „*agust estm – tapað nytt.xlsx*“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1151237.



Target listi innflutningur, A og B

Fyrirtæki	Ágú.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Samskip	Eimskip	Annað
HEKLA						x		samn. rennur út des.
Ölgerðin							x	
Toyota							x	
Kaaber						x		
IKEA							x	
BL							x	samn. rennur út des.
MS							x	eru með rúllandi 3 mán. Samn.
ELKEM						x		rennur út feb. 2014
INNES							x	Eru með tilboð frá okkur

Annað : Lifland, Rönning, Klettur, Bílanaust

10907. Samkvæmt afhentu yfirliti Samskipa yfir ný og glötuð viðskipti hélt Eimskip hins vegar heildarflutningasamningi sínum við Innes á árinu 2013.⁵⁹²⁶
10908. Með vísan til 19. gr. samkeppnislaga óskaði Samkeppniseftirlitið eftir afhendingu á upplýsingum um útboð/tilboðsumleitan stærstu viðskiptavina Eimskips og Samskipa árin 2006–2013. Eimskip afhenti 19. febrúar 2016 yfirlit yfir útboð/tilboðsumleitan í kjölfar ítrekunar Samkeppniseftirlitsins á upplýsingaskyldu Eimskips.⁵⁹²⁷ Á yfirlitinu er ekki að finna upplýsingar um Innes. Var þetta til þess fallið að tefja rannsókn málsins. Á umbeðnu yfirliti Samskipa sem félagið afhenti um útboð/tilboðsbeiðnir voru veittar upplýsingar um tilboðsbeiðni Innes árið 2008. Á yfirlitinu eru ekki upplýsingar um aðrar tilboðsumleitarnir Innes eftir árið 2008. Samskip veittu ekki skýringar vegna þessa. Vísast hér til umfjöllunar í kafla 23 um brot Eimskips og Samskipa á 19. gr. samkeppnislaga

21.7.3. Niðurstaða

10909. Innes var á rannsóknartímabilinu mikilvægur viðskiptavinur Eimskips sem hafði annast flutninga fyrir fyrirtækið frá árinu 2005. Eftir að samráðið hófst árið 2008 gerði Eimskip viðauka við flutningasamkomulagið við Innes sem fól í sér verðhækkanir ásamt því að gildistími samkomulagsins var framlengdur út árið 2009.
10910. Innes var óánægt með þessar hækkanir Eimskips og sýna gögn málsins að fyrirtækið leitaði til Samskipa um tilboð í flutninga. Samningur Eimskips og Innes rann sem áður segir út í lok árs 2009. Þrátt fyrir óánægju Innes og tilboðsumleitan fyrirtækisins gerðu Samskip, í áætlunum sínum fyrir árið 2010, ekki ráð fyrir því að sækja á og ná heildarviðskiptum Innes frá Eimskip. Lítil áhugi Samskipa á viðskiptum við Innes birtist einnig í framkvæmd. Skipti þar máli að árið 2010 var ÍSAM, annar

⁵⁹²⁶ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. Yfirlit yfir misst/fengin viðskipti.

⁵⁹²⁷ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent þann 19.02.2016 (minnislykill 4, ýmis gögn). „Útboð“.



mikilvægur viðskiptavinur í innflutningi, með lausan heildarflutningasamning hjá Samskipum. Atvik málsins sýna að skipafyrirtækin virtu ólögmeta markaðsskiptingu sína að þessu leyti, þ.e. Samskip héldu ÍSAM og Eimskip hélt Innnesi, og í báðum tilvikum með hækkunum á verðum gagnvart viðskiptavinunum. Fela þessi atvik í sér enn frekari staðfestingu á ólögmetri markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips. Nánar er fjallað um þetta í kafla 14.26.

10911. Aðgerðarleysi Samskipa gagnvart Innnesi birtist skýrlega í samskiptagögnum Samskipa, þar sem fyrirtækið vísitandi tafði það að veita Innnesi svör um tilboðsverð, þar til ljóst væri að Eimskip myndi standa við hina ólögmetu markaðsskiptingu vegna ÍSAM (t.d. (S)forstö-innfl1: „biðum aðeins með að svara v.isam“).
10912. Flutningasamningur Eimskips og Innness var ennþá laus í byrjun árs 2011. Atvik á árinu 2011 sýna áframhaldandi markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips, en þá gaf yfirmaður innflutningsdeildar Samskipa ((S)forstö-innfl1) þau fyrirmæli til undirmanna sinna að gefa Innnes ekki samkeppnishæf verð í flutninga (ekki vera „grænlenkir“ heldur gefa Innnes „venjuleg verð“). Þá liggur fyrir að Samskip, líkt og árið 2010, biðu og drógu að svara tilboðsumleitan Innness, þar sem flutningasamningur Samskipa við Húsasmiðjuna var laus á sama tíma. Líkt og með áður nefnd atvik árið 2010, þá virti Eimskip hina ólögmetu markaðsskiptingu og sótti ekki fram til að ná Húsasmiðjunni af Samskipum. Í samræmi við markaðsskiptinguna gerðu Samskip á móti ekki atlögu að Innnes. „Friðurinn“ hélst og hækkuðu skipafyrirtækin verð gagnvart báðum þessum mikilvægu viðskiptavinum. Samskip héldu því árið 2011 uppteknum hætti og reyndu ekki með samkeppnisaðgerðum að ná Innnesi til sín í viðskipti. Skapaði það kjöraðstæður fyrir Eimskip til að hækka verð gagnvart Innnesi.
10913. Eimskip hélt áfram árið 2011 að vinna að hækkun á verðum gagnvart Innnesi (hækka verð „umtalsvert“). Endurnýjaði Eimskip síðan flutningasamkomulag við Innnes í september 2011 sem gilda átti til mars 2013. Í þessum hækkunarfasa Eimskips er ekki að greina ótta eða óvissu um hugsanlegar aðgerðir Samskipa, helsta keppinautar Eimskips. Er það í samræmi við samtímagögn frá Samskipum frá þessum tíma, þ.e. um „áframhaldandi“ ró á innflutningsmarkaði. Skipafyrirtækin ákváðu að halda að sér höndum og hækka eða halda uppi verðum.
10914. Hinni ólögmetu markaðsskiptingu var fram haldið árin 2012 og 2013. Á þessum tíma var flutningasamkomulag Samskipa við Nathan & Olsen einnig laust. Í samræmi við samráðið héldu Samskip viðskiptum Nathan & Olsen. Að sama skapi gerðu Samskip ekki harða atlögu að því að ná heildarflutningaviðskiptum Innness frá Eimskip. „Friðurinn“ hélt.
10915. Við sönnunarmat í málinu er Samkeppniseftirlitinu unnt að bera saman samtímagögn Eimskips frá árunum 2009 til 2012 annars vegar og samtímagögn fyrirtækisins þegar líða fór á árið 2013 hins vegar. Líkt og rakið hefur verið hafa við rannsókn málsins komið í ljós vísbendingar um að á árinu 2013 hafi dregið úr markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips.
10916. Að því er snertir atvik tengd Innnesi liggja fyrir gögn sem hafa að geyma ummæli stjórnenda Eimskips frá árinu 2013, þar sem greina má raunverulegan ótta og óvissu um mögulegar aðgerðir Samskipa gagnvart Innnesi (t.d. (E)frkvstj-sala/þj: „Höldum þeim [Innnes] þétt að okkur, þeir eru klárlega líklegt target hjá fleirum eftir hræringar á síðustu vikum“). Slíkum áhyggjum eða ótta var aftur á móti ekki fyrir að fara árin áður, þ.e. árin 2008-2011 þegar Samskip og Eimskip höfðu með ólögmetu samráði eytt óvissu sín á milli. Þvert á móti taldi Eimskip þá óhætt að fara fram á töluverða hækkun á verðum Innnes í samningaviðræðum árið 2011, sbr. umfjöllun í kafla 14.35.
10917. Samskip gera athugasemdir við framangreinda umfjöllun Samkeppniseftirlitsins en um þær er nánar fjallað í kafla 26.35 í viðauka. Þar er t.a.m. gerð athugasemd við það að Samkeppniseftirlitið skuli ekki



hafa talið tilboð Samskipa til Innnes í þessu tilviki til marks um markaðsskiptingu þar sem það hafi sýnilega verið of hátt og ekki „samanburðarhæft“ eins og því var lýst af hálfu Innness.

10918. Líkt og nánar er fjallað um í kafla 26.35 er ekki unnt að fallast á þessar athugasemdir Samskipa. Líta verður heildstætt á þau gögn sem tengjast þessum atvikum. Í fyrsta lagi taldi Eimskip samkeppnislega ógn stafa frá Samskipum þegar samningar Innness voru lausir á árinu 2013. Að mati Samkeppniseftirlitsins má ekki greina slíkar áhyggjur eða viðbrögð í gögnum málsins fyrri á rannsóknartímabilinu þegar samningar við stóra viðskiptavinum fyrirtækjanna voru lausir. Í öðru lagi ákvað Eimskip vegna þessara áhyggja að bjóða Innnesi lágt verð enda væru málefni Innnes á „viðkvæmu stigi“. Samskip virðast einnig hafa gert ráð fyrir því að Eimskip myndi bjóða Innnesi lægra verð. Í þriðja lagi voru stjórnendur Samskipa verulega ósáttir við þessa niðurstöðu og reyndu sitt ýtrasta til að halda áfram samskiptum við Innnes og bjóða fyrirtækinu enn hagstæðari verð, sbr. ummæli [\(S\)viðskstj1](#) þegar hann bað starfsmenn í erlendum skrifstofum Samskipa að finna „*absolute best possible solution and lowest possible rate for us to quote. [...]*“⁵⁹²⁸ þar sem Samskip væru að reyna að ná í „*part of Innnes business*“. Innnes var síðan sett á Target lista Samskipa í september 2013.
10919. Með hliðsjón af öllu framangreindu renna atvik tengd Innnesi stoðum undir samfellda markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips frá seinni hluta ársins 2008 fram á árið 2013. Í því sambandi er við sönnun einnig horft til tíðra og beinna samskipta milli Eimskips og Samskipa á þessu tímabili.

21.8. OJK 2013

10920. OJK var mikilvægur viðskiptavinur Samskipa á rannsóknartímabilinu. Í kafla 14.31 er fjallað um atvik frá árinu 2010 tengd OJK og komist að þeirri niðurstöðu að þau hafi verið til marks um samráð Samskipa við Eimskip á þeim tíma. Eins og rakið er í þeirri umfjöllun framlengdu Samskip þá flutningasamning við OJK 5. október 2010 og gilti hann til 31. janúar 2013. Þegar sá samningur losnaði í árslok 2012 voru atvik vegna OJK aftur hluti af hinni ólögumætu markaðsskiptingu, en Samskip héldu í árslok 2012 og byrjun árs 2013 viðskiptum OJK, Garra og N&O. Á sama tíma hélt Eimskip á móti viðskiptum Aðfanga og Innness. Vísast um framangreind atvik árið 2012 til umfjöllunar í kafla 14.50, 14.53 og 14.53.⁵⁹²⁹
10921. Áðurnefndur flutningasamningur Samskipa og OJK frá árslokum 2012 (13. nóvember 2012) gilti til 30. nóvember 2013. Til samanburðar á áðurnefndum atvikum vegna OJK árin 2010-2012 skal horft til atvika vegna þessa sama viðskiptavinar þegar áðurnefndur flutningasamningur hans hjá Samskipum var laus í nóvember 2013.
10922. Hér að framan hafa atvik og gögn frá fyrstu mánuðum ársins 2013 verið rakin og hvernig þau að mati Samkeppniseftirlitsins benda til þess að dregið hafi úr samráði milli Samskipa og Eimskips um mikilvæga viðskiptavinum, sem hafði þá í meginatriðum ríkt á árunum á undan. Eftirgreind gögn vegna OJK frá seinni hluta ársins 2013 eru í samræmi við framangreint mat og undirstrika að sama skapi framkvæmd samráðs Samskipa og Eimskips árin á undan.
10923. Í aðdraganda þess að flutningasamningur OJK var laus hjá Samskipum í nóvember 2013, eða þann 4. september 2013, sendi [\(E\)viðskstj2](#) tölvupóst til [\(E\)forstö-sölud](#) þar sem hann taldi upp nokkra nýja viðskiptavinum sem hann ætlaði að „vinna í“. ⁵⁹³⁰ Sagði hann nánar tiltekið eftirfarandi:

⁵⁹²⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

⁵⁹²⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

⁵⁹³⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.156915.



„Hér að neðan kemur fimma frá mér, sem að sjálfsgöðu mun verða lifandi og taka breytingum til samræmis við ný tækifæri og nýjar hugmyndir sem að munu skapast í vetur. Vona að þetta verði tíá í lok vetrar ☺

Varðandi nýja viðskiptavinini þá ætla ég að vinna m.a. í neðangreindum fyrirtækjum:

Fastus ehf. – er nú þegar í vinnslu

Rolf Johansen og Co ehf., bæði flutningur vöruhýsing. þurfum að leggja okkur hart fram hér.

Plastco ehf. – Flottur viðskiptavinur sem að leynir verulega á sér í magni.

O Johnson & Kaaber – kominn tími til að leggja til atlögu við þá.

Kjarnavörur - samningur að losna í september

Arka ehf. – ná þeim tilbaka frá Thorship. Hef verið að halda þeim við efnið.“

10924. Eins og áður segir er talið að Eimskip hafi, í samræmi við ólögsmæta markaðsskiptingu við Samskip, ekki reynt að sækjast eftir viðskiptum Samskipa við OJK á árunum 2010 til 2012. Í áðurnefndum ummælum (E)viðskstj2, viðskiptastjóra Eimskips, má sjá að hann lagði það til við yfirmann sinn að nú væri „kominn tími til“ að sækjast eftir viðskiptasamningi við OJK.
10925. Að mati Samkeppniseftirlitsins endurspeglar þessi afstaða (E)viðskstj2 það ástand sem samráð Samskipa og Eimskips hafði á samkeppni milli fyrirtækjanna. Vegna samráðsins hafði ekki áður verið „réttur tími“ til að sækjast eftir viðskiptasamningi OJK. Í september 2013 þótti hins vegar kominn tími til að draga úr samráði við Samskip og hefja að þessu leyti samkeppni á ný. Það gekk eftir, þ.e. Eimskip gerði atlögu að og náði samningi um sjóflutningsviðskipti OJK (Evrópuflutningi) frá Samskipum.
10926. Þann 8. september 2013 sendi (S)forstö-innfl2 tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og minnti hann á að „vinir okkar í kaaber eru að renna út á samning nú haust.“⁵⁹³¹
10927. Samkeppniseftirlitið framkvæmdi húsleitir vegna rannsókna þessa máls í starfsstöðvum Eimskips og Samskipa tveimur dögum síðar, 10. september 2013.
10928. Í afhentum gögnum Eimskips má síðan sjá að 13. desember 2013 sendi OJK tölvupóst til Eimskips og Samskipa, þar sem tilkynnt var um og afhent gögn vegna lokaðs útboðs fyrirtækisins á sjóflutningum frá Evrópu til Íslands.⁵⁹³² Þetta staðfesta afhent gögn frá Samskipum einnig.⁵⁹³³ Tilboðsfrestur vegna OJK var til 18. desember 2013.
10929. Samkvæmt afhentum útboðslista Eimskips er OJK sagt „unnið“ á árinu 2013. OJK er einnig á lista Samskipa yfir útboð (desember 2013).⁵⁹³⁴ Er það í samræmi við afhent yfirlit Samskipa þar sem fram kemur að Samskip hafi tapað viðskiptum OJK yfir til Eimskips í desember 2013.⁵⁹³⁵
10930. Af þessum afhentu gögnum má því sjá að Eimskip sótti og náði viðskiptum OJK frá Samskipum. Er það í samræmi við áðurnefnd ummæli (E)viðskstj2 í tölvupósti frá september 2013 um að það væri „kominn tími til að leggja til atlögu við þá [OJK]“ og önnur gögn málsins sem sýna að samráð Samskipa og Eimskips um markaðsskiptingu mikilvægra viðskiptavina hafi tekið að fjara út á árinu 2013.

⁵⁹³¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.716962.

⁵⁹³² Afhentur tölvupóstur frá Eimskip. Afhentur 19.02.2016. „Sjóflutningar frá Evrópu. Útboð / Könnun“, minnislykill 4 Samkeppnin og fl. Ýmis gögn.

⁵⁹³³ Meðal afhentra gagna Eimskips fannst án skýringa samningsdrög merkt „O Johnson og Kaaber ehf – samngur 2013“. Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent 19.02.2016. Minnislykill 4 Samkeppnin og fl. Ýmis gögn.

⁵⁹³⁴ Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015, fskj. 8. „O Johnson & Kaaber – útboð des 2013“.

⁵⁹³⁵ Meðal afhentra gagna Eimskips fannst án skýringa samningsdrög merkt „O Johnson og Kaaber ehf – samngur 2013“. Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent 19.02.2016. Minnislykill 4 Samkeppnin og fl. Ýmis gögn.



21.9. Ölgerðin 2013

10931. Líkt og áður hefur komið fram var ÖES um árabíl mikilvægur viðskiptavinur Eimskips í inn- og útflutningi sem og í landflutningum. Í kafla 14.3.5 er rökstutt að ólögmaett samráð hafi átt sér stað milli Samskipa og Eimskip í tengslum við útboð ÖES í október 2009. Gilti sá samningur Eimskips við ÖES til 30. nóvember 2011 en eftir það skildi hann framlengjast ótímabundið með þriggja mánaða uppsagnarfresti.⁵⁹³⁶
10932. Í kafla 14.37.7 er svo fjallað um atburðarás í tengslum við viðskipti ÖES á árinu 2011. ÖES sneri sér þá til Samskipa vegna óánægju með hækkunaráform Eimskips en Samskip virtu hins vegar markaðsskiptinguna með því að sækjast ekki eftir viðskiptum ÖES. ÖES skrifaði því undir nýjan samning við Eimskip 20. desember 2011 sem fól í sér hækkanir á þjónustugjöldum Eimskips. Gilti sá samningur til loka árs 2013.
10933. Eins og fram kemur í umfjöllun Samkeppniseftirlitsins endurspegluðu framangreind atvik á árunum 2009 og 2011 markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips. Samanburður þessara atvika við atvik tengd ÖES á árinu 2013, þegar markaðsskipting fyrirtækjanna byrjaði að fjara út, rennir jafnframt enn styrkari stoðum undir mat eftirlitsins um samráð. Verður nú vikið að þessum samanburði.
10934. Þann 13. febrúar 2013 sendi framkvæmdastjóri hjá ÖES tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og óskaði honum til hamingju með nýja starfið en hann hafði þá nýverið tekið við framkvæmdastjórstöðu á innanlandssviði Samskipa. Sagði hann jafnframt að ÖES og Samskip þyrftu að taka fund með vorinu því samningur ÖES við Flytjanda (Eimskip) væri að renna út í desember sama ár. (S)forstö-innfl1 tók mjög vel í það og spurði hvort bæði landflutninga – og innflutningssamningur ÖES við Eimskip væri að renna út um haustið. Sagði hann einnig eftirfarandi:
- „Það er klárlega titringur á markaðnum þ.a. það gæti verið snjallt hjá ykkur að skoða flutningamálin vel. Tökum spjall um þessi mál fljótlega.“*
10935. Í apríl sama ár hafði (S)forstö-innfl1 síðan frumkvæði að því að óska eftir fundi með ÖES til að ræða „flutningamál og fleira“. Fundur var ákveðinn 9. apríl 2013.⁵⁹³⁷
10936. Varðandi landflutninga þá ber hér að undirstrika að ÖES var hluti af „sóknargír“ Samskipa í maí 2013 og talinn einn af lykilviðskiptavinum Eimskips sem Samskip ætluðu að sækja á „með ákafa“, sbr. umfjöllun hér að framan.⁵⁹³⁸
10937. Í fundargerð af fundi LIS-deildar Eimskips (inn- og útflutningur) 21. júlí 2013 kom m.a. fram undir „Helstu mál“: „Stærri verkefni í gangi : Toyota, Lífland, IKEA, Ölgerðin, Hekla og Suzuki“.⁵⁹³⁹ Viku síðar var þetta aftur umræðuefni á fundi deildarinnar. Á þeim fundi var sömuleiðis rætt um aukna afkastagetu „í flutningum, samkeppni hörð“.⁵⁹⁴⁰
10938. Þann 21. ágúst 2013 lágu fyrir drög að glærुकynningu hjá Samskipum vegna áætlunargerðar fyrir árið 2014 í innflutningi („Magn- og tekjuáætlun Innflutningur“). Í þeirri kynningu er m.a. fjallað um

⁵⁹³⁶ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 19.02.2016, minnislykill 2. Samningur við ÖES, dags. 5.11.2009.

⁵⁹³⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. Milli Ölgerðarinnar og [...]. „Til hamingju með nýja starfið“, dags. 02.04.2013. Doc ID. 0.7.33.1075985.

⁵⁹³⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Sóknargírinn“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.589378.

⁵⁹³⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „LIS fundur_2013_Vika 34“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 22.08.2013, kl. 09:27.

⁵⁹⁴⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „LIS fundur_2013_Vika 35“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 28.08.2013, kl. 10:39.



samkeppnina og áherslur í sölu árið 2014. Má þar m.a. sjá umfjöllun um sókn á mikilvæga viðskiptavini Eimskips, þar á meðal ÖES, þar sem stendur „Nýtt“, 4000 gámar „allt eða ekkert“.⁵⁹⁴¹

10939. Í lok ágúst 2013 upplýsti ÖES (S)forstö-innfl1 um að Samskip fengju send gögn í næstu viku fyrir inn- og útflutning ásamt landflutningum. (S)forstö-innfl1 framsendi tölvupóstinn til (S)forstö-landfl og tók fram að það þyrfti að reyna að „loka“ Vífilfelli fljótlega.⁵⁹⁴²
10940. Útboðsgögn bárust frá ÖES 4. september 2013 og átti að skila inn tilboðum 4. október sama ár. (S)forstö-innfl1 áframsendi tölvupóstinn til (S)forstö-landfl og sagði:
- „Lokum Vífilfell áður en við skilum þessu inn“*⁵⁹⁴³
10941. Í söluskýrslu Samskipa fyrir inn- og útflutning sem (S)starfsm sendi til (S)forstj og (S)forstö-innfl1 sama dag, 4. september 2013, var ÖES á „Target lista“ Samskipa yfir stóra viðskiptavini Eimskips sem Samskip ráðgerðu að herja á frá október til desember 2013, sbr. umfjöllun hér að framan.⁵⁹⁴⁴
10942. Þann 4. september 2013 fékk Eimskip, líkt og Samskip, útboðsgögn frá ÖES (sem tóku bæði til sjó- og landflutninga). Sama dag áframsendi (E)forstö-landfl1 verðkönnunina frá ÖES til (E)sölustj-innanl3 og sagði af því tilefni: „Hérna koma upplýsingar frá Ölgerðinni vegna verðkönnunar. Við þurfum að klára Olís áður en við sendum þetta frá okkur.“
10943. Samkvæmt afhentum gögnum Samskipa skilaði fyrirtækið tilboði til ÖES og er það dagsett í september 2013.⁵⁹⁴⁵
10944. Húsleitir Samkeppniseftirlitsins voru framkvæmdar á starfsstöðvum Eimskips og Samskipa 10. september 2013.
10945. Samkvæmt afhentum gögnum Eimskips skrifaði fyrirtækið undir samning við ÖES þann 3. desember 2013.⁵⁹⁴⁶
10946. Að mati Samkeppniseftirlitsins varpar framanritað skýru ljósi á samráð Samskipa og Eimskips um viðskipti ÖES frá árinu 2009 og fram á árið 2013. Þegar markaðsskipting fyrirtækjanna fór að fjara út á árinu 2013 voru viðbrögð (S)forstö-innfl1 og Samskipa gagnvart væntanlegum lausum samningi ÖES við Eimskip önnur en þegar samningur ÖES við Eimskip var laus á árunum 2009 og 2011.
10947. Í athugasemdum Samskipa byggir fyrirtækið á því að aðstæður varðandi ÖES hafi ekki að neinu leyti verið aðrar á árinu 2013 en fyrr á rannsóknartímabilinu. Vísa Samskip til þess að gríðarlega mikil vinna hafi verið lögð í það innan Samskipa að greina útboðsgögn frá ÖES fyrr á tímabilinu, eiga samskipti við fyrirtækið og freista þess að bjóða samkeppnishæf verð.
10948. Í kafla 26.6.2 í viðauka er fjallað um sjónarmið Samskipa um útboð ÖES á árinu 2009. Vísast einnig til umfjöllunar í kafla 32 um framangreind atvik tengd ÖES á árinu 2013.

⁵⁹⁴¹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Áætlun 2014 - innflutningur 1 draft..potx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.708626.

⁵⁹⁴² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1105363.

⁵⁹⁴³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1106692, sbr. eftirfarandi: „Þeir voru ekki með BAF áður en ég kom því inn í samninginn hjá þeim síðast og þá var krafa frá Inter IKEA að það væri í EUR og væri fast í amk. 1 ár.“

⁵⁹⁴⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „soluskýrsla_fyrir_agust_2013.docx.“, bls. 11. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.715192.

⁵⁹⁴⁵ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. Fskj. 8. „Ölgerðin verðkönnun á flutningum 2013. Tilboð Samskipa í flutninga Ölgerðarinnar 2013“.

⁵⁹⁴⁶ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 19.02.2016. Fskj. 5. „Eimskip samningar S-Ö“.



21.10. IKEA 2013

10949. Í kafla 14.29 kemur fram að samningur Eimskips við IKEA hafi verið laus sumarið 2010 en fyrirtækið var þá mikilvægur viðskiptavinur Eimskips. Viðbrögð Samskipa við þeim fregnum endurspegla samráð Samskipa og Eimskips en aðspurður hvort Samskip ætluðu sér að ná í IKEA svaraði **(S)forstö-innfl1** því að svo væri ekki þar sem markmiðið „*hjá innflutningi er að hækka verð á núverandi kúnna, s.s. Rúmfó, Húsa og ÍSAM.*“
10950. Vekur framangreint athygli í ljósi þess að í október 2007, áður en samráðið hófst, gaf sami stjórnandi Samskipa, **(S)forstö-innfl1**, þau fyrirmæli að taka „*grænendinginn á Ikea*“ en líkt og áður hefur komið fram þýddi það að bjóða mjög samkeppnishæf verð. Gaf hann m.a. þau fyrirmæli að veita 60% afslátt af uppskipunargjaldi og sagði „*Nú tökum við þetta!!!*“.⁵⁹⁴⁷ Rennir þetta enn styrkari stoðum undir það að háttsemi Samskipa sumarið 2010 hafi verið liður í ólögmætri markaðsskiptingu fyrirtækjanna.
10951. Eimskip náði þar með að halda viðskiptum IKEA árið 2010 án nokkurs samkeppnislegs þrýstings frá Samskipum sem gerði Eimskip m.a. kleift að innleiða BAF-gjald inn í samninginn sem ekki hafði verið kveðið á um í fyrri samningi.⁵⁹⁴⁸
10952. Samningur IKEA var laus á ný um mitt ár 2013. Líkt og rakið hefur verið var á þeim tíma kominn órói í ólögmæta markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips. Gögn sem tengjast opnum samningi IKEA haustið 2013 veita sterkar vísbendingar í þá veru og styrkja í raun enn frekar þá ályktun Samkeppniseftirlitsins að um markaðsskiptingu hafi verið að ræða sumarið 2010, sbr. framanritað.
10953. Strax í upphafi árs 2013 hófst „*sókn*“ Samskipa gagnvart mikilvægum viðskiptavinum Eimskips, sbr. umfjöllun hér að framan. IKEA var meðal þeirra fyrirtækja sem fyrirtækið hugðist sækja á. Hér má t.d. nefna að 25. janúar 2013 sendi **(S)forstj** tölvupóst til **(S)forstö-innfl1** með heitinu „*kúnnar*“. Þar tiltók hann að umræðuefni á fundi þeirra mánudeginum eftir yrði m.a.:

„*Ikea*“.⁵⁹⁴⁹

10954. Næsta mánudag, 28. janúar 2013, fyrir fund **(S)forstj** og **(S)forstö-innfl1**, sendi sá síðarnefndi þeim fyrrnefnda tölvupóst með gögnum fyrir fundinn. Í viðhengi var skjal þar sem m.a. voru listaðir upp allra stærstu viðskiptavinir Eimskips í innflutningi (A-viðskiptavinir). Á meðal viðskiptavina á umræddum „*Target lista*“, þ.e. lista yfir viðskiptavini Eimskips sem Samskip ætluðu að sækja á, var „*Ikea*“.⁵⁹⁵⁰
10955. Þann 6. september 2013 sendi IKEA formlega beiðni um tilboð í innflutning til Eimskips og Samskipa. Tilboðsbeiðnin barst á netfang **(E)viðskstj2** fyrir hönd Eimskips og hann framsendi póstinn stuttu síðar til **(E)frkvstj-sala/þj** og síðan upplýsingar um það verð sem IKEA var með hjá Eimskip á þeim tíma. Þar sagði m.a.:

„*Sjóflutningur á 20' er EUR 465 og BAF EUR 120 og sjóflutningur á 40' er EUR 490 og BAF á EUR 240.*

Þeir voru ekki með BAF áður en ég kom því inn í samninginn hjá þeim síðast og þá var krafa frá Inter IKEA að það væri í EUR og væri fast í amk. 1 ár.“⁵⁹⁵¹

⁵⁹⁴⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.505156.

⁵⁹⁴⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc ID. 0.7.33.300893.

⁵⁹⁴⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1097695.

⁵⁹⁵⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1053789.

⁵⁹⁵¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.300893.



10956. Nokkrum dögum síðar sendi (E)viðskstj2 tillögu að nýjum verðum fyrir IKEA til (E)frkvstj-sala/pj.⁵⁹⁵² Setti hann upp eftirfarandi töflu til samanburðar við þau verð sem voru þegar í gildi.

		USD	123,891			
		EUR	163,176			
Evrópa			20'	40'	cbm	tonn
		BAF	120	240	18	39
		SECI	25	47	1,7	3,1
		Uppsk.	64.182	110.428	2.257	4.443
		Heimakstur	39.819			
20 FT	í dag					
	IKEA	Tillaga	EUR			
Sjófl	75.877	73.429	465	450		
BAF	19.581	19.581				
UPP	15.870	15.870				
SECI	4.079	4.079				
AFG	2.021	2.021				
AKST	11.000	11.000				
BAT	6.021	6.021				
	134.449	132.001	-1,82%			
	RVK					
40 FT						
	IKEA	Tillaga	EUR			
Sjófl	79.956	73.429	490	450		
BAF	39.162	39.162				
UPP	26.450	26.450				
SECI	7.669	7.669				
AFG	2.021	2.021				
AKST	11.000	11.000				
BAT	6.021	6.021				
	172.279	165.752	-3,79%			

10957. Af framangreindu má ráða að gildandi verð í samningi Eimskips við IKEA hafi verið 465 evrur fyrir 20 ft gám og 490 evrur fyrir 40 ft gám, auk annarra tilgreindra gjaldaliða en líkt og áður segir náði Eimskip að bæta BAF-gjaldi inn í samninginn árið 2010.

10958. Síðar sama kvöld sendi (E)frkvstj-sala/pj tölvupóst til (E)forstj í tilefni framanritaðs. Í tölvupóstinum sagði: „FYI, við klárum þetta en það er greinilegur þrýstingur á verðin.“⁵⁹⁵³ (E)forstj svaraði morguninn eftir með orðunum:

„það er allt í uppnámi verðlega séð“⁵⁹⁵⁴

10959. Í september 2013 undirbjuggu Samskip einnig verðtilboð til IKEA en rétt er að rifja það upp að IKEA var meðal þeirra viðskiptavina Eimskips sem voru á „Target lista“ Samskipa á árinu 2013, sbr. umfjöllun hér að framan.

⁵⁹⁵² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.303198. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. Viðhengi við framanritaðan tölvupóst. „Miklatorg ehf samningur 2013.xls“. Doc. ID. 0.7.33.303198-000001.

⁵⁹⁵³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.351833.

⁵⁹⁵⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.301488.



10960. Þann 20. september 2013 sendi (S)starfsm tölvupóst til (S)forstö-innfl1 þar sem hann bar saman mögulegt verðtilboð við verðtilboð Samskipa frá árinu 2007 en líkt og fyrr segir gáfu Samskip IKEA svokölluð „grænensk“ verð árið 2007. (S)forstö-innfl1 hafði reyndar óskað eftir upplýsingum um verð sem Samskip buðu IKEA árið 2010 en líkt og komið hefur fram tóku Samskip þá ákvörðun, á grundvelli samráðsins, að sækjast ekki eftir viðskiptum IKEA þá.⁵⁹⁵⁵ Þar af leiðandi var ekki til staðar verðtilboð frá árinu 2010 til að bera saman við. Útskýrir það þá staðreynd að 20. september 2013 gat (S)starfsm eingöngu borið nýja verðtillögu Samskipa saman við verðtilboð Samskipa frá árinu 2007. Samanburðurinn leit svona út:

Hér er grófur samanburður á tilboði 2007 og núna, auðvitað allt annað gengi osfrv.											
Ikea 2013	Sjófrakt	BAFR	Repo	Upps	Skipun	SPSA	Afgr.gj.	Akstur	FAFS	Samtals	
20ft	€ 280152,50		20.000	€ 53,4		3.077		12.000		-	
40ft	€ 3803050		30.000	€ 53,4		3.077		12.000		-	152.861
Ikea 2007	Sjófrakt	BAFR	Repo	Upps	Skipun	SPSA	Afgr.gj.	Akstur	FAFS	Samtals	
20ft	€ 49000		32.560	€ 53,4		3.077		-		123.809	
40ft	€ 69000		49.320	€ 53,4		3.077		-		173.021	

10961. Af þessu má ráða að Samskip hafi í september 2013 ákveðið að bjóða IKEA mjög samkeppnishæf verð. Sést það einna helst á samanburði við það verð sem IKEA var þegar með hjá Eimskip og hvað Eimskip virtist tilbúið að bjóða í nýjan samning. Til nánari skýringar var verðtillaga Samskipa enn tæplega 8% lægri fyrir 40 feta gám heldur en ný tillaga Eimskips og 18% lægri fyrir 20 feta gám, þrátt fyrir að ný verðtillaga Eimskips gerði ráð fyrir tæplega 2-4% lækkun á heildarflutningsverði IKEA.
10962. Líkt og áður hefur komið fram framkvæmdu Samkeppniseftirlitið húsleitir í starfsstöðvum Eimskips og Samskipa 10. september 2013. Ekki liggja því fyrir haldlögð eða afrituð gögn frá fyrirtækjunum eftir þá aðgerð.
10963. Samkvæmt afhentum gögnum frá Eimskip og Samskipum er ljóst að Samskip sömdu að lokum við IKEA í október 2013 og tókst því með samkeppnishæfum verðum að ná viðskiptum af Eimskip við þennan mikilvæga viðskiptavin, en eins og fyrr sagði höfðu Samskip ekki fyrir því sumarið 2010 að bjóða í viðskipti við IKEA þar sem markmiðið var þá „að hækka verð á núverandi kúnna“.⁵⁹⁵⁶
10964. Veitir framangreint að mati Samkeppniseftirlitsins sterkar vísbendingar um annars vegar ólögmæta markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips á árunum 2008-2012 og hins vegar að hún hafi verið að líða undir lok á þessum tíma, þ.e. á árinu 2013, enda hafði húsleit Samkeppniseftirlitsins þegar farið fram þegar þessi atvik áttu sér stað. Styrkir þetta einnig það mat Samkeppniseftirlitsins að atvik tengd lausum samningi IKEA á árinu 2010 hafi verið hluti af samráði fyrirtækjanna.
10965. Samskip byggja í athugasemdum sínum á því að stjórnendur IKEA hafi aldrei sýnt því raunverulegan áhuga að skipta um flutningsaðila en fyrirtækið hafi allt rannsóknartímabilið verið viðskiptavinur

⁵⁹⁵⁵ Afrituð tölvupóstsamkipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1110222.

⁵⁹⁵⁶ Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent 19.02.2016. Minnislykill 4_Samn.keppin._og_fl. Ýmis gögn. „Útboð.xlsx“. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „LIS fundur_2013_Vika 15“. Fannst á sameiginlegu drifi Eimskips, síðast vistað 04.11.2013, kl. 15:12. Sjá einnig afhenta töflu á bls. 19 í svarbréfi Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 10.04.2015. Í skýringum Samskipa um töfluna kemur fram sá fyrirvari á bls. 18 í bréfinu að „[u]tanumhald um misst og fengin viðskipti [hafi] ekki verið með skipulögðum hætti hjá Samskipum frá árinu 2006 til ársins 2013.“ Afhent tafla sé „besta tilraun Samskipa til að sýna misst og fengin viðskipti á þessum árum.“ Listinn sé þ.a.l. ekki tæmandi og gæti því verið að við vinnslu töflunnar hafi einhver fyrirtæki fallið milli skips og bryggju eða að tímasetningar séu ónákvæmar. Samkeppniseftirlitið bendir á að við rannsókn málsins hafa ekki komið fram upplýsingar eða gögn sem leiða til þess að sönnunargildi töflunnar sem slíkrar sé dregið í efa. Það athugið að ekki er ávallt fylgt tímaröð í framsetningu á töflunni.



Eimskips. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þessar skýringar Samskipa. Rétt er að rifja upp að Samskip tóku vísitandi þá ákvörðun árið 2010 að reyna ekki að ná IKEA í viðskipti þrátt fyrir að hafa vitað að IKEA ætlaði að segja upp samningi sínum við Eimskip. Ástæða þessa var alls ekki sú að IKEA hefði sýnt Samskipum áhugaleysi heldur kemur skýrt fram í tölvupósti frá (S)forstö-innfl1 að markmiðið hjá innflutningsdeild Samskipa á þessum tíma væri aðeins að „hækka verð á núverandi kúnnna“, sbr. kafla 14.9.4 í ákvörðun. Það var því algjört aðgerðar- og áhugaleysi Samskipa og tryggð fyrirtækisins við hina ólögsmætu markaðsskiptingu sem olli því að IKEA fékk ekki einu sinni tækifæri til að íhuga að skipta um flutningsaðila á rannsóknartímabilinu. Ekki er unnt að fallast á það með Samskipum, án nokkurra framlagðra gagna, að skýringin hafi verið meint áhugaleysi af hálfu IKEA.

10966. Nánar er fjallað um frekari athugasemdir Samskipa um atvik tengd IKEA í kafla 32.

21.11. Áframhaldandi samráð

10967. Hér að framan hefur því verið lýst hvernig dró úr ólögsmætu samráði milli Samskipa og Eimskips árið 2013. Þannig drógu fyrirtækin árið 2013 m.a. úr áralangri markaðsskiptingu um mikilvæga viðskiptavinum.

10968. Hér að framan hefur því svo verið lýst hvernig umræddur órói breyttist í samkeppni þegar Eimskip og Samskip skipulögðu sókn á markaði. Í umfjölluninni voru tekin dæmi um atvik þar sem fyrirtækin gerðu atlögu að mikilvægum viðskiptavinum hvors annars. Þrátt fyrir að órói hafi komið upp í þessum þætti samráðsins árið 2013, skal því haldið til haga að samráð fyrirtækjanna hélt áfram a.m.k. út rannsóknartímabilið. Verður þetta nú dregið saman.

21.11.1. Samskip vara Eimskip við húsleit Samkeppniseftirlitsins í september 2013

10969. Í kafla 13 er gerð grein fyrir samskiptum Samskipa við Eimskip á árunum 2009-2013. Þar er því m.a. lýst að (S)forstö-útl og (E)frkvstj-sala/bj hafi skipulagt fund í apríl 2013 og að í júlí hefði (E)forstö-N-Am, starfsmaður Eimskips í Bandaríkjunum, sent tölvupóst til (E)frkvstj-sala/bj og beðið um símanúmer (S)forstö-útl því hann væri staddur í Bandaríkjunum og (E)forstö-N-Am ætlaði að hitta hann. Þann 5. september átti sér stað símtal milli (E)frkvstj-sala/bj og (S)frkvstj-Jóna og þann 7. september milli (E)forstj og (S)forstö-útl.

10970. Þann 10. september 2013 framkvæmdi Samkeppniseftirlitið húsleitir á starfsstöðvum Eimskips og Samskipa. Aðgerðir hófust samtímis klukkan 09:00. Fyrirliggjandi er að stuttu eftir að húsleit var hafin hjá Samskipum, eða kl. 09:14:33, hringdi (S)forstj til (E)frkvstj-sala/bj.⁵⁹⁵⁷ Símtalið stóð yfir í eina og hálfu mínútu. Hringdi (S)forstj ekki úr farsíma sínum heldur úr borðsíma.

10971. (E)frkvstj-sala/bj upplýsti um umrætt símtal við munnlega upplýsingagjöf hjá Samkeppniseftirlitinu þennan sama dag, 10. september 2013. Nánar tiltekið upplýsti (E)frkvstj-sala/bj um símtalið þegar hann var spurður út í samskipti við stjórnendur og starfsmenn Samskipa. Þá upplýsti hann að félögin hefðu fyrir húsleit verið í samningalotu vegna áframhaldandi samstarfs þeirra í Norður-Ameríku siglingum. Í upplýsingagjöf (E)frkvstj-sala/bj segir:

(E)frkvstj-sala/bj: Já, og við erum búin að vera í núna örugglega einhverja mánuði on and off sko með þann samning sko í gangi. Það er svolítið hjákátlegt sko, mér finnst bara rétt að það komi fram að hérna ég sendi mail á [(S)forstö-útl] út af þessu í, hvort það hafi ekki bara verið í gær sko hvort við ættum ekki að klára þetta af því við gátum það ekki í síðustu viku þá var ég upptekinn og eitthvað og hérna það er allt til. Hann svaraði að hann kæmist ekki í þessari viku og hérna ég er að fara út í fyrramálið og kemst ekki, ég meina þetta er allt að

⁵⁹⁵⁷ Afrituð símagögn úr haldlögðum farsíma [...]



fara að dragast sko. Og svo bara for the record af því ég meina það er ekkert að fela í því, þá hérna var ég á fundi í morgun með [(E)forstö-alsjv] í flutningsmiðlunardeildinni, þá hringir síminn hjá mér, númer sem ég þekki ekki þannig að ég segi [(E)forstö-alsjv] hinkraðu aðeins, venjulega er bara, kemur nafnið yfirleitt á þeim sem hringir, þetta var bara óskráð númer eða sem sagt ekki, ég þekkti það bara ekki, en ég svara og believe it or not, þetta er stjarnfræðilega ekki hægt, ég er búinn að hugsa þetta síðan, þá var þetta [(S)forstj] í Samskipum og ég segi já sæll og, nei ég segi bara já halló, þetta er [(S)forstj], ég alveg ha? [(S)forstj], og ég var svona svolítið, það tók mig smá tíma að átta mig, og já, já ókei, ertu að spá í Ameríkusamninginn eða eitthvað svona segi ég, og já, ég segi já ég er eiginlega bókaður mjög mikið í dag, ég átti mikið af fundum í dag og hérna það er þá ekki fyrr en í lok dags, varstu að spá í að skrifa undir af því að [(S)forstö-útf] komst ekki, eitthvað svona segi ég, já eitthvað, og þá hringir borðsíminn minn og ég er með hann hérna og já bíddu, og þá er hringt á skiptiborðinu niðri sem sagt og hérna ég alveg já ég er í hinum símanum og geturðu tekið skilaboð? Nei, það er eiginlega að Samkeppniseftirlitið er hérna niðri. Og ég alveg bara, that was quick sko, þetta var eiginlega of fáránlegt til að vera satt sko. Ef þið mynduð velja mínútu næstu fimm árin sko til að Samkeppniseftirlitið og [(S)forstj] myndu þú veist, þetta er eiginlega of asnlegt til að vera satt, en þetta er alveg satt. Þið náttúrliga getið skoðað símfælana mína sko 5 ár aftur í tímann og þetta er í fyrsta skipti sem að ég tala við [(S)forstj] í síma, þannig að mér finnst bara eðlilegt að það komi strax fram. Af því að þið eruð með símann hvort eð er og sjáið þetta númerið og farið þá að velja vöngum, ég, mér finnst það, þú veist þetta er eiginlega eins og í bíómynd sko, mér finnst það svo asnlegt.

SE: En hérna, það er komið þá til skila. En hérna, við erum að tala um svona samskipti hérna, hefur þú sjálfur eitthvað verið í samskiptum við starfsmenn Samskipa?

(E)frkvstj-sala/þj: Nei, ekki nema eins og ég segi, út af þessum Ameríkusamning.

SE: Og þá er það hvað helst, [(S)forstö-útf] þá?

(E)frkvstj-sala/þj: Já, í þessari lotu þá hefur það verið eingöngu [(S)forstö-útf]. Síðast var [(S)forstö-innfl1] með honum.

10972. Í skýrslu (S)forstj á vettvangi húsleitar hjá Samskipum upplýsti hann ekki um umrætt símtal hans við (E)frkvstj-sala/þj fyrr um morguninn. Í skýrslunni sagði (S)forstj aðspurður að starfsmenn Samskipa á millilandasviði hefðu séð um samskipti við Eimskip vegna Norður-Ameríku samstarfsins. Hann upplýsti ekki um að hann hefði átt slík samskipti við Eimskip. Aðspurður staðhæfði (S)forstj að hann hefði ekki átt vinnutengd samskipti (þ. á m. símtöl) við starfsmenn Eimskips. Nánar tiltekið var upplýsingagjöf (S)forstj þessi:

SE: Hérna, þá spyr ég þig hvort að hérna, hafa starfsmenn Samskipa og Eimskips átt í samskiptum á síðastliðnum árum? [...]

(S)forstj: Ég bara þekki ekki til þess hérna, ég veit þó til af sko samsiglingum eða samningi sem að við höfum haft við hérna, sem við höfum haft við Eimskip sem er hérna samningur um hérna flutninga til og frá Ameríku.

SE: Veistu hvaða aðilar þá sem eru í þessum samskiptum?

(S)forstj: Sem að eru, væru í því hjá okkur?

SE: Já.

(S)forstj: Það eru þá þeir sem eru á millilandasviðinu.

SE: Hver er það, [(S)viðskstj2] eða?



(S)forstj: Já, meðal annars já.

SE: Einhverjir aðrir sem að koma þar til greina?

(S)forstj: Ekki hérna, ekki svona sem kemur í eða núna sko.

[...]

SE: Hefur þú persónulega átt samskipti við starfsmenn Eimskips, þá er ég að vísa til bæði einka- og vinnutengt, símtöl, fundir eða önnur tilefni?

(S)forstj: Ég myndi hérna ekki segja sko símtöl eða vinnutengt lengi, en hérna maður sko, þetta er lítið land og á frænkur og frænda hér og þar sko, en ekkert vinnutengt.⁵⁹⁵⁸

10973. Í m.a. kafla 13 er lýst tengslum og samskiptum stjórnenda Samskipa og Eimskips. Tengsl og samskipti milli m.a. (S)forstj, (S)forstö-útfli, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjv gerðu fyrirtækjunum án efa auðveldara að koma á og viðhalda hinu samfellda ólögmeða samráði. Þar kemur einnig fram það mat að hið mikla ósamræmi milli annars vegar upplýsingagjafar (S)forstj og (E)forstj til Samkeppniseftirlitsins og hins vegar samskipta í leik og starfi milli þeirra (og annarra lykilstarfsmanna félaganna) gefi eindregið til kynna að forstjórunum hafi verið ljóst að samskipti þeirra voru ekki í samræmi við bann samkeppnislaga við samráði keppnauta.
10974. Þessi samskipti voru til staðar á árinu 2013 og það vekur óneitanlega athygli að ein af fyrstu viðbrögðum (S)forstj við húsleit Samkeppniseftirlitsins voru að komast í borðsíma og hringja til eins af æðstu stjórnendum keppinautarins. Áréttu ber að (S)forstj var inntur eftir samskiptum hans við starfsmenn Eimskips. Gaf (S)forstj þá vísitandi rangar upplýsingar en hann greindi ekki frá umræddu símtali og samskiptum við (E)frkvstj-sala/þj, aðeins nokkrum klukkustundum eftir að símtalið átti sér stað. Í skýrslu sinni gaf (S)forstj einnig rangar upplýsingar um m.a. samskipti við (E)forstj og (E)frkvstj-alþjv.
10975. Lýsing (E)frkvstj-sala/þj á símtalinu við (S)forstj er óljós. Af henni má álykta að hann þekki vel til bæði (S)forstj og (S)forstö-útfli, sbr. tilvísanir til gælunafna þeirra, að hann hafi átt í umtalsverðum samskiptum við Samskip, sbr. tilvísun til samningalotu, og langt sé síðan hann hafi rætt við (S)forstj í síma. Af lýsingunni verður aftur á móti ekki ráðið hvað (S)forstj sagði við (E)frkvstj-sala/þj. Skýringar í skýrslu (E)frkvstj-sala/þj um að símtalið hafi tengst Norður-Ameríku samstarfi fyrirtækjanna, eru ekki trúverðugar, enda gefa gögn málsins ekki til kynna að (S)forstj hafi séð um samskipti við Eimskip vegna Norður-Ameríku samstarfsins. Gögn málsins sýna að árið 2013 önnuðust m.a. (E)forstö-sölud og (E)frkvstj-sala/þj þessi samskipti f.h. Eimskips en (S)forstö-útfli fyrir hönd Samskipa.⁵⁹⁵⁹
10976. Með hliðsjón af framansögðu og að teknu tilliti til annarra samtímagagna eru engar aðrar trúverðugar skýringar á þessu símtali en að Samskip hafi ætlað að vara Eimskip við húsleit Samkeppniseftirlitsins. Í

⁵⁹⁵⁸ Endurrit af skýrslu [...]10.09.2013, bls. 5-6, sjá einnig neðst á bls. 8.

⁵⁹⁵⁹ Framkomnar skýringar í skýrslu [...], þ.e. um að símtalið hafi tengst N-Ameríku samstarfi fyrirtækjanna, eru ekki trúverðugar, enda ljóst, bæði af samtímagögnum og áðurnefndum tilvitnunum í skýrslur hans og [...], að sá síðarnefndi hafði áður ekki verið sá starfsmaður Samskipa sem hafði séð um samskipti við Eimskip vegna N-Ameríku samstarfsins. Að samningsundirbúningi og undirritun N-Ameríku samstarfs árið 2013 komu [...] f.h. Eimskips en [...] f.h. Samskipa. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskips. Milli framangreindra starfsmanna. „EIMSKIP / Samningur, Norður Ameríka“, dags. 19.08.-09.09.2008. Doc. ID. 0.7.34.760385. Þar má sjá að ráðgert var að hópurinn myndi hittast og skrifa undir 16.09.2013. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. Milli [...] „Eimskip /Samningur, Norður Ameríka“, dags. 27.06.2013-12.08.2013. Sjá sérstaklega tölvupósta 27.07.2013, kl. 15:58 við [...] og tölvupóst milli Eimskipsstarfsmannanna þann 29.07.2013, kl. 15:35 en þar er vísað til áframhaldandi samskipta við [...] Doc. ID. 0.7.33.143936. Sjá einnig afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. Milli [...] „EIMSKIP / Samningur, Norður Ameríka“, dags. 27.06.-26.08.2013, kl. 15:34. Doc. ID. 0.7.33.150852. Sjá einnig afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. Milli [...] „EIMSKIP / Samningur, Norður Ameríka“, dags. 16.09.2013, kl. 13:54. Doc. ID. 0.7.34.12458. Þykir líka rétt að áréttu að skrifað var undir umræddan samning Eimskips og Samskipa í desember 2013, n.tt. 23.12.2013, sbr. afhentan samning frá Samskipum 10.04.2015, fskj. 10. [...] skrifaði ekki undir samninginn f.h. Samskipa heldur fyrrgreindur [...]



Því sambandi er m.a. horft til þess að (S)forstj hafði ríka aðkomu að þeim brotum, sem höfðu staðið yfir með Eimskip, í mikilli leynd, samfellt um árabíl.

21.11.2. Samráð í sjóflutningum

10977. Í kafla 16 í skjali þessu er fjallað um þann þátt í samráði Samskipa og Eimskips sem tók til sjóflutninga.
10978. Rifja ber stuttlega upp að þegar ráðist var í „Nýtt upphaf“ verkefni Samskipa og Eimskips í byrjun júní 2008 var fyrir hendi tvenns konar ólögmeitt samráð milli Samskipa og Eimskips í áætlunarsiglingum til og frá Íslandi. Annars vegar samráð í siglingum til og frá Norður-Ameríku og hins vegar það samráð sem tók til siglinga til og frá Evrópu og nefnt var „Neyðarsamkomulag“.
10979. Í kjölfar þess að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst um mitt árið 2008 var samráð Samskipa og Eimskips í sjóflutningum aukið. Tengdist sú aukning ekki síst því að fyrirtækin leystu saman viðfangsefni sem komu til í kjölfar þess að þau áttu samráð um takmörkun flutningsgetu í sjóflutningum í haustið 2008.
10980. Eins og fram hefur komið leiddi af þessu flutningssamstarfi fyrirtækjanna mikil samskipti milli stjórnenda og starfsmanna þeirra. Fyrir utan samskipti starfsmanna fyrirtækjanna vegna daglegrar framkvæmdar samráðsins liggja fyrir gögn sem sýna að æðstu stjórnendur fyrirtækjanna áttu tíð samskipti vegna þessa. Þessi samskipti voru viðvarandi, a.m.k. alveg fram að húsleitum Samkeppniseftirlitsins á starfstöðvum Eimskips og Samskipa í september 2013.
10981. Þótt dregið hafi úr samráði Samskipa og Eimskips á árinu 2013 leiddi það ekki til þess að fyrirtækin létu af háttsemi sinni í sjóflutningum. Samtímagögn sýna að Samskip og Eimskip héldu áfram að eiga í samskiptum enda hafa Samskip upplýst að fyrirtækin hafi framlengt samning sinn munnlega út árið 2013, þangað til gerður var nýr skriflegur samningur í desember 2013. Fyrir liggur tölvupóstur frá 8. apríl 2013 sem (S)forstö-útfl sendi (E)frkvstj-sala/þj og var efni hans: „USA samningur“. (S)forstö-útfl kveðst hafa tekið að sér að klára þetta mál við Eimskip og spurði hvort (E)frkvstj-sala/þj hefði tíma í vikunni til að hittast og fara yfir þetta. (E)frkvstj-sala/þj svaraði játandi og lagði til að þeir hittust seinni part vikunnar.⁵⁹⁶⁰ Fyrir liggur einnig fundarboð (S)forstö-útfl til sjálfs sín 25. júní 2013 kl. 11-12 hjá „þeim“. „Fundur með Eimskip um USA samning“.⁵⁹⁶¹
10982. Líkt og rakið er í kafla 16 eru fyrirliggjandi í gögnum málsins upplýsingar sem staðreyna tilvist samráðs Samskipa og Eimskips í sjóflutningum, sbr. afhentar tölulegar upplýsingar fyrirtækjanna um gagnkvæm flutningsviðskipti þeirra á milli. Eru því til staðar að mati eftirlitsins óyggjandi sönnunargögn um að samráðið hafi verið til staðar a.m.k. út árið 2013. Þá eru einnig fyrirliggjandi upplýsingar um áframhaldandi samráð Samskipa og Eimskips á einstaka flutningaleiðum a.m.k. til ársins 2018, sbr. kafla 16.11:
- Samkvæmt fyrirliggjandi erindi Jóna, dags. 17. september 2018, var samráð í sjóflutningum milli fyrirtækisins og Eimskips ennþá fyrir hendi fram á árið 2018.
 - Samkvæmt upplýsingum Eimskips á fundi 11. júlí 2018 áttu Eimskip og Samskip ennþá í samstarfi á flutningaleiðinni milli Íslands og Norður-Ameríku, án undanþáguheimildar frá samkeppnisyfirdömdum. Kunnert var sömuleiðis á fundinum að þetta samstarf væri af sama meiði og samstarf fyrirtækjanna á þessari leið í gegnum árin sem fjallað hafi verið um í frummati Samkeppniseftirlitsins, sbr. einnig umfjöllun í ákvörðun þessari.

⁵⁹⁶⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1170855.

⁵⁹⁶¹ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1179531.



10983. Þá ber að líta til þess að með undirritun sáttar við Samkeppniseftirlitið hefur Eimskip viðurkennt að hafa átt í ólögumætu samráði við Samskip um m.a. sjóflutninga milli Íslands og annarra Evrópulanda og um sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku þegar ekki var í gildi undanþága frá 10. gr. samkeppnislaga en í sáttinni er rannsóknartímabilið tilgreint árin 2008-2013.

21.11.3. Samráð í landflutningum

10984. Í kafla 17 er fjallað um samráð Samskipa og Eimskips á landflutningamarkaði. Segir frá því að gögn málsins bentu til þess að samstarf fyrirtækjanna í landflutningum hefði hafist a.m.k. á árinu 2005 og það hefði verið samfellt út a.m.k. árið 2013. Samráðið tók hins vegar á sig alvarlegri mynd fyrir tilstilli „Nýtt upphaf“ verkefnisins um mitt ár 2008 þegar Samskip og Eimskip lögðu á ráðin um að auka samstarf sitt í m.a. landflutningum.

10985. Í samráði Samskipa og Eimskips á landflutningamarkaði fólst að fyrirtækin sammæltust m.a. um að annað þeirra hætti að sinna akstri á tilteknum áætlunarleiðum og að hitt flytti þess í stað með því fyrirtæki sem æki umrædda leið á grundvelli umsamins verðs þeirra á milli. Þessu fylgdu umtalsverð bein samskipti á milli fyrirtækjanna.

10986. Þá hefur Eimskip, með sátt við Samkeppniseftirlitið, viðurkennt að hafa átt í ólögumætu samráði við Samskip um m.a. landflutningaþjónustu á flutningaleiðum á Íslandi og skiptingu á mörkuðum á tilteknum flutningaleiðum en í sáttinni er rannsóknartímabilið tilgreint árin 2008-2013.

10987. Það er því að mati Samkeppniseftirlitsins ljóst að órói í samráði Samskipa og Eimskips árið 2013 leiddi ekki til þess að fyrirtækin létu af samráði í landflutningum. Vísast nánar til umfjöllunar um þessi atvik í kafla 17.

21.11.4. Samráð um leigu og lán á gámum

10988. Í kafla 18 hefur verið fjallað um ólögumætt samstarf Samskipa og Eimskips um leigu og lán á gámum.

10989. Samráð Samskipa og Eimskips um takmörkun á flutningsgetu og breytingu á siglingakerfi laut m.a. að því að sníða flutningakerfin utan um vaxandi útflutning frá Íslandi á meðan minnkandi innflutningur leiddi af sér ójöfnuð í flutningakerfum. Þessum fyrirsjáanlega viðfangsefni í gámastýringu mættu fyrirtækin saman m.a. með auknu samstarfi um leigu/láni á gámum. Með þessari samvinnu var stuðlað að því að markmiðið um takmörkun á flutningsframboði gæti gengið eftir með raunhæfum hætti.

10990. Samstarf Samskipa og Eimskips tengt leigu og láni á gámum átti sér ekki aðeins stað á sjóflutningsmarkaði heldur einnig á landflutningamarkaði og er í kafla 18 komist því að það hafi verið samfellt út rannsóknartímabilið eða a.m.k. til júní 2013. Órói í samráði Samskipa og Eimskips árið 2013 leiddi því ekki til þess að fyrirtækin létu af þessari háttsemi.

21.11.5. Verðsamráð í formi afsláttarkjara

10991. Í kafla 14.56 er fjallað um samráð Samskipa og Eimskips sem fólst m.a. í takmörkun á afslætti til viðskiptavina á árunum 2009-2013. Samfellt samráð Samskipa og Eimskips gerði þeim kleift að halda háu verði samkvæmt gjaldskrá en veita viðskiptavinum sínum í staðinn afslátt af henni. Tók samráð fyrirtækjanna á þessum árum meðal annars til afsláttarkjara og hámarksafsláttar. Miðuðu fyrirtækin almennt við að viðskiptavinir fengju að hámarki 50% afslátt af ákveðnum gjöldum samkvæmt gjaldskrá og gildi sá afsláttur einnig um viðskipti á milli fyrirtækjanna sjálfra.

10992. Var samráð þetta viðvarandi allt rannsóknartímabilið, frá 2008 út árið 2013.



21.11.6. Samráð í skipaafgreiðslu

10993. Í kafla 19 er komist að þeirri niðurstöðu að Samskip og Eimskip hafi átt í samráði um skipaafgreiðslu í Reyðarfirði frá árinu 2007 óslitið til a.m.k. júní 2013. Er því lýst nánar að umræddu samstarfi hefðu fylgt viðamikil samskipti á milli æðstu stjórnenda fyrirtækjanna í formi funda og tölvupósta.

21.12. Niðurstaða

10994. Í framangreindri umfjöllun var atvikum á árinu 2013 gerð skil. Í kafla 14.45 og 14.48 segir m.a. frá samtímagögnum sem gefa til kynna að á seinni hluta ársins 2012 hafi komið upp órói í samfelldu samráði Samskipa og Eimskips sem hafi leitt til þess að á árinu 2013 hafi fjarað undan markaðsskiptingu fyrirtækjanna og samkeppni farið að brjótast út á ný á milli þeirra. Eftir sem áður hafi þættir í hinu samfellda samráði verið fyrir hendi út rannsóknartímabilið.

10995. Í upphafi þessa kafla er gerð grein fyrir því hvernig tiltekin ytri áhrif og breytingar urðu þess valdandi að það vatnaði undan samráði Samskipa og Eimskip og hrikta fór í stoðum þess. Í því sambandi er greint frá batnandi efnahagshorfum hér á landi og að spár um aukinn innflutning hafi átt þátt í því að draga fór úr þeim þætti samráðsins sem sneri að takmörkun á flutningaframboði og markaðsskiptingu um mikilvæga viðskiptavinum. Urðu aðstæður til þess að fyrirtækin sáu sér hag í því að grípa til samkeppnisaðgerða í stað þess að viðhalda hinni ólögumætu markaðsskiptingu.

10996. Í þessu sambandi hafði það jafnframt þýðingu að á þessum tíma misstu Samskip og Eimskip flutningsviðskipti sín við Alcoa. Brotthvarf þess mikilvæga viðskiptavinar varð til þess að verulegt flutningsmagn hvarf úr kerfum fyrirtækjanna, einkum Samskipa. Skildi brotthvarf Alcoa eftir sig skarð í tekjum fyrirtækjanna og að óbreyttum skipaflota vannýttu afkastagetu þeirra. Sýna samtímagögn að þetta hafi verið ein meginástæða þess að Samskip hófu vinnu við umfangsmiklar breytingar á siglingakerfi sínu, þ.e. í því skyni að ná inn frekara útflutningsmagni. Breytingar á siglingakerfum fyrirtækjanna fólu í sér að fyrirtækin höfðu viðkomu í höfnum á landsbyggðinni og fóru að stunda nokkurs konar strandsiglingar, í þeim tilgangi að ná sjávarafurðum og öðrum vörum til útflutnings í stað þess þeirra flutninga sem töpuðust við brotthvarf Alcoa.

10997. Samtímagögn staðfesta að Samskip hugðist fara í sókn og auka markaðshlutdeild sína í kjölfar breytinga á siglingakerfi sínu á árinu 2013. Af samtímagögnum fyrirtækjanna má ráða að samkeppni á milli þeirra hafi harðnað eftir breytingarnar. Í þessu sambandi er gerð grein fyrir samtímagögnum sem sýna að samkeppni um mikilvæga viðskiptavinum tók að lifna við eftir nokkurra ára „frið“ á milli fyrirtækjanna.

10998. Samskip hófu þannig undirbúning að markaðsherferð eða „sókn“ gegn Eimskip og ljóst að herja átti á nokkra af mikilvægustu viðskiptavinum Eimskips. Var sókn þessi m.a. kennd við „grænlenka veiðidaga“. Líkt og rakið hefur verið í ákvörðun þessari hafa ekki fundist nein gögn af svipuðum toga frá þeim tíma sem markaðsskipting var í gildi á milli fyrirtækjanna.

10999. Í kaflanum var gerð grein fyrir atlögu Samskipa á vormánuðum 2013 í þeim tilgangi að ná viðskiptum Innnes, eins mikilvægasta viðskiptavinar Eimskips. Í samtímagögnum má greina raunverulegan ótta af hálfu Eimskips um að missa viðskipti Innnes til Samskipa á árinu 2013. Slíkum ótta eða áhyggjum var aftur á móti ekki fyrir að fara á árunum 2008-2012 þegar aðgerðarleysi Samskipa var algjört, markaðsskiptingin virt og Eimskip fékk ekki aðeins að halda Innnesi heldur einnig svigrúm til að hækka verð gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavinum.

11000. Eimskip gerði í kjölfarið atlögu að OJK sem þá var mikilvægur viðskiptavinur Samskipa. Líkt og rakið er var að mati Eimskips „kominn tími til“ að sækjast eftir viðskiptasamningi við OJK og urðu atvik þau að Eimskip og OJK undirrituðu flutningasamkomulag í desember 2013.



11001. Í kaflanum er gerð grein fyrir fleiri atvikum af þessu tagi, sbr. meðal annars umfjöllun um Húsasmiðjuna, Rúmfatalagerinn, Ölgerðina og IKEA.
11002. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins er að að markaðsskipting Samskipa og Eimskips hafi verið við líði fram til loka árs 2012 en að hrikta hafi farið í stoðum samráðsins á síðari hluta ársins og áfram á árinu 2013. Þetta hafi haft í för með sér breytingar á háttsemi og aðgerðum skipafélaganna gagnvart mikilvægum viðskiptavinum.
11003. Þrátt fyrir að dregið hafi úr markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips árinu 2013 er ekki unnt að slá því föstu að hún hafi þá verið liðin undir lok. Í því sambandi skal bent á að gildistími flutningasamninganna sem voru gerðir á grundvelli markaðsskiptingarinnar var í sumum tilvikum á síðari hluta ársins 2013. Þannig var flutningasamningur IKEA við Eimskip með gildistíma til loka ágústmánaðar 2013 og flutningasamningur OJK við Samskip með gildistíma til loka nóvember 2013.
11004. Þá er mikilvægt að halda því til haga að aðrir þættir hins samfellda samráðs héldu áfram þrátt fyrir fyrrgreindan óróa í samráðinu. Er því lýst í öðrum köflum ákvörðunarinnar en nánar tiltekið hélt eftirfarandi samráð Samskipa og Eimskips áfram a.m.k. út árið 2013:
- Samráð í sjóflutningum.
 - Samráð í landflutningum.
 - Samráð um leigu og lán á gámum.
 - Verðsamráð, a.m.k. í formi afsláttarkjara.
 - Samráð í hafnarþjónustu.



22. BROT Á EES-SAMNINGNUM

11005. Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. samkeppnislaga skal Samkeppniseftirlitið beita 53. gr. EES-samningsins eftir því sem kveðið er á um í lögnum.⁵⁹⁶² Nánar er mælt fyrir um þetta í m.a. 26. gr. laganna en þar segir m.a:

„Ef Samkeppniseftirlitið, áfrýjunarnefnd samkeppnismála eða dómstólar beita ákvæðum laga þessara vegna samninga fyrirtækja, ákvarðana samtaka fyrirtækja eða samstilltra aðgerða í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, sem gætu haft áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum, skulu þau einnig beita 53. gr. EES-samningsins að því er varðar slíka samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir.“

11006. Í 53. gr. EES-samningsins er lagt bann við samkeppnishamlandi samráði fyrirtækja og samtaka þeirra sem getur haft áhrif á viðskipti milli aðila að samningnum. Efnisákvæði 53. gr. EES-samningsins er fyllilega sambærilegt við ákvæði 10. og 12. gr. samkeppnislaga enda sækja samkeppnislögin að þessu leyti fyrirmynd sína til EES/ESB-samkeppnisréttar.

11007. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur gefið út *Leiðbeiningar um hugtakið áhrif á viðskipti eins og það er notað í 53. gr. og 54. gr. EES-samningsins.*⁵⁹⁶³ Þar eru settar fram meginreglur sem mótaðar hafa verið í réttarframkvæmd við túlkun á hugtakinu um áhrif á viðskipti og er þeim ætlað að veita leiðsögn við beitingu hugtaksins. Þar segir m.a. að hafa beri í huga eftirfarandi þrjú atriði þegar skilyrðinu um „áhrif á viðskipti“ er beitt:

- Hugtakið „viðskipti milli samningsaðila“
- Orðalagið „geta haft áhrif“
- Hvort um merktanleg áhrif er að ræða

11008. Í Hæstaréttarmálinu nr. 42/2019, *Samkeppniseftirlitið og íslenska ríkið gegn Byko ehf. og Norvik hf. og gagnsök*, sem lauk með dómi Hæstaréttar 7. janúar 2021, lagði ESA fram skriflegar athugasemdir⁵⁹⁶⁴ í samræmi við 2. mgr. 28. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. 3. mgr. 15. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Er þar fjallað um að þegar kannað er hvort áhrif á viðskipti séu til staðar sé grunnskilyrðið „að unnt sé að sjá fyrir með nægilegum líkum, samkvæmt ákveðnum hlutlægum laga- eða málsatvikaviðmiðum, að samningurinn eða aðgerðin geti haft áhrif, bein eða óbein, raunveruleg eða hugsanleg, á mynstur viðskipta milli EES-ríkjanna.“⁵⁹⁶⁵ Það eru því þessi þrjú ofangreind atriði sem þarf að skoða við þetta mat.

11009. Í fyrsta lagi, þá er merking orðsins „viðskipti“ í þessu samhengi víðtæk og tekur til hvers kyns atvinnustarfsemi sem nær til fleiri en eins ríkis sem og aðstæðna þar sem samningur eða aðgerðir hafa áhrif á samkeppnisaðstæður. Með samkeppnisaðstæðum er átt við samkeppnisskilyrði á markaði.⁵⁹⁶⁶ Þannig geti aðgerðir fyrirtækja haft áhrif á viðskipti í skilningi ákvæðisins án tillits til þess hvort þær í raun raski samkeppni eða hafi áhrif á viðskiptamenn í öðrum EES-ríkjum.⁵⁹⁶⁷ Þarf því ekki að sýna fram

⁵⁹⁶² Sjá hér dóm Hæstaréttar 7. janúar 2021 í máli nr. 42/2019, *Samkeppniseftirlitið og íslenska ríkið gegn Byko ehf. og Norvik hf. og gagnsök*.

⁵⁹⁶³ Sjá EES viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 59, 30. nóvember 2006.

⁵⁹⁶⁴ Aðgengilegt á slóð:

<https://www.eftasurv.int/cms/sites/default/files/documents/gopro/Amicus%20curiae%20observations.pdf>.

⁵⁹⁶⁵ Sjá hér t.d. mgr. 75 í dómi EFTA dómstólsins frá 19. apríl 2016 í máli nr. E-14/15 *Holship Norge AS v Norsk Transportarbeiderforbund*, sjá einnig mgr. 48 og 49 í dómi dómstóls ESB frá 25. október 2001 í máli nr. C-475/99, *Ambulanz Glöckner*, EU:C:2001:577. Sjá einnig dóm Hæstaréttar 7. janúar 2021 í máli nr. 42/2019, *Samkeppniseftirlitið og íslenska ríkið gegn Byko ehf. og Norvik hf. og gagnsök*.

⁵⁹⁶⁶ Sjá skriflegar athugasemdir ESA, mgr. 11.

⁵⁹⁶⁷ Sjá leiðbeiningarreglur ESA, mgr. 16.



á að gerðin hafi dregið úr eða takmarkað viðskipti milli EES-ríkja.⁵⁹⁶⁸ Í 22. mgr. leiðbeininga ESA segir jafnframt að beiting skilyrðisins um áhrif á viðskipti sé óháð því hvernig viðkomandi landfræðilegir markaðir eru skilgreindir og viðskipti milli EES-ríkjanna geta orðið fyrir áhrifum þótt viðkomandi markaður taki aðeins til eins lands eða einstakra hluta þess.

11010. Í öðru lagi, verður viðkomandi samningur eða háttsemi að „geta haft áhrif“ á viðskipti. Til að lögsaga EES-réttar verði virk er ekki þörf að sýna fram á raunveruleg áhrif heldur nægir að aðgerðin sem um ræðir sé til þess fallin að hafa áhrif á viðskipti milli EES-ríkja. Var framangreint m.a. staðfest í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar nr. 42/2019 *Samkeppniseftirlitið og íslenska ríkið gegn Byko ehf. og Norvik hf. og gagnsök*. Ekki þarf að sýna fram á ásetning til að hafa áhrif á viðskipti á milli EES-ríkja.⁵⁹⁶⁹

11011. Í þriðja lagi, þurfa áhrifin að vera „merkjanleg“. Matið á því byggist venjulega á mismunandi þáttum, s.s. eðli samnings eða aðgerðar, eðli umræddrar vöru sem og stöðu og mikilvægi hlutaðeigandi fyrirtækja.⁵⁹⁷⁰ Mat á stöðu fyrirtækja og söluumsvifum þeirra er mikilvægur þáttur í því mati.⁵⁹⁷¹

11012. Bæði dómstóll ESB og EFTA dómstóllinn hafa staðfest að þó svo samningur eða háttsemi sé aðeins bundin við eitt ríki eða hluta þess þá geti viðskipti milli EES-ríkja orðið fyrir merkjanlegum áhrifum.⁵⁹⁷² Var þetta einnig staðfest í áðurnefndum dómi Hæstaréttar í máli nr. 42/2019.

11013. Þá kemur eftirfarandi fram í 78. mgr. fyrrgreindra leiðbeiningareglna ESA:

„Láréttir samningar um ólögætt samráð, sem taka til eins EES-ríkis í heild, geta venjulega haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Dómstólar Evrópubandalaganna hafa komist að þeirri niðurstöðu í ýmsum málum að samningar, sem taka til eins aðildarríkis EB í heild, hafi samkvæmt eðli sínu þau áhrif að styrkja skiptingu markaðarins eftir ríkjum með því að hindra þann efnahagslega samruna sem EB-sáttmálanum er ætlað að leiða til.“⁵⁹⁷³

11014. Í kafla 3, er fjallað um niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um hverjir séu hinir skilgreindu markaðir þessa máls. Í málinu eru skilgreindir eftirtaldir þrír markaðir:

- Markaður fyrir áætlunarflutninga á sjó til og frá Íslandi. Af eðli sjóflutningsmarkaðar, þar sem m.a. um er að ræða reglubundnar áætlunarsiglingar með vörur á milli Íslands og annarra Evrópuríkja, leiðir að sá markaður telst vera verulegur hluti af Evrópska efnahagssvæðinu og óhjákvæmilegt að líta svo á að aðgerðir á þeim markaði hafi áhrif á viðskipti á milli EES-ríkja.⁵⁹⁷⁴
- Markaður fyrir landflutninga á Íslandi. Í þessari ákvörðun er lagt til grundvallar að reglubundnir áætlunarflutningar á milli áfangastaða innanlands séu sérstakir markaðir út frá eftirspurnarstaðgöngu en einnig bent á að rök séu fyrir því að líta á markaðinn út frá framboðshlið þar sem landið allt er sérstakur markaður. Er þannig um að ræða markað sem nær til „eins EES-ríkis í heild.“

⁵⁹⁶⁸ Sjá hér 57. mgr. í dómi undirréttar ESB frá 6. apríl 1995 í máli nr. T-141/89, *Tréfileurope*, EU:T:1995:62. Sbr. einnig 1024 mgr. í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA frá 29. júní 2020 í máli nr. 71480 frá 29. júní 2020, *Telenor*.

⁵⁹⁶⁹ Sjá leiðbeiningareglur ESA, mgr. 25-26.

⁵⁹⁷⁰ Sjá leiðbeiningareglur ESA, mgr. 28.

⁵⁹⁷¹ Sjá leiðbeiningareglur ESA, mgr. 31.

⁵⁹⁷² Sjá hér t.d. 76 mgr. í dómi EFTA dómstólsins frá 19. apríl 2016 í máli nr. E-14/15 *Holship Norge AS v Norsk Transportarbeiderforbund*: „However, an agreement or an abuse of a dominant position confined to the territory of an EEA State, or to part of that territory, is capable of appreciably affecting trade between EEA States.“. Sbr. einnig 49. mgr. í dómi dómstóls ESB frá 16. júlí 2015 í máli nr. C-172/14, *ING Pensii*. Sjá einnig skriflegar athugasemdir ESA, mgr. 25.

⁵⁹⁷³ Sjá hér t.d. 94. mgr. í dómi dómstóls ESB frá 11. júlí 2013 í máli nr. C-439/11, *Ziegler* gegn framkvæmdastjórninni og leiðbeiningareglur ESA, mgr. 78. Undirstrikun Samkeppniseftirlitsins.

⁵⁹⁷⁴ Sbr. Leiðbeiningareglur ESA, mgr. 29-30.



- Markaður fyrir flutningsmiðlun, þ.e. innlendur markaður fyrir alhliða flutningsmiðlun sem nær yfir landið allt. Er þannig um að ræða markað sem nær til „eins EES-ríkis í heild.“

11015. Líkt og áður segir er við mat á því hvort viðskipti milli EES-ríkja geti orðið fyrir áhrifum mikilvægt að líta á stöðu fyrirtækja og umsvif þeirra á markaði.⁵⁹⁷⁵ Mál þetta tekur til fyrirtækis sem ásamt sínum helsta keppinaut, Eimskip, var í yfirburðarstöðu á skilgreindum mörkuðum málsins á rannsóknartímabilinu. Í raun má segja að hafi Samskip ásamt sínum helsta keppinaut, Eimskip, verið nánast einráð á m.a. markaði fyrir áætlunarsiglingar til og frá Íslandi. Líkt og rakið er hér að framan er það mat Samkeppniseftirlitsins að umræddur markaður hafi verið afar viðkvæmur í samkeppnislegu tilliti. Það er því mat eftirlitsins að háttsemin hafi verið til þess fallin að hafa skaðleg áhrif á samkeppni, t.a.m. með því að hindra núverandi og mögulega keppinauta frá öðrum EES-ríkjum í því að ná fótfestu á íslenska markaðnum. Í ljósi þessa og með hliðsjón af atvikum þessa máls er það mat Samkeppniseftirlitsins að brot þessa máls hafi verið til þess fallin að hafa áhrif á viðskipti milli EES-ríkja í skilningi 53. gr. EES-samningsins. Með hliðsjón af öllu framangreindu, og skyldu skv. 21. gr. samkeppnislaga, skal beita ákvæði 53. gr. EES-samningsins í málinu samhliða 10. gr. samkeppnislaga.
11016. Í ákvörðun þessari er komist að þeirri niðurstöðu að Samskip hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Með vísan til sama rökstuðnings er það einnig mat Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi brotið gegn 53. gr. EES-samningsins.

⁵⁹⁷⁵ Sbr. Leiðbeiningareglur ESA, mgr. 31.



23. BROT GEGN 19. GR. SAMKEPPNISLAGA O.FL.

11017. Eftir ítarlega rannsókn Samkeppniseftirlitsins er í ákvörðun þessari gerð grein fyrir því rökstudda mati eftirlitsins að Samskip hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að Samskip og Eimskip hafi haft með sér alvarlegt samráð á rannsóknartímabilinu. Eftir rannsókn á samtímagögnum fyrirtækjanna er það jafnframt mat eftirlitsins að Samskip hafi í framlögðum erindum sínum og afhentum upplýsingum og gögnum við rannsókn þessa máls ekki greint satt og rétt frá atvikum á megin rannsóknartímabili málsins og haldið eftir gögnum og upplýsingum sem þeim hafi lögum samkvæmt borið að afhenda. Verður þetta nú rakið nánar. Í upphafi er þó rétt að gera grein fyrir lagalegum skyldum Samskipa til upplýsingagjafar til Samkeppniseftirlitsins.

23.1. Lagaumhverfi um upplýsingagjöf til Samkeppniseftirlitsins

11018. Meginhlutverk samkeppnisyrvalda samkvæmt samkeppnislögum er að efla virka samkeppni í viðskiptum og vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta. Skal það m.a. gert með því að vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum, sbr. b. lið 1. mgr. 1. gr. samkeppnislaga. Til þess að rækja þetta hlutverk sitt er Samkeppniseftirlitinu nauðsynlegt að geta aflað upplýsinga og gagna frá fyrirtækjum á markaði, opinberum aðilum og öðrum mögulegum haghöfum. Afar mikilvægt er að samkeppnisyrvöld hafi greiðan aðgang að hvers kyns upplýsingum sem geri þeim kleift að leggja rétt mat á aðstæður og háttsemi fyrirtækja á markaði.

11019. Eftirlit með því að fyrirtæki fari að ákvæðum samkeppnislaga er þ.a.l. háð því að samkeppnisyrvöld geti aflað upplýsinga um aðstæður og hegðun fyrirtækja á markaði.⁵⁹⁷⁶ Af þessum sökum er, til viðbótar við heimild Samkeppniseftirlitsins til að framkvæma húsleitir í 20. gr. samkeppnislaga, í 19. gr. laganna mælt fyrir um heimildir samkeppnisyrvalda til að krefja fyrirtæki um allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Í ákvæðinu er tekið fram að upplýsinga sé unnt að „krefjast munnlega eða skriflega.“ Þá er í 2. mgr. 19. gr. kveðið á um að Samkeppniseftirlitið geti með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Þá skal afhenda Samkeppniseftirlitinu upplýsingar og gögn innan hæfilegs frests sem eftirlitið setur, sbr. 1. og 2. mgr. 19. gr. samkeppnislaga.

11020. Ákvæði samkeppnislaga leggja ríkar skyldur á alla þá sem afhenda Samkeppniseftirlitinu gögn eða veita eftirlitinu upplýsingar, sbr. 19. gr. og 41. gr. b laganna. Refsivert er t.d. að falska gögn sem hafa þýðingu fyrir rannsókn eða veita Samkeppniseftirlitinu rangar, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar.

11021. Á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga er fyrirtækjum þannig skylt að veita Samkeppniseftirlitinu réttar upplýsingar. Í því felst að óheimilt er að afvegaleiða Samkeppniseftirlitið með staðhæfingum sem eru tvíræðar eða beinlínis rangar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 1/2012, *Síminn hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.⁵⁹⁷⁷ Aftur á móti er fyrirsvarsmönnum fyrirtækja ekki skylt „að tjá sig um spurningar og upplýsingar sem fela í sér huglægt mat um það hvort brotið hafi verið gegn samkeppnislögum“, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2004, *Ker o.fl. gegn samkeppnisráði*.

⁵⁹⁷⁶ Sjá í þessu sambandi úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 4/2011.

⁵⁹⁷⁷ Sams konar sjónarmið eru lögð til grundvallar í EES/ESB-samkeppnisrétti. Í mgr. 21 í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 25.11.1981 í máli nr. IV/29.895-Telos segir: „Any statement is incorrect which gives a distorted picture of the true facts asked for, and which departs significantly from reality on major points. Where a statement is thus false or so incomplete that the reply taken in its entirety is likely to mislead the Commission about the true facts, it constitutes incorrect information within the meaning of Article 15 (1) (b).“



11022. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 4/2016, *Mjólkursamsalan ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*, segir:

„Eins og fram kemur í úrskurði áfrýjunarnefndar Samkeppnismála í málinu nr. 1/2012 ber að túlka 19. grein samkeppnislaga þannig að skylt sé að afhenda þau gögn sem beið er um, veita réttar upplýsingar og leynd ekki upplýsingum sem falla undir gagnabeiðni samkeppnisyfirvalda.

Að sama skapi verður málsaðili að hafa svigrúm til að túlka staðreyndir og gögn í málflutningi sínum án þess að það varði þeim refsikenndu viðurlögum sem sektir eru. Engin hlutlægnisskylda hvílir þannig á þeim sem ver hendir sínar túlkun á efni gagna eða í málflutningi um lagatriði.“

11023. Eins og orðalag 19. gr. samkeppnislaga ber með sér er fyrirtækjum skylt að verða við beiðni Samkeppniseftirlitsins um upplýsingar eða gögn. Hefur áfrýjunarnefnd samkeppnismála þannig tekið fram að beiðni samkeppnisyfirvalda samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga feli í sér „skyldu fyrir móttakanda hennar að verða við henni nema annað sé skýrt tekið fram. Kemur það raunar fram í lagagreininni að umbeðnar upplýsingar skuli gefnar og umbeðin gögn skuli afhent innan hæfilegs frests ...“, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2004. Af dómi Hæstaréttar nr. 26/2020, *Mjólkursamsalan ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*, leiðir skýrlega að þegar Samkeppniseftirlitið óskar eftir upplýsingum eða gögnum skv. 19. gr. samkeppnislaga hvílir sú skylda á viðkomandi fyrirtæki að upplýsa um öll nauðsynleg atriði innan þess frests sem gefinn er. Í dómi Hæstaréttar er áréttað að þagnarréttur lögaðila nýtur ekki sérstakrar verndar 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu hvað varðar skyldu til að afhenda samkeppnisyfirvöldum gögn sem viðkomandi býr yfir.⁵⁹⁷⁸

11024. Brot á skyldu fyrirtækja skv. 19. gr. samkeppnislaga til að veita upplýsingar og afhenda gögn getur varðað viðkomandi fyrirtæki stjórnvaldssektum eða dagsektum, sbr. i. lið 1. mgr. 37. og 38. gr. laganna. Þá getur ófullnægjandi, röng eða villandi upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga varðað viðkomandi fyrirtæki og/eða einstaklinga refsingu og hið sama gildir ef gögn eru eyðilögð eða þeim komið undan, sbr. 41. gr. b laganna. Er ákvæðum þessum ætlað að tryggja fullnægjandi og skilvirka upplýsingagjöf fyrirtækja. Af þessu má sjá að brot gegn skyldu 19. gr. laganna getur varðað bæði stjórnvaldssektum og refsingu. Samkvæmt 2. mgr. 42. gr. samkeppnislaga metur Samkeppniseftirlitið, með tilliti til grófleika brots og réttarvörslusjónarmiða, hvort sá hluti málsins sem varðar refsíabyrgð skuli kærður til lögreglu.

11025. Á hinn bóginn ber hér að áréttu að upplýsingagjöf til Samkeppniseftirlitsins fer ekki öll fram á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga. Eðli málsins samkvæmt getur hver sem er beint erindi til eftirlitsins. Til þess að Samkeppniseftirlitið geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt samkeppnislögum skulu upplýsingar sem veittar eru eftirlitinu vera réttar og fullnægjandi. Í þessu sambandi ber að vísa til þess að hver sá sem gefur Samkeppniseftirlitinu „að öðru leyti“, en við upplýsingagjöf skv. 19. gr., rangar, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 41. gr. b. samkeppnislaga. Þessi málsl. tekur því til rangrar upplýsingagjafar í erindum til

⁵⁹⁷⁸ Í dómi héraðsdóms Reykjavíkur, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar, segir að: „Fyrirspurnir gagnstefnanda byggjast á 19. gr. samkeppnislaga. Sú skylda hvíldi á aðalstefnanda að upplýsa um öll nauðsynleg atriði innan þess frests sem gefinn var.“ Í dómi Hæstaréttar segir um 19. gr.: „Eins og rakið er í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála og í hinum áfrýjanda dómi var stefnda ekki ljós tilvist samkomulagsins við fyrri rannsókn málsins og því var honum ókleift að krefjast þess að áfrýjandi afhenti það. Umrætt skjal hafði hins vegar grundvallarþýðingu til útskýringar fyrir málið. Verður sú rökrétta krafa leidd af 1. mgr. 19. gr. samkeppnislaga að áfrýjanda hafi verið skylt að afhenda stefnda samkomulagið þegar stefndi innti hann eftir skýringum á verðlagningu hrámjólkur til Kaupfélags Skagfirðinga svf. Jafnframt er hafnað þeirri málsástæðu áfrýjanda að með slíkri skýringu á 19. gr. laganna sé með ólögum hætti lögð á hann frumkvæðisskylda eða hlutlæg refsíabyrgð sem fari í bága við 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Í því sambandi skal áréttuð að þagnarréttur lögaðila nýtur ekki sérstakrar verndar framangreinds ákvæðis hvað varðar skyldu til að leggja fram gögn sem þegar eru til við rannsókn samkeppnisyfirvalda, sbr. til hliðsjónar dóm undirréttar Evrópudómstólsins 14. mars 2014 í máli T-297/11, *Buzzi Unicem SpA gegn framkvæmdastjórninni*.“



Samkeppniseftirlitsins, sbr. einnig XV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Geta bæði lögaðilar og einstaklingar borið refsíabyrgð, sbr. einnig 3. mgr. ákvæðisins.⁵⁹⁷⁹

11026. Varðandi rétta og fullnægjandi upplýsingagjöf til Samkeppniseftirlitsins ber einnig að horfa til þess að erindi lögaðila eða einstaklings, þar sem farið er fram á aðgerðir Samkeppniseftirlitsins á grundvelli samkeppnislaga, skal vera í samræmi við ákvæði og viðauka reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins, sbr. breytingarreglur nr. 924/2007.
11027. Samkvæmt 3. tl. viðauka reglnanna skal í formlegu erindi til Samkeppniseftirlitsins veita „*allar tiltækar upplýsingar um samninga, atvik, aðstæður eða aðgerðir þeirra aðila sem kvörtunin lýtur að*“. Samkvæmt 4. tl. viðaukans skal eftirfarandi fylgja með erindinu:

„afrit af öllum gögnum sem viðkomandi býr yfir og tengjast þeim atvikum sem erindið fjallar um. Slík gögn geta t.d. verið bréf, tölvupóstur, samningar, dreifibréf, fundargerðir, minnispunktar vegna funda eða símtala, yfirlit yfir verðþróun og önnur gögn eða hagtölur sem sýnt geta þróun á viðkomandi markaði o.s.frv. [...]“

23.2. Yfirlit yfir upplýsingaskyldu og upplýsingagjöf Samskipa og Eimskips

11028. Við rannsókn þessa máls, sem hófst líkt og áður segir í september 2013, hefur Samkeppniseftirlitið aflað gagna og upplýsinga frá Samskipum og Eimskip á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga. Var gagna og upplýsinga einnig aflað við rannsókn á landflutningamarkaði árið 2010 en eins og áður hefur komið fram var sú rannsókn sameinuð máli þessu.
11029. Líkt og rakið verður hér á eftir brutu Samskip gegn skyldu samkvæmt 19. gr. laganna til að veita upplýsingar og afhenda gögn í þágu rannsóknar þessa máls. Varða þessi brot fyrirtækisins sektum samkvæmt i. lið 1. mgr. 37. gr. samkeppnislaga, sbr. umfjöllun um viðurlög í kafla 35 í ákvörðun þessari. Þá braut Samskip einnig gegn sama lagaákvæði með því að upplýsa ekki um mikilvæg atriði og gögn við þá rannsókn sem hófst árið 2010. Líkt rakið verður síðar er Samskipum þó í ákvörðun þessari ekki gerð stjórnvaldsekt vegna þeirra brota.
11030. Að mati Samkeppniseftirlitsins er nauðsynlegt að setja eftirfarandi umfjöllun Samkeppniseftirlitsins, um brot gegn 19. gr. samkeppnislaga í máli þessu, í samhengi við það að á megin rannsóknartímabili þessa máls (árin 2008-2013) bárust Samkeppniseftirlitinu formleg erindi frá Samskipum og Eimskip. Þar voru fyrirtækin ýmist að kvarta undan meintum brotum hvors annars gegn 11. gr. samkeppnislaga eða sameiginlega að óska eftir undanþágu samkvæmt 15. gr. laganna. Bar fyrirtækjunum í þessum erindum til Samkeppniseftirlitsins að veita allar tiltækar upplýsingar og tryggja að þær væru réttar og fullnægjandi, sbr. framangreinda umfjöllun og 2. málsli. 2. mgr. 41. gr. b. samkeppnislaga. Rannsókn á samtímagögnum fyrirtækjanna sýnir að þau hafi í framlögðum erindum sínum frá brotatímabilinu haldið frá Samkeppniseftirlitinu gögnum og upplýsingum sem þeim bar lögum samkvæmt að afhenda eða upplýsa um og gáfu þannig ekki rétta mynd af aðstæðum á markaðnum og samskiptum fyrirtækjanna. Var þessi háttsemi þeirra til þess fallin að leyna samráðinu og villa um fyrir samkeppnisyfirvöldum.
11031. Í kafla 4.8 er því lýst að þekkt sé í samkeppnisrétti að þeir sem taka þátt í ólögsmætu samráði reyna með ýmsu móti að halda því leyndu og beita jafnvel blekkingum í því skyni. Er þekkt að samráðsaðilar sjái sér hag í því að reyna að slá ryki í augu samkeppnisyfirvalda á meðan á samráði stendur með því að senda yfirvöldum innistæðulausar kvartanir og láta þannig líta svo út að á markaðnum ríki hatrömm

⁵⁹⁷⁹ Áður var kveðið á um refsíabyrgð í 2. mgr. 42. gr. þágildandi samkeppnislaga nr. 8/1993 en þar sagði að sá sem gefi aðilum sem annast framkvæmd laganna rangar skýrslur skuli sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá júlí 2022 er fjallað um að Samkeppniseftirlitið fylgi því eftir af festu ef fyrirtæki afhenda rangar eða villandi upplýsingar, bls. 12-13.



samkeppni.⁵⁹⁸⁰ Þá sýnir lagaframkvæmd að samráðsfyrirtæki beita ýmsum aðferðum til að vinna gegn „svindli“ og skapa aga í samráðinu. Dæmi um slíkt er að viðkomandi samráðsfyrirtæki sé í því skyni hótað kæru til yfirvalda.⁵⁹⁸¹ Í einu samráðsmáli lá t.d. fyrir að samráðsfyrirtæki var hótað, af öðrum þátttakendum í samráðinu, að það yrði kært til yfirvalda fyrir ólöglegt undirboð ef það drægi ekki úr framboði á tiltekinni vöru.⁵⁹⁸²

11032. Samfelld samráð Samskipa og Eimskip hélt áfram þótt umsagnir, erindi og kvartanir væru send til Samkeppniseftirlitsins, og á engum tímapunkti sáu Samskip eða Eimskip tilefni til að að leiðrétta fyrri erindi sín og leggja fram mikilvægar upplýsingar.
11033. Með sátt Eimskips viðurkennir fyrirtækið að hafa brotið gegn 19. gr. samkeppnislaga með því að hafa ekki veitt nauðsynlegar eða réttar upplýsingar eða afhent gögn í þágu rannsóknar Samkeppniseftirlitsins, sbr. 2. gr. sáttarinnar. Með sátt við Eimskip var málinu lokið gagnvart fyrirtækinu. Í eftirfarandi umfjöllun er samhengisins vegna engu að síður nauðsynlegt að rekja einstök atvik sem varða upplýsingagjöf og brot Eimskips, en fyrirtækin voru samstíga í því að haga upplýsingagjöf, og skort á henni, þannig að Samkeppniseftirlitinu var gert erfitt fyrir við rannsóknina og langan tíma tók að að fá rétta mynd á málið.
11034. Skal nú vikið að framangreindu, sbr. einnig kafla 2.5 í ákvörðun þessari.

23.3. Samkeppniseftirlitið afvegaleitt á brotatímabilinu

11035. Líkt og áður segir bærust Samkeppniseftirlitinu á megin rannsóknartímabili þessa máls, árin 2008-2013, formleg erindi frá Samskipum og Eimskip. Þar voru fyrirtækin ýmist að kvarta undan meintum brotum hvors annars gegn 11. gr. samkeppnislaga eða sameiginlega að óska eftir undanþágu samkvæmt 15. gr. laganna. Þá aflaði Samkeppniseftirlitið gagna og upplýsinga frá Samskipum og Eimskip á rannsóknartímabilinu á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga vegna áður nefndrar rannsóknar á landflutningamarkaði. Rannsókn á samtímagögnum fyrirtækjanna sýnir að þau hafi í erindum sínum og í svörum við gagnabeiðnum árið 2010 haldið frá Samkeppniseftirlitinu gögnum og upplýsingum sem þeim bar lögum samkvæmt að afhenda eða upplýsa um. Með þessu drógu Samskip og Eimskip upp ranga og villandi mynd af aðstæðum á markaðnum og samskiptum fyrirtækjanna. Telur Samkeppniseftirlitið að fyrirtækin hafi með háttsemi sinni á vítaverðan hátt afvegaleitt eftirlitið.
11036. Eftirfarandi umfjöllun er að meginstefnu til í tímaröð.

23.3.1. Atvik á árunum 2008 og 2009

23.3.1.1. Kvartanir Samskipa í maí og ágúst 2008

11037. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 70/2007, *Misnotkun HF. Eimskipafélags Íslands á markaðsráðandi stöðu sinni*, var komist að þeirri niðurstöðu að Eimskip hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína með aðgerðum á árunum 2001 – 2002 sem beindust gegn Samskipum. Var sú niðurstaða í aðalatriðum staðfest af áfrýjunarnefnd samkeppnismála í úrskurði frá 13. mars 2008 í máli nr. 3/2008. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins í þessu eldra máli hófst eftir að kvörtun barst frá Samskipum, sbr. einnig umfjöllun í kafla 5.3 í ákvörðun þessari.

⁵⁹⁸⁰ Sjá t.d. Faull & Nikpay, *The EU Law of Competition*, þriðja útgáfa 2014, bls. 1063: „*In view of the blatant illegality of their behaviour and the severe penalties incurred if they are discovered, cartels generally deploy considerable effort to avoid detection. Concealment measures of all types can be found in cartel decisions.*” Sjá einnig, *Fighting Cartels – why and how?*, Konkurrensverket, 2001.

⁵⁹⁸¹ Sjá Faull & Nikpay, *The EU Law of Competition*, þriðja útgáfa 2014, bls. 1071-1072: „*Threats, Boycotts and Coordinated Attacks on Competitors. [...] Measures to „convince” companies to cooperate may even take the form of (threats to take) initiatives aimed at having their behaviour sanctioned by public authorities.*”

⁵⁹⁸² Ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 07.06.2000 í máli nr. 36.545, *Amino Acids*, mgr. 88 og 330.



11038. Samskip sendu tvær kvartanir til Samkeppniseftirlitsins áður en aukið samráð fyrirtækjanna hófst í byrjun júní 2008:
- (i) Í fyrri kvörtun Samskipa, dags. 7. maí 2008, var því haldið fram að Eimskip hefði eftir árið 2002 haldið áfram samskonar brotum gegn 11. gr. samkeppnislaga og fjallað var um í áðurnefndum úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2008.⁵⁹⁸³ Voru taldir upp viðskiptavinir sem staðhæft var að Eimskip hefðu náð af Samskipum með ólögmetum sértækum verðlækkunum og undirboðum á árunum 2007 og 2008.
 - (ii) Í kvörtun Samskipa, dags. 16. maí 2008, var því haldið fram að flutningasamkomulag Atlantsskipa og Eimskips hafi brotið gegn 10. og 11. gr. samkeppnislaga en eins og lýst er í kafla 6.7.4 skrifuðu Atlantsskip og Eimskip undir flutningasamkomulag þann 27. apríl 2008 og átti það að taka gildi 15. maí 2008 og gilda í þrjú ár. Tók það til flutninga Eimskips fyrir Atlantsskip milli Íslands og Evrópu.⁵⁹⁸⁴
11039. Þrátt fyrir að aukið samráð Samskipa og Eimskips hafi ekki verið hafið þegar kvartanir Samskipa voru sendar Samkeppniseftirlitinu þá áttu Samskip og Eimskip á þeim tímapunkti þegar í samráði (sem var síðan aukið eftir mitt ár 2008) að mati Samkeppniseftirlitsins. Gögn málsins gefa til kynna að frá 30. nóvember 2001 hafi verið í gildi leynilegur og ólögmetur samráðssamningur milli Samskipa og Eimskips sem varðaði áætlunarsiglingar til og frá öðrum Evrópuríkjum („*Neyðarsamkomulagið*“). Jafnframt var fyrir hendi ólögmett samráð í áætlunarsiglingum til og frá Norður-Ameríku. Þá benda gögnin til þess að Samskip og Eimskip hafi að einhverju marki skipt með sér markaðnum í sjóflutningum. Um þetta er m.a. fjallað í samtímagagni frá 21. ágúst 2007 sem hollensk samkeppnisyfirvöld létu Samkeppniseftirlitinu í té. Einnig átti sér stað ólögmett samráð milli fyrirtækjanna í landflutningum. Þá var fyrir hendi ólögmett samráð milli fyrirtækjanna fram til ársins 2008 í rekstri frystivörugeymslna (Daalimpex og Kloosterboer).⁵⁹⁸⁵
11040. Til viðbótar skal þess getið að frá janúar til maí 2008 lögðu Samskip ítrekaða áherslu á að grípa til aðgerða til að mæta samdrætti á flutningamarkaði m.a. með samvinnu við Eimskip í flutningum. Samtímagögn Samskipa frá þessum tíma sýna að stjórnendur og aðaleigandi (S) **aðaleig-stjform-SH** unnu að því að skoða og ræða aukna „slot“ samninga við Eimskip og samnýtingu flutningakerfa fyrirtækjanna, sbr. kafla 6.7.2, 6.7.3 og 6.7.5.
11041. Þá skal því haldið til haga að sama dag og kvörtun Samskipa var dagsett, 7. maí 2008, hélt (S) **forstj** kynningu á stjórnarfundum Samskipa Holding í Rotterdam. Orðalag í kynningunni gefur til kynna að forráðamenn Samskipa hafi átt eða ætlað að eiga samskipti við Eimskip (þar stóð m.a. „*Eimskip, will be explored further*“), sbr. áðurnefndan kafla 6.7.5.
11042. Í kvörtun Samskipa frá 16. maí 2008, þar sem kvartað var undan samstarfi Eimskips og Atlantsskips, létu Samskip hjá líða að gefa upplýsingar um að Samskip höfðu gert ítrekaðar tilraunir vorið 2008 til að taka upp samskonar samstarf við Atlantsskip, sbr. kafla 6.7.4. Á þessum tíma íhuguðu Samskip að fara í „*herferð*“ gegn Eimskip en samtímagögn sýna að Samskip völdu að mæta fyrirhuguðum samdrætti í innflutningi með samráði í stað samkeppni og „*Nýtt upphaf*“ verkefnið hófst í júní 2008, sbr. kafla 6.7.6. og 6.8.
11043. Í áðurnefndum kvörtunum Samskipa frá 7. og 16. maí 2008 var ekki vikið að framangreindu og þannig ekki veittar upplýsingar um mikilvæg atriði sem höfðu þýðingu fyrir þau atvik sem erindin fjölluðu um. Þá var með erindunum teiknuð upp mynd af samkeppnisaðstæðum á markaðnum sem ekki voru í

⁵⁹⁸³ Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 07.05.2008.

⁵⁹⁸⁴ Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 16.05.2008.

⁵⁹⁸⁵ Um samráð og önnur tilvik fram til 2008 vísast til kafla 5 í ákvörðun þessari.



samræmi við það sem var að gerast á sama tíma. Að mati Samkeppniseftirlitsins voru upplýsingar sem Samskip veittu til þess fallin að leyna samráðinu við Eimskip og afvegaleiða Samkeppniseftirlitið.

11044. Þann 25. ágúst 2008 barst Samkeppniseftirlitinu viðbót við framangreinda kvörtun Samskipa frá 7. maí 2008. Líkt og í fyrri kvörtun Samskipa frá 7. maí var því haldið fram að Eimskip hefði ekki enn látið af ólögumháttsemi sinni í kjölfar áður nefnds úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/2008 og væri „*allt til dagsins í dag*“ að gera „*atlögu*“ að viðskiptamönnum Samskipa.⁵⁹⁸⁶

11045. Eins og ítarlega er rökstutt í ákvörðun þessari var aukið samráð fyrirtækjanna hafið þegar viðbótarkvörtun Samskipa var send yfirvöldum 25. ágúst 2008. Við mat á upplýsingagjöf Samskipa í erindinu frá 25. ágúst 2008 verður að horfa til atvika sem áttu sér stað stuttu áður en Samskip veittu upplýsingarnar í erindinu, sbr. kafla 7 – 8.16 í ákvörðun þessari. Hér verða nokkur mikilvæg atvik rakin:

- (E)forstj varð forstjóri Eimskips 20. maí 2008. Gögn málsins sýna að æðstu stjórnendur Samskipa hafi litið svo á að með nýjum forstjóra Eimskips myndi fylgja „*meiri mýkt*“. Aðeins nokkrum dögum eftir að (E)forstj tók til starfa sem forstjóri Eimskips var haldinn leynilegur fundur æðstu stjórnenda Samskipa og Eimskips, þ.e. 6. júní 2008. Auk (E)forstj sátu fundinn (E)stjform1, (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj. Á fundinum var ákveðið að hefja það sem í samtímagögnum er nefnt „*Verkefnið Nýtt upphaf*“. Þannig vistuðu (E)forstj og (E)frkvstj-alþjvsv í tölvugögnum sínum skömmu síðar glærुकyninguna: „*Nýtt upphaf Júní 2008 Trúnaðarmál*“..
- Samkvæmt glærुकyningunni „*Nýtt upphaf*“ og öðrum gögnum málsins vann „*vinnuhópur*“ hjá Samskipum og Eimskip að framkvæmd verkefnisins árið 2008. Í vinnuhópnum sátu æðstu stjórnendur fyrirtækjanna (S)forstj, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjvsv. Einnig er talið að (S)frkvstj-millilandasv hafi setið í þessum hóp.
- Strax í kjölfar áður nefnds fundar Samskipa og Eimskips 6. júní 2008 gripu fyrirtækin til ýmissa aðgerða og framkvæmdar á „*Nýtt upphaf*“ verkefninu, sbr. t.d. tölvupósta frá (S)forstj frá 10. og 11. júní 2008.
- Hér má bæta við að gögn málsins gefa til kynna að Eimskip hafi í júní árið 2008 veitt Samskipum viðkvæmar upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á viðskiptastefnu sinni.
- Framkvæmd verðsamráðs í formi hámarks afsláttar var til umfjöllunar og framkvæmdar hjá stjórnendum Samskipa og Eimskips 13. júní 2008.
- 4. júlí 2008 hittust (S) frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl, æðstu stjórnendur Samskipa og Eimskips í landflutningum, á fundi á kaffihúsinu Mokka. Gögn málsins renna stoðum undir það að „*Nýtt upphaf*“ verkefnið hafi verið rætt á þeim fundi.
- Dagana 7. til 9. júlí 2008 vann (S)frkvstj-millilandasv að minnisblöðum með umfangsmiklum tillögum um verulega aukið samstarf við Eimskip í sjóflutningum og siglingakerfum fyrirtækjanna.
- Þann 14. júlí 2008 greindi (E)frkvstj-flutnkerf (E)forstj frá því að hann hafi átt í samskiptum við (S)frkvstj-millilandasv (í vikunni 7. – 13. júlí 2008, líklega þann 9. júlí 2008). Sama dag var á stjórnarfundum Samskipa Holding fjallað um aukið samstarf við Eimskip. Einnig var greint frá því að frekari samskipti stæðu til milli fyrirtækjanna.
- Annar mikilvægur fundur Samskipa og Eimskips fór fram 25. júlí 2008 og tengdist hann samráði fyrirtækjanna. Fundinn sátu (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj og (E)stjform1. Gögn í aðdraganda

⁵⁹⁸⁶ Bréf Samskipa, dags. 07.05.2008, bls. 2, sbr. bls. 1 í bréfi Samskipa, dags. 25.08.2008.



fundarins eru talin sýna að Samskip hafi búið yfir viðkvæmum trúnaðarupplýsingum um breytingar Eimskips á siglingakerfi þess. Til undirbúnings fyrir þann fund unnu Samskip jafnframt að undirbúningsgögnum um takmörkun flutningsframboðs og samstillingu fyrirtækjanna í flutningakerfum þeirra. Ein af þeim tillögum sem þar er að finna kom til framkvæmda í október 2008. Í kjölfar fundarins náðist áfangi í samráði fyrirtækjanna þegar Eimskip takmarkaði í ágúst 2008 flutningaframboð í sjóflutningum til og frá Íslandi.

- (E)forstj og (S)forstj áttu samskipti 6. ágúst 2008.
- Hálfum mánuði eftir áður nefndan fund Samskipa og Eimskips, n.t.t. þann 14. ágúst 2008, fór fram annar fundur fyrirtækjanna. Mættir á þann fund voru samkvæmt gögnum málsins lykilstjórnendur beggja fyrirtækjanna: (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-innfl.
- Þann 22. ágúst 2008 var fyrirhugaður fundur Samskipa og Eimskips. Boðaðir voru sömu lykilstjórnendur og áður: (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-innfl. Þremur dögum síðar sendu Samskip inn áður nefnda viðbótarkvörtun til Samkeppniseftirlitsins (25. ágúst 2008). Tíu dögum síðar héldu framangreindir lykilstjórnendur Samskipa og Eimskips fund sín á milli um atriði sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið.

11046. Í erindi Samskipa var ekki upplýst um tilvist framangreinds eða annarra þeirra atvika sem áttu sér stað á árinu 2008 og fjallað er um í ákvörðun þessari. Var hér um að ræða ítrekuð samskipti æðstu stjórnenda fyrirtækjanna um samstarf í grundvallarþáttum í starfsemi þeirra, og verður að telja upplýsingar um þetta hefðu haft grundvallarþýðingu við mat Samkeppniseftirlitsins á erindi Samskipa. Mátti þetta samstarf fyrirtækjanna, sem átti sér stað á sama tíma og erindið var sent, með engu móti ráða af erindinu. Þvert á móti stilltu Samskip með því upp villandi mynd af samkeppnisaðstæðum á markaðnum. Að mati Samkeppniseftirlitsins voru upplýsingar sem Samskip veittu í erindi þess 25. ágúst 2008 til þess fallnar að leynd samráðinu við Eimskip og afvegaleiða Samkeppniseftirlitið. Atriði sem tengjast þagnarrétti fyrirtækja koma hér ekki við sögu enda sendu Samskip Samkeppniseftirlitinu framangreind erindi af fúsum og frjálsum vilja.

23.3.1.2. Fundur Samskipa og Eimskips hjá Samkeppniseftirlitinu 16. október 2008

11047. Samskip og Eimskip komu á fund Samkeppniseftirlitsins þann 16. október 2008 vegna mögulegs samstarfs Samskipa og Eimskips í innanlandsflutningum en um fundinn er fjallað ítarlega í kafla 8.19.6.⁵⁹⁸⁷ Vísast til þeirrar umfjöllunar hér. Nauðsynlegt þykir þó að árétta eftirfarandi vegna umfjöllunar hér um markvissa leynd fyrirtækjanna um viðtækt samráð þeirra og ranga, villandi eða ófullnægjandi upplýsingagjöf af þeirra hálfu.

11048. Í köflum 7 til 10 í ákvörðun þessari eru rakin helstu atvik eftir fund fyrirtækjanna 6. júní 2008 út árið 2008 og vísast til þeirra atvika hér. Til viðbótar skulu rakin áframhaldandi atvik árið 2008 í ljósi þess að þau áttu sér stað í aðdraganda umrædds fundar fyrirtækjanna hjá Samkeppniseftirlitinu þann 16. október 2008:

- Eins og lýst er hér að framan fór þann 5. september 2008 fram fundur Samskipa og Eimskips. Eins og á fyrri fundum fyrirtækjanna vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins sátu fundinn lykilstjórnendur fyrirtækjanna: (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf og

⁵⁹⁸⁷ Þá ber að árétta hér að það er rangt hjá Samskipum að fjallað hafi verið sérstaklega um mögulega samvinnu Eimskips og Samskipa á Austurlandi á fundinum með Samkeppniseftirlitinu þann 16.10.2008, sbr. umfjöllun í kafla 8.19.6.



(E)forstö-innfl. Með hliðsjón af samtímagögnum fyrirtækjanna varðaði fundurinn hið ólögmæta „Nýtt upphaf“ verkefni.

- Þremur dögum síðar, 8. september 2008, kynnti (S)forstj á stjórnarfundum Samskipa Holding í Rotterdam framgang samráðsins við Eimskip, þ. á m. tengt takmörkun flutningaframboðs og samnýtingu flutningakerfa.
- Sama dag, 8. september 2008, áttu Eimskip og Samskip samskipti varðandi skipulag á samráði í landflutningum. Drög að flutningasamkomulagi lágu þá fyrir. Tengdist þetta „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna.
- Þann 9. september 2008 var haldinn fundur Samskipa og Eimskips um aukið samráð í landflutningum á Austurlandi („sendinefnd“ Samskipa mætti á fund Eimskips). Sama dag áttu (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-millilandasv samskipti og einnig voru samskipti milli (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1 þennan dag. Tengdist þetta „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna.
- Á fundi framkvæmdastjóra Eimskips, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-innanl og (E)forstö-fjárhl, þann 15. september 2008 var fjallað um atriði sem tengdust samráðinu við Samskipa, þ. á m. vegna sjóflutninga.
- Þann 16. september 2008 náðu Samskip og Eimskip saman um samning um skiptingu landflutningamarkaða eftir landsvæðum. Tengdist þetta „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna.
- Þann 17. september 2008 hittust (S) frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl, æðstu stjórnendur Samskipa og Eimskips í landflutningum, á fundi í Smáralindinni. Varðaði fundurinn hið ólögmæta „Nýtt upphaf“ verkefni Samskipa og Eimskips. Önnur drög að flutningasamkomulagi í landflutningum liggja fyrir frá þessum degi.
- Á glærukynningu (E)frkvstj-innanl frá 30. september 2008 stóð m.a.: „Samvinna með Samskip á ýmsum flutningaleiðum – tvíhliða samningar – mikil tækifæri framundan í þessu.“ Var þetta í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna.
- Á milli þess sem Samskip og Eimskip hittust reglulega til þess að ræða mikilvæga þætti „Nýtt upphaf“ verkefnisins, svo sem slotsamninga í siglingakerfinu og landflutningasamráð, unnu stjórnendur Eimskips, sem þátt tóku í þeim viðræðum, ötullega að því að bera saman siglingaáætlanir fyrirtækjanna og leggja á ráðin um útfærslu frekara samráðs og samþættingar á því sviði. Samhliða var unnið markvisst að verulegum verðhækkunum.
- (E)frkvstj-EimÍsl og (S)frkvstj-millilandasv ræddu saman 1. október 2008. Tengdist þetta „Nýtt upphaf“ verkefninu.
- Þann 6. október 2008 var haldinn fundur Samskipa og Eimskips um atriði sem féllu undir hið ólögmæta „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna. Fundinn sátu (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-innfl.
- Í glærukynningu Eimskips ((E)frkvstj-innanl, merkt 14. október 2008) var samvinna við Samskip ein af áherslum Eimskips fyrir árið 2009.
- Þann 15. október 2008, daginn fyrir fund fyrirtækjanna hjá Samkeppniseftirlitinu, voru umræður á milli lykilstjórnenda fyrirtækjanna um aukið samstarf í sjóflutningum og greinir Eimskip Samskipum frá því að félagið sé tilbúið að „skoða allt“. Í kjölfarið fór á milli fyrirtækjanna skjal með víðtækum „slot sharing“ samningi, sem fyrirtækin nefndu „útvíkkað neyðarsamkomulag“.



11049. Fundur Samskipa og Eimskips fór sem fyrr segir fram hjá Samkeppniseftirlitinu 16. október 2008 að beiðni fyrirtækjanna. Líkt og fram kemur í í kafla 8.19.6 gerðu hvorki Samskip né Eimskip Samkeppniseftirlitinu grein fyrir samskiptum, auknu samstarfi eða „Nýtt upphaf“ verkefninu á fundinum, hvorki í heild né að hluta. Ekki var heldur greint frá samkomulaginu sem náðist í kjölfar þess að „sendinefnd“ frá Samskipum kom á fund Eimskips þann 9. september 2008. Ekki var upplýst um framangreind samningsdrög frá 8. eða 17. september 2008. Þá var á fundinum heldur ekki upplýst um samráð í landflutningum sem talið er að hafi hafist í ársbyrjun 2005, sbr. kafla 5.11. Í þessu sambandi skal því haldið til haga að (E)frkvstj-innanl og (S) frkvstj-innanl sátu fundinn 16. október 2008 fyrir hönd fyrirtækjanna. Gögn málsins sýna að umræddir lykilstjórnendur höfðu ríka aðkomu að framkvæmd „Nýtt upphaf“ verkefnisins og öðru samráði á þessum tíma, sbr. t.d. kafla 8.7, 8.11, 8.15.3, 8.16.4, og 8.16.7.
11050. Með hliðsjón af öllu framangreindu var að mati Samkeppniseftirlitsins mikilvægum upplýsingum haldið frá Samkeppniseftirlitinu á fundinum og telur eftirlitið sig hafa verið blekktt varðandi yfirstandandi ólögmeitt samstarf fyrirtækjanna og samskipti stjórnendanna.

23.3.1.3. Upplýsingagjöf Eimskips og TVG í desember 2008 og febrúar 2009

11051. Líkt og áður greinir sendu Samskip kvartanir til Samkeppniseftirlitsins 7. maí og 25. ágúst 2008 þar sem kvartað var undan meintum brotum Eimskips gegn 11. gr. samkeppnislaga. Í þessum erindum var því haldið fram af hálfu Samskipa að Eimskip hefði ekki látið af ólögmeetri háttsemi sinni í kjölfar úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/2008 og væri „allt til dagsins í dag“ að gera „atlögu“ að viðskiptavinum Samskipa.
11052. Samkeppniseftirlitið sendi umrædd erindi Samskipa til umsagnar til TVG og Eimskips og bárust umsagnirnar 8. desember 2008 og 2. febrúar 2009.⁵⁹⁸⁸ Samhengisins vegna er ástæða til að víkja að þeirri upplýsingagjöf.
11053. Í umsögnum fyrirtækjanna var ásökunum Samskipa á hendur Eimskip og TVG hafnað. Á hinn bóginn var í hvorugum þessara umsagna upplýst um hluta eða heild af framangreindri atburðarrás árið 2008 eða aðra þætti í yfirstandandi samráði félaganna. Í umsögn Eimskips var t.a.m. aukinheldur, þvert gegn því sem samtímagögn fyrirtækjanna sýna, fullyrt að „samkeppni [sé] mjög virk á markaðnum [...]“.⁵⁹⁸⁹ Slík staðhæfing Eimskips samræmist ekki því sem átti sér stað á sama tíma í samskiptum Eimskips og Samskipa, sbr. fyrrgreind umfjöllun og sátt Eimskips frá 16. júní 2021 þar sem fyrirtækið viðurkennir að hafa á þessum tíma átt í alvarlegu ólögmeðu samráði við Samskip. Er hér einnig til þess að líta að 20. október 2008, fjórum dögum eftir fund Samskipa og Eimskips með Samkeppniseftirlitinu 16. október 2008, lýsti (S)forstj því yfir að Samskip væru að ljúka samningum við m.a. Eimskip. Tveimur dögum síðar, 22. október 2008, var fundur Eimskips, Samskipa og Alcoa á Reyðarfirði þar sem náðist stór áfangi í „Nýtt upphaf“ verkefninu þegar Samskip í kjölfarið, líkt og Eimskip gerði í ágúst 2008, breyttu skipa- og siglingakerfinu og drógu úr flutningaframboði í áætlunarsiglingum til og frá Íslandi. Með þessu var lagður frekari grunnur að árangursríku samráði Samskipa og Eimskips sem stóð yfir og var viðhaldið fram á árið 2013.
11054. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að upplýsingar í umsögnum TVG 8. desember 2008 og Eimskips 2. febrúar 2009 hafi verið til þess fallnar að viðhalda áfram leynd um samvinnu og samskipti Samskipa og Eimskips.

⁵⁹⁸⁸ Bréf TVG til Samkeppniseftirlitsins, dags. 08.12.2008. Bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins, dags. 02.02.2009.

⁵⁹⁸⁹ Bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins, dags. 02.02.2009, bls. 11.



23.3.1.4. Undanþágubeiðni vegna samstarfs í Norður-Ameríku flutningum í janúar 2009

11055. Gögn málsins sýna að undir lok árs 2008 hafi Samskip og Eimskip lokið við þann hluta „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tók til flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku. Ritað var undir samning þess efnis 7. janúar 2009. Ólíkt öðrum þáttum í í samráði þeirra sendu fyrirtækin Samkeppniseftirlitinu af þessu tilefni beiðni um undanþágu samkvæmt 15. gr. laganna. Undanþágubeiðnin barst eftirlitinu 26. janúar 2009. Í henni var mikilvægum upplýsingum haldið frá samkeppnisyfirlöndum. Verður nú vikið að þessu.⁵⁹⁹⁰
11056. Vísast hér til umfjöllunar í kafla 10.6.1 og 10.6.2. Í undanþágubeiðni fyrirtækisins var á því byggt að samningurinn fæli í sér að samningsaðilar „*munu sjálfir sinna áfram öllum öðrum þáttum flutninga en þeim sem samningurinn tekur til*“. Þá var því haldið fram að samvinna fyrirtækjanna myndi hafa jákvæð áhrif á samkeppni. Var því einnig haldið fram að undanþágan myndi gera Samskipum betur kleift að keppa við Eimskip og var staðhæft að markmið „*umbjóðenda okkar með samningnum er að samkeppni ríki á viðkomandi markaði reglubundinna beina sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku, til hagsbóta fyrir neytendur.*“
11057. Lýsing Samskipa og Eimskips í undanþágubeiðni fyrirtækjanna á eðli samstarfsins og markmiðum þess er í ósamræmi við samtímagögn. Þannig voru engar upplýsingar veittar um samvinnu og samskipti fyrirtækjanna sem hafði átt sér stað fram til janúar 2009 og var enn í framkvæmd þegar undanþágubeiðnin var send Samkeppniseftirlitinu. Fyrirtækin upplýstu t.d. ekki um að samningurinn um Norður-Ameríku flutninga væri aðeins einn liður af mörgum í umfangsmiklu samráði þeirra og greindu í engu frá „Nýtt upphaf“ verkefninu eða einstaka þáttum þess.
11058. Fyrirtækin upplýstu auk þess ekki um samstarf eða samskipti sem haldið var „*utan samnings*“ þrátt fyrir að þau atriði hefðu bein tengsl við samstarfið og samninginn. Þannig sýna samtímagögn að á seinni hluta árs 2008, í aðdraganda að endurnýjun Norður-Ameríku samningsins sem undirritaður var 7. janúar 2009, unnu Samskip og Eimskip að því að halda samstarfi eða fyrirkomulagi þess fyrir „*utan samning*“. Voru þetta þættir eins og samstarf í vöruhúsaþjónustu í Bandaríkjunum, vöruhúsaafslætti o.fl.
11059. Þá vísast einnig til umfjöllunar í kafla 8.19.2 þar sem sagt er frá því að gögn málsins sýni að (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-Eimísl höfðu á fundi sínum 6. október 2008 ákveðið að fara „í kringum“ samkeppnisreglur FMC í Bandaríkjunum við endurnýjun á Norður-Ameríku samning fyrirtækjanna. (S)frkvstj-millilandasv sagði eftirfarandi í tölvupósti frá 16. október 2008: „*eins og við ræddum á fundinum þá munu þeir [Eimskip] flytja gámana „free of charge“ þ.e. ekki rukka okkur [Samskip] sérstaklega fyrir það og komast þannig í kringum málið.*“ Önnur gögn málsins gefa einnig til kynna að Samskip og Eimskip hafi haft með sér samráð til þess að fara gegn bandarískum samkeppnisreglum og beita FMC blekkingum. Fyrirtækin ræddu einnig um „*munlegt samkomulag*“ sem var ekki upplýst um í undanþágubeiðninni til Samkeppniseftirlitsins.
11060. Rannsókn þessa máls hefur einnig leitt í ljós að í samningi Samskipa og Eimskips um Norður-Ameríku flutninga frá 7. janúar 2009 fólst aukið gámasamstarf.⁵⁹⁹¹ Vísast til þess að á seinni hluta árs 2008 áttu Samskip og Eimskip ítrekuð samskipti þar sem aukið gámasamstarf var rætt og undirbúið (m.a. vegna Norður-Ameríku). Var þetta t.a.m. rætt á fundi fyrirtækjanna 6. október 2008. Á sama tíma tóku fyrirtækin upp samráð um lán og leigu á gámum á öðrum siglingaleiðum, sbr. kafla 8.17.1 og 8.17.6. Gámasamstarf á grundvelli Norður-Ameríku samningsins var þannig einn hluti af stærra samkomulagi

⁵⁹⁹⁰ Bréf frá Samskipum og Eimskip til Samkeppniseftirlitsins, dags. 26.01.2009.

⁵⁹⁹¹ Sýna samtímagögn frá nóvember árið 2010 t.d. að allt að helmingur af gámum sem Samskip notuðu fyrir innflutning frá Norður-Ameríku voru gámar frá Eimskip og afgangurinn voru eigin gámar Samskipa. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.836637, sbr. kafla 14.33.6.2.



eða sameiginlegum skilningi um að fyrirtækin myndu aðstoða hvort annað með gáma óháð flutningaleiðum eða staðsetningu gáma hverju sinni, sbr. kafla 18.

11061. Í svörum Samskipa, dags. 14. janúar 2016, við fyrstu upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins til fyrirtækisins, sem dagsett var 29. janúar 2015, kemur fram að lykilstarfsmenn Samskipa hafi ekki kannast við að hafa átt nein samskipti við Eimskip sem gæfu tilefni til að ætla að hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Jafnframt segir að „félögin hafa átt gagnkvæm viðskipti bæði í sjóflutningum og landflutningum til allnokkurra ára. Samkeppniseftirlitið hefur áður verið upplýst um þessi viðskipti í öllum meginatriðum.“ Með því var vísað til samstarfssamnings Samskipa og Eimskips vegna Norður-Ameríku flutninga. Að framangreindu virtu getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á að það hafi verið upplýst um viðskipti Samskipa og Eimskips „í öllum meginatriðum“, líkt og er staðhæft í bréfi Samskipa frá 14. janúar 2016. Skiptu framangreindar upplýsingar augljóslega máli við afgreiðslu erindis fyrirtækjanna og með því að halda þeim frá var samráði fyrirtækjanna leynt og samkeppnisyfirvöld afvegaleidd.
11062. Með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 46/2009, dags. 22. desember 2009, var samningi Samskipa og Eimskips frá 7. janúar 2009 veitt undanþága frá samráðsbanni 10. gr. samkeppnislaga, sbr. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga og gildi undanþágan til 31. desember 2010. Sú undanþága var veitt á grundvelli rangrar eða ófullnægjandi upplýsingagjafar Samskipa og Eimskips.
11063. Því skal haldið til haga að engin undanþága samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga var í gildi fyrir ólögmætu samstarfi Samskipa og Eimskips í Norður-Ameríku flutningum frá 31. ágúst 2004 fram til 31. desember 2010. Þrátt fyrir það framkvæmdu fyrirtækið samstarfið.

23.3.1.5. Upplýsingagjöf Samskipa í mars 2009 og Eimskips í apríl sama ár

11064. Við málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins á áðurnefndum kvörtunum Samskipa frá 7. maí og 25. ágúst 2008 lögðu Samskip þann 2. mars 2009 fram sjónarmið um áðurnefnda umsögn Eimskips frá 2. febrúar 2009.⁵⁹⁹² Í sjónarmiðum Samskipa var áfram haldið frá eftirlitinu nauðsynlegum upplýsingum um samvinnu og samskipti við Eimskip. Sömu sögu er að segja um sjónarmið Samskipa í bréfi dags. 6. apríl 2009 um áðurnefnda umsögn TVG frá nóvember 2009.⁵⁹⁹³
11065. Samkeppniseftirlitið sendi Eimskip athugasemdir Samskipa frá 2. mars 2009 til umsagnar. Þann 2. apríl sama ár barst umsögn frá Eimskip þar sem kvörtunum Samskipa var hafnað.⁵⁹⁹⁴ Var áfram haldið frá Samkeppniseftirlitinu nauðsynlegum upplýsingum um samráð fyrirtækjanna, sbr. einnig sátt Eimskips frá 16. júní 2021 þar sem viðurkennt er að fyrirtækið hafi á þessum tíma átt í alvarlegum ólögmætu samráði við Samskip.

23.3.1.6. Upplýsingagjöf Samskipa í nóvember 2009

11066. Þann 18. nóvember 2009 bárust frá Samskipum athugasemdir um fyrrgreind sjónarmið Eimskips frá 2. febrúar 2009.⁵⁹⁹⁵ Á þessum tíma, í nóvember 2009, var sá þáttur samráðs Samskipa og Eimskips sem kenndur er við „frið“ eða „ró“ yfirstandandi, sbr. kafla 12 og 14 og vísast til þess sem þar greinir. Í athugasemdum Samskipa voru ekki veittar upplýsingar um atvik þessu tengd, hvorki að hluta né heild, né var bætt úr fyrri upplýsingagjöf fyrirtækisins og þannig gætt að því að samráðið við Eimskip færi leynt.

⁵⁹⁹² Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 02.03.2009.

⁵⁹⁹³ Bréf TVG til Samkeppniseftirlitsins, dags. 06.04.2009.

⁵⁹⁹⁴ Bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins, dags. 02.04.2009.

⁵⁹⁹⁵ Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 18.11.2009.



23.3.2. Atvik á árunum 2010 – 2012

23.3.2.1. Upplýsingagjöf Eimskips í janúar 2010 og kvörtun 14. júlí 2010

11067. Þann 18. janúar 2010 bárust Samkeppniseftirlitinu viðbótarsjónarmið frá Eimskip vegna áðurnefndra kvartana Samskipa frá 7. maí og 25. ágúst 2008.⁵⁹⁹⁶
11068. Þann 14. júlí 2010 barst Samkeppniseftirlitinu nýtt erindi frá Eimskip. Um var að ræða kvörtun „vegna samkeppnishamlandi aðgerða Samskipa“. Þar kvartaði Eimskip yfir ætlaðri misnotkun Samskipa á markaðsráðandi stöðu sbr. 11. gr. samkeppnislaga.⁵⁹⁹⁷
11069. Framanrituð bréf Eimskips, frá janúar og júlí 2010, eru að mestu leyti efnislega sambærileg og verður því fjallað um upplýsingagjöf í þeim saman í þessum kafla. Í báðum bréfunum var því þannig haldið fram að Samskip væru í markaðsráðandi stöðu samkvæmt 11. gr. samkeppnislaga og Samskip hefðu brotið gegn fyrrnefndu ákvæði með háttsemi sinni gagnvart viðskiptavinum. Samhengisins vegna er nauðsynlegt að víkja að þessari upplýsingagjöf Eimskips.
11070. Í bréfi Eimskips frá 18. janúar 2010 var því m.a. haldið fram að Samskip viðhefðu „ítrekuð undirboð“ gagnvart viðskiptavinum Eimskips. Í bréfi Eimskips 14. júlí 2010 voru sömu sjónarmið rakin um meinta misnotkun Samskipa og í því sambandi vísað til „óeðlilegra aðgerða Samskipa á undanförmum árum“. Þá var því haldið fram að Samskip hefðu sýnt af sér háttsemi sem hefði „þann tilgang að skaða samkeppni“. Staðhæft var í kvörtun Eimskips að kvörtun „Samskipa til Samkeppniseftirlitsins á síðasta ári hefði aðeins það markmið að hindra samkeppni“ frá Eimskip. Skoraði Eimskip á Samkeppniseftirlitið að grípa til aðgerða til að tryggja „sanngjarna“ og „viðunandi“ samkeppni og samkeppnisskilyrði á sjóflutningamarkaði. Í kvörtun Eimskips frá 14. júlí 2010 var Samkeppniseftirlitið beðið um að tryggja viðunandi eða sanngjarna samkeppni á sjóflutningamarkaði og þannig ranglega gefið til kynna að tiltekna einhliða aðgerðir Samskipa væru megin samkeppnisvandamálið á markaðnum.
11071. Hvorki í bréfi Eimskips þann 18. janúar 2010 né kvörtun félagsins 14. júlí 2010 var vikið að „Nýtt upphaf“ verkefni Samskipa og Eimskips. Hafði samráð Samskipa og Eimskips þá staðið yfir í langan tíma, eða a.m.k. frá júní 2008. Hafa skal í huga að í samráði Samskipa og Eimskips á þessum tíma fólst m.a. markaðsskipting eftir stórum og mikilvægum viðskiptavinum, sbr. umfjöllun í kafla 14.
11072. Í stað þess að veita réttar upplýsingar staðhæfði fyrirtækið í erindinu frá júlí 2010 að „undanfarin ár“ hefðu Samskip sótt af miklum móð á viðskiptavinum Eimskips með ólögmætum hætti, með lágum verðum eða lækkað verð til sinna eigin viðskiptavina. Að mati Samkeppniseftirlitsins sýna bæði viðurkenning Eimskips á brotum og samtímagögn að þessi upplýsingagjöf Eimskips til stjórnvaldsins var í aðalatriðum röng.
11073. Varðandi upplýsingagjöf Eimskips í erindum þess í janúar og júlí árið 2010 má hér líka nefna að í afrituðum gögnum Eimskips frá 14. apríl 2009 voru samkeppnisfyrirvöld talin upp sem ógn en ekki Samskip. Frá maí 2009 fóru fram sérstakar aðgerðir hjá lykilstjórnendum Samskipa til að tryggja að undirmenn myndu láta „sanningsbundna“ viðskiptavinum Eimskips í friði. Eins og áður er vikið að í ákvörðun þessari var sérstakur „kreppuhópur“ starfræktur frá október 2009 innan Samskipa og var eitt af verkefnum hans m.a. að tryggja „friðinn“ við Eimskip. Algjört ósamræmi er milli þessa og upplýsingagjöf Eimskips sem laut að því að Samskip væru með miklum samkeppnisaðgerðum að herja á viðskiptavinum Eimskips með undirboðum. Að mati Samkeppniseftirlitsins er þessi upplýsingagjöf Eimskips til þess fallin að leynd samráði fyrirtækjanna og afvegaleiða samkeppnisfyrirvöld.

⁵⁹⁹⁶ Bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins, dags. 18.01.2010.

⁵⁹⁹⁷ Bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins, dags. 14.07.2010.



23.3.2.2. Upplýsingagjöf vegna rannsóknar á landflutningamarkaði

11074. Framangreindar kvartanir Samskipa og Eimskips tóku til ætlaðra brota í sjóflutningum. Samkeppniseftirlitinu bárust hins vegar ábendingar frá minni keppinautum í landflutningum um ætluð brot Samskipa og Eimskips í landflutningaþjónustu. Ákvað Samkeppniseftirlitið að eigin frumkvæði að hefja athugun m.a. á því hvort Samskip og Eimskip hefðu brotið gegn 10. og/eða 11. gr. samkeppnislaga í starfsemi sinni á landflutningamörkuðum.⁵⁹⁹⁸
11075. Með bréfum, dags. 29. mars 2010, til bæði Samskipa og Eimskips, óskaði Samkeppniseftirlitið eftir upplýsingum skv. 19. gr. samkeppnislaga frá Samskipum og Eimskip vegna þessarar athugunar eftirlitsins. Í bréfinu kom m.a. fram að athugun Samkeppniseftirlitsins myndi m.a. fela í sér „[m]at á því hvort Samskip, Eimskip og önnur fyrirtæki hafi með samningum eða samstilltum aðgerðum hafst eitthvað að sem lýtur að eða hefur það að markmiði að koma í veg fyrir samkeppni, sbr. 10. gr. samkeppnislaga.“
11076. Meðal þess sem Samskip var beðið að upplýsa um var hvernig samstarfi þess við Eimskip og önnur landflutningsfyrirtæki væri háttað, forsendur að baki samstarfi og afriti af öllum samningum þessu tengdum. Þá var beðið um afhent yrðu afrit af öllum bréfum, símbrefum og tölvupóstum sem fyrirtækið hefði fengið m.a. frá Eimskip á árunum 2007 til 2009 og Samskip hefðu sent Eimskip á sama tímabili. Enn fremur var óskað eftir að Eimskip afhenti upplýsingar um 50 stærstu viðskiptavinum félagsins í landflutningum á árunum 2004–2009, auk upplýsinga um sundurliðaðar tekjur og flutningsmagn vegna þessara viðskiptavina. Eimskip var beðið um samskonar upplýsingar.
11077. Á sama tíma og Samkeppniseftirlitið óskaði upplýsinga og gagna frá Samskipum og Eimskip með bréfum til fyrirtækjanna sýna samtímagögn að samfelld samráð fyrirtækjanna var við lýði t.a.m í landflutningum ásamt fleiri sviðum sem féllu undir samráð þeirra á þessum tíma. Um þau atvik upplýstu fyrirtækin ekki í svörum við fyrirspurnum Samkeppniseftirlitsins sem bárust með bréfum 19. maí 2010 frá Eimskip og 28. maí 2010 frá Samskipum.⁵⁹⁹⁹
11078. Svo sem rakið er í kafla 23.1 felst í skyldu til að veita upplýsingar og afhenda gögn skv. 19. gr. samkeppnislaga að upplýsa skal um öll nauðsynleg atriði sem hafa þýðingu fyrir rannsókn máls og afhenda öll gögn sem sá sem upplýsingabeiðni er beint að hefur í fórum sínum. Þá er skylt að upplýsingar sem samkeppnisfyrirvöldum eru veittar við munnlega og skriflega upplýsingaöflun skv. 19. gr. séu réttar. Í því felst að óheimilt er að veita rangar eða tvíræðar upplýsingar sem draga upp ranga mynd af atvikum er þýðingu hafa við athugun Samkeppniseftirlitsins.
11079. Við upplýsingaöflun í þessu máli, sbr. bréf Samskipa dags. 14. janúar 2016, hafa Samskip haldið því fram að fyrirtækið hafi upplýst Samkeppniseftirlitið um samstarf sitt við Eimskip í landflutningum „í öllum meginatriðum“ á árinu 2010. Í því sambandi hafa Samskip vísað til fyrirnefnds bréfs þess frá 28. maí 2010. Þá hélt Eimskip sambærilegu fram í bréfi dags. 13. október 2016 og vísaði þar til bréfs Eimskips frá 19. maí 2010.
11080. Samkeppniseftirlitsins getur ekki fallist á að Samskip hafi í fyrrgreindu bréfi upplýst Samkeppniseftirlitið um samstarf sitt við Eimskip í landflutningum „í öllum meginatriðum“. Verður þetta nú rakið nánar. Vikið verður að upplýsingagjöf Eimskips að því marki sem það hefur þýðingu í þessu samhengi.

⁵⁹⁹⁸ Samanber umfjöllun í kafla 2.3 var athugun Samkeppniseftirlitsins á landflutningamarkaði sameinuð þessari rannsókn.

⁵⁹⁹⁹ Bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins, dags. 19.05.2010. Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 28.05.2010.



23.3.2.2.1. Samskip

11081. Við mat á því hvort upplýsingagjöf Samskipa í bréfi þess til Samkeppniseftirlitsins, dags. 28. maí 2010, hafi samrýmst 19. gr. samkeppnislaga er til eftirfarandi að líta en hér ekki um tæmandi yfirlit að ræða:

- Samskip hvorki greindu frá né afhentu gögn frá árinu 2006 sem sýna að það ár hefðu Samskip og Eimskip undirbúið samráð í landflutningum. Samskip upplýstu heldur ekki um að fyrirætlanir frá árinu 2006 um samstarf á milli fyrirtækjanna urðu að veruleika.⁶⁰⁰⁰
- Samskip greindu ekki frá eða afhentu gögn er vörðuðu „Nýtt upphaf“ verkefnið sem hófst í júní 2008, en aukið samráð í landflutningum var einn þáttur í því samráði. Samskip veittu rangar upplýsingar um samstarf við Eimskip í landflutningum með því að staðhæfa að samráð við Eimskip hafi hafist í lok árs 2008 og í upphafi árs 2009 og að það hafi aðeins falið í sér „viðskipti á afmörkuðum og óhagkvæmum áfangastöðum“. Samráð Samskipa og Eimskips frá árinu 2005 og „Nýtt upphaf“ verkefnið, sem hófst árið 2008, var mun víðtækara en Samskip lýstu.⁶⁰⁰¹
- Samskip upplýstu ekki um samkomulagið við Eimskip sem náðist í kjölfar þess að „sendinefnd“ frá Samskipum kom á fund Eimskips þann 9. september 2008 og þeim atvikum sem fjallað er um í köflum 8.16.4 og 8.16.7.
- Samskip upplýstu ekki um samráð við Eimskip um flutninga á gámum á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar frá árinu 2009.⁶⁰⁰²
- Samskip upplýstu ekki um að Eimskip væri á meðal 50 stærstu viðskiptavina Samskipa í landflutningum árin 2008 og 2009. Um þetta var loks upplýst er Samskip afhentu upplýsingar um umfang viðskipta við Eimskip í bréfi til Samkeppniseftirlitsins fimm árum síðar vegna rannsóknar á máli þessu, sbr. bréf, dags. 10. apríl 2015.

11082. Að framangreindu virtu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi við upplýsingagjöfina brotið gegn skyldu 19. gr. laganna með því að upplýsa ekki um mikilvæg atriði og afhenda ekki gögn í fórum þess sem höfðu grundvallarþýðingu fyrir athugun Samkeppniseftirlitsins.

23.3.2.2.2. Eimskip

11083. Að mati Samkeppniseftirlitsins var upplýsingagjöf Eimskips í bréfi, dags. 19. maí 2010, sams konar annmörkum háð og í tilviki bréfs Samskipa frá 28. maí 2010. Má í því sambandi vísa til eftirfarandi dæma, en ekki er um tæmandi yfirlit að ræða:

- Eimskip hvorki greindi frá né afhenti gögn frá árinu 2006 sem sýna að það ár hefðu Samskip og Eimskip undirbúið samráð í landflutningum. Eimskip upplýsti heldur ekki um að fyrirætlanir frá árinu 2006 um samstarf á milli fyrirtækjanna urðu að veruleika.⁶⁰⁰³
- Eimskip hvorki greindi frá né afhenti gögn er vörðuðu „Nýtt upphaf“ verkefnið sem hófst í júní 2008, en aukið samráð í landflutningum var einn þáttur í því samráði.⁶⁰⁰⁴ Eimskip hélt því þvert á móti fram við upplýsingagjöf 19. maí 2010 að „eðlileg samkeppni“ væri á milli fyrirtækisins og Samskipa á tilteknum flutningaleiðum hér á landi. Eimskip upplýsti ekki um samkomulagið við Samskip sem

⁶⁰⁰⁰ Sjá kafla 5.11 og 17.

⁶⁰⁰¹ Sjá kafla 7.5.3.

⁶⁰⁰² Sjá kafla 17.

⁶⁰⁰³ Sjá kafla 5.11 og 17.

⁶⁰⁰⁴ Sjá kafla 7.5.3.



náðist í kjölfar þess að „sendinefnd“ frá Samskipum kom á fund Eimskips þann 9. september 2008 og þeim atvikum sem fjallað er um í köflum 8.16.4 og 8.16.7.

- Lýsing Eimskips í bréfi fyrirtækisins 19. maí 2010 um samskipti við Samskip var röng. Hélt Eimskip því fram að samskipti á milli Samskipa og Eimskips, vegna þjónustu sem fyrirtækin keyptu hvort af öðru, væru aðallega á milli „afgreiðslumanna“ á viðkomandi afgangslum. Eimskip hélt því einnig ranglega fram að samskiptin hafi aðeins varðað tímasetningar á flutningum og áætlunarferðum á tilgreindum leiðum. Fullyrt er í upplýsingagjöf Eimskips að: „Önnur samskipti eru ekki á milli fyrirtækjanna“.⁶⁰⁰⁵ Líkt og rakið er í þessari ákvörðun sýna gögn málsins að samskipti milli Samskipa og Eimskips voru mun víðtækari og fyrir hendi ítrekuð samskipti æðstu stjórnenda fyrirtækjanna sem vörðuðu flesta þætti í starfsemi þeirra.⁶⁰⁰⁶
- Eimskip upplýsti hvorki um samráð á milli Samskipa og Eimskips um flutninga á gámum á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar frá árinu 2009 né um að Eimskip hefði annast flutning á vörum fyrir Samskip á milli Reykjavíkur og Siglufjarðar. Eimskip upplýsti aðeins um flutninga á fiski fyrir Samskip á þessari leið.⁶⁰⁰⁷

11084. Með hliðsjón af því sem að framan er rakið er það mat Samkeppniseftirlitsins að upplýsingagjöf Eimskips hafi verið til þess fallin að leynd samráði þess við Samskip, afvegaleiða Samkeppniseftirlitið og tefja og torvelda rannsókn málsins.

23.3.2.2.3. Niðurstaða

11085. Upplýsingabæðni Samkeppniseftirlitsins 29. mars 2010 til Samskipa byggði á 19. gr. samkeppnislaga. Sú skylda hvíldi því á Samskipum að upplýsa um öll nauðsynleg atriði sem hefðu þýðingu fyrir rannsókn máls og afhenda öll gögn sem Samskip höfðu undir höndum. Þá hvíldi sú skylda á Samskip að veita réttar upplýsingar. Óheimilt var því Samskipum að veita rangar eða tvíræðar upplýsingar sem dregið gætu upp ranga eða villandi mynd af atvikum er þýðingu höfðu við athugun Samkeppniseftirlitsins.
11086. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi við upplýsingagjöf 28. maí 2010 haldið frá Samkeppniseftirlitinu gögnum og upplýsingum sem fyrirtækinu bar að afhenda eða upplýsa um. Með þessu drógu Samskip upp ranga og villandi mynd af aðstæðum á markaðnum og samskiptum þess við Eimskip og brutu gegn 19. gr. samkeppnislaga.
11087. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefði fullnægjandi upplýsingagjöf Samskipa og Eimskips í tengslum við upplýsingabæðni Samkeppniseftirlitsins vegna rannsóknar þess á landflutningamarkaði gert eftirlitinu kleift að leggja rétt mat á aðstæður og háttsemi fyrirtækja á markaði þegar á árinu 2010.
11088. Þá ber hér einnig að hafa í huga að Samskip höfðu við meðferð þessa máls ítrekuð tilefni og getu til að leggja fram réttar upplýsingar og gögn. Það gerði fyrirtækið á hinn bóginn ekki. Þvert á móti var leynd um samráð Samskipa og Eimskips viðhaldið.
11089. Þrátt fyrir niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um brot Samskipa gegn 19. gr. samkeppnislaga við upplýsingagjöf á árinu 2010 verður Samskipum, vegna þess tíma sem er liðinn frá broti, ekki gerð sérstök stjórnvaldssekt vegna brotsins.

⁶⁰⁰⁵ Bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins, dags. 19.05.2010, bls. 38.

⁶⁰⁰⁶ Sbr. kafla 7.7, 8.7, 8.16.4, 8.16.7, 9.1.1 og 13.4.2.

⁶⁰⁰⁷ Sjá kafla 17.



23.3.2.3. Undanþágubeiðni vegna skipaafgreiðslu í júní 2010

11090. Þann 4. júní 2010 óskuðu Samskip og Eimskip eftir undanþágu frá bannreglu 10. gr. samkeppnislaga vegna samvinnu fyrirtækjanna í skipaafgreiðslu í Mjóeyrarhöfn á Reyðarfirði.⁶⁰⁰⁸
11091. Í bréfi fyrirtækjanna frá 4. júní 2010 er lýst aðstæðum við höfnina við Mjóeyri og því sem lýst er sem nýlega yfirstöðnum samningaviðræðum félaganna um þjónustu Eimskips vegna lestunar og losunar fyrir Samskip og að samningur hafi náðst 31. maí 2010. Í beiðninni kemur ekki fram hvenær samstarf fyrirtækjanna hófst í raun en líkt og fjallað er m.a. um í kafla 5.12 og 19 í ákvörðun þessari hefur rannsókn Samkeppniseftirlitsins leitt í ljós að Samskip og Eimskip áttu með sér samráð vegna skipaafgreiðslu og hafnarvinnu í Mjóeyrarhöfn óslitið frá því í október/nóvember 2007 og a.m.k. fram til júní 2013. Ekki var veitt undanþága samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga fyrir samstarfinu.
11092. Þá er þess að gæta að samstarf í skipaafgreiðslu var einn þáttur „Nýtt upphaf“ verkefnis Samskipa og Eimskips.⁶⁰⁰⁹ Í beiðni Samskipa og Eimskips frá 4. júní 2010 voru hins vegar ekki veittar upplýsingar um „Nýtt upphaf“ verkefnið eða samstarf fyrirtækjanna að öðru leyti. Augljóslega hafa slíkar upplýsingar þýðingu við mat á því hvort veita eigi undanþágu frá bannreglu 10. gr. samkeppnislaga.
11093. Þá kom fram í beiðninni að ekki væri gert ráð fyrir samskiptum æðstu yfirmanna eða lykilstjórnenda þeirra vegna hafnarþjónustusamstarfsins í Mjóeyrarhöfn. Settu fyrirtækin þetta fram sem eina af röksemdunum fyrir því að skilyrði þágildandi 15. gr. samkeppnislaga væru uppfyllt. Gögn málsins sýna á hinn bóginn að lykilstjórnendur Eimskips og Samskipa höfðu átt og áttu eftir að eiga í ítrekuðum samskiptum, m.a. vegna samráðsins sem tengdist Mjóeyrarhöfn, breytinga á siglingakerfum o.fl., sbr. t.d. samskipti fyrirtækjanna 22. október 2008.⁶⁰¹⁰
11094. Hér skal haft í huga undanþágubeiðni Samskipa og Eimskips vegna samstarfs í skipaafgreiðslu kom í kjölfar þess að fyrirtækin voru tekin til rannsóknar um mitt árið 2010 vegna landflutningastarfsemi þeirra, og verður að meta hana í því samhengi. Samstarf í skipaafgreiðslu var einn þáttur samráðs Samskipa og Eimskips sem var „sýnilegur“ út á við, þ.e. samstarf sem í eðli sínu var ekki unnt að fara leynt með, öfugt við t.d. markaðsskiptingu sem fyrirtækin gátu með auðveldari hætti haldið leyndu.
11095. Að mati Samkeppniseftirlitsins var sá háttur sem hafður var á upplýsingagjöf í erindinu til þess fallinn að draga athygli Samkeppniseftirlitsins frá víðtæku og langvarandi samráði Samskipa og Eimskips.

23.3.2.4. Undanþágubeiðni vegna Norður-Ameríku flutninga í desember 2010

11096. Þann 23. desember 2010 sendu Samskip og Eimskip bréf til Samkeppniseftirlitsins.⁶⁰¹¹ Í bréfinu var gerð grein fyrir því að nýr samningur um Norður-Ameríku siglingar hefði verið undirritaður. Gilti samningurinn frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2012. Í bréfinu var óskað eftir undanþágu frá bannreglu 10. gr. samkeppnislaga vegna þessa samnings.
11097. Í bréfi Samskipa og Eimskips eru færð almenn rök fyrir veitingu undanþágu samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga vegna samstarfsins og það sagt til hagsbóta fyrir íslenska neytendur að fleiri en einn aðili geti boðið upp á reglubundna beina sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku. Í umfjöllun bréfsins um skilyrði einstakra töluliða þágildandi 1. mgr. 15. gr. samkeppnislaga segir meðal annars að Samskip og Eimskip teldu „engan vafa leika á“ að hinn endurnýjaði samningur veitti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af samningnum hlytist. Þá segir að „neytendur eru í þessu tilviki

⁶⁰⁰⁸ Bréf Eimskips og Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 04.06.2010.

⁶⁰⁰⁹ Sjá kafla 7.5.4 og 10.7.1.

⁶⁰¹⁰ Sjá t.d. kafla 9.4 og 13.4.2.

⁶⁰¹¹ Bréf Samskipa og Eimskips til Samkeppniseftirlitsins, dags. 23. desember 2010.



kaupendur flutningsþjónustu. Hagur þeirra er augljóslega sá að sem flestir aðilar stundi virka samkeppni á þeim markaði farmflutninga með skipum á milli Íslands og Norður-Ameríku. Slíkt leiðir til lækkunar verðs, bættrar dreifingar og þjónustu, hagkvæmrar nýtingar framleiðsluþátta, o.s.frv."

11098. Með þessu gáfu Samskip og Eimskip til kynna að samkeppni ríkti á milli þeirra og að markmið samningsins væri að auka samkeppni og bæta hag neytenda. Líkt og sjá má af umfjöllun í þessari ákvörðun um „Nýtt upphaf“ verkefnið var markmið þess hið gagnstæða, þ.e. að takmarka samkeppni og hækka verð en frá því verkefni var ekki greint.
11099. Í undanþágubeiðni sinni byggðu Samskip og Eimskip í reynd á því að forsendur væru hinar sömu og við veitingu fyrri undanþágu, sbr. ákvörðun nr. 46/2009. Líkt og rakið er fyrir í kafla þessum er hins vegar ljóst að við veitingu þeirrar undanþágu var Samkeppniseftirlitið ekki upplýst um samstarf skipafélaganna á grunni neyðarsamkomulagsins eða á grunni „Nýtt upphaf“ verkefnisins og að samningurinn um Norður-Ameríku flutninga væri aðeins einn liður af mörgum í því verkefni. Undanþága (nr. 46/2009) var því ekki veitt á grundvelli fullnægjandi upplýsingagjafar.
11100. Þá sýna gögn málsins að til viðbótar við að endurnýja sjóflutningssamning vegna Norður-Ameríku endurnýjuðu Samskip og Eimskip í desember árið 2010 samhliða „Neyðarsamkomulagið“, leynilegt samkomulag síðan 30. nóvember 2001, vegna Evrópuflutninga. Undanþágubeiðni Samskipa og Eimskips frá 23. desember 2010 tók þó eingöngu til þess fyrrnefnda. Líkt og fram kemur í umfjöllun í köflum 4.6.6, 4.6.7 og 5.4, sbr. kafla 16, mátti Samskipum og Eimskip vera ljóst að samvinna félaganna af þeim toga sem fólst í „neyðarsamkomulaginu“ gat farið gegn 10. gr. samkeppnislaga, sbr. m.a. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 13/1997. Félögin sóttu hins vegar ekki um undanþágu vegna þessarar samvinnu og veittu engar upplýsingar um það í tengslum við þá beiðni er laut að Norður-Ameríku flutningum. Það var fyrst við rannsókn þessa máls sem Samkeppniseftirlitið varð áskynja um þessa samvinnu fyrirtækjanna
11101. Í undanþágubeiðni Samskipa og Eimskips, dags. 23. desember 2010, voru auk þess ekki veittar upplýsingar um leynisamning sem fyrirtækin sín á milli nefndu „hliðarskjal“ við Norður-Ameríku samning þeirra. „Hliðarskjalið“ útbjuggu fyrirtækin til þess að „losna við að fæla“ samninginn til bandarískra samkeppnisyrvalda, FMC⁶⁰¹²,⁶⁰¹³
11102. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að í fyrrgreindu erindi Samskipa og Eimskips vegna beiðni um undanþágu frá bannreglu 10. gr. samkeppnislaga hafi ekki verið upplýst um atriði sem verulegu máli gátu skipt við afgreiðslu á erindis fyrirtækjanna og áframhaldandi leynd haldið gagnvart samkeppnisyrvöldum um samráð fyrirtækjanna.

23.3.2.5. Kvartanir Samskipa í maí 2011

11103. Þann 6. maí 2011 barst Samkeppniseftirlitinu kvörtun frá Samskipum, dags. 4. maí sama ár. Í erindinu kvartaði Samskip yfir meintum brotum Eimskips gegn 11. gr. samkeppnislaga sem fælust í ólögmætum undirboðum og sérstækum verðlækkunum Eimskips. Kom m.a. fram að „[t]ilgangur Eimskips var einfaldlega sá að ná viðskiptum af Samskipum og/eða lækka framlegð Samskipa af viðskiptunum.“
11104. Þann 18. maí 2011 barst Samkeppniseftirlitinu önnur kvörtun frá Samskipum. Í kvörtuninni var ekki kvartað undan tiltekinni háttsemi eða sérstök tilvik nefnd sem hugsanleg brot gegn samkeppnislögum. Eingöngu var óskað eftir rannsókn Samkeppniseftirlitsins á kjörum sem Eimskip væri að bjóða viðskiptavinum til að athuga hvort jafnræðis væri gætt, með vísan 11. gr. samkeppnislaga.

⁶⁰¹² Federal Maritime Commission (FMC) eftirlit með sértækum samkeppnisreglum sem gilda í sjóflutningum.

⁶⁰¹³ Sbr. kafla 14.33.12 og 14.33.14.1.



11105. Með bréfi, dags. 13. desember 2011, óskaði Samkeppniseftirlitið eftir frekari upplýsingum frá Samskipum, einkum vegna erindis Samskipa frá 7. maí 2008.⁶⁰¹⁴ Barst svarbréf Samskipa 4. janúar 2012.
11106. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins til Samskipa, dags. 10. ágúst 2012, var Samskipum kynnt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að aðhafast ekki vegna erindis Samskipa frá 7. maí 2008 og viðbótarerinda Samskipa frá 4. og 18. maí 2011.
11107. Í erindum Samskipa voru tilgreind einstök tilvik þar sem Samskip taldi Eimskip hafa brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga sem fælust í ólögmaetum undirboðum og sérstækum verðlækkunum Eimskips. Þau tilvik sem eru nefnd voru ekki lýsandi fyrir það ástand sem leiddi af samráði Samskipa og Eimskips og ríkti á þessum tíma á þeim mörkuðum sem erindi Samskipa vörðuðu. Verða hér tvö dæmi rakín en að öðru leyti er vísað um þetta í kafla 14 í ákvörðuninni.
11108. Í kvörtuninni 4. maí 2011 viku Samskip t.a.m. að ætluðu broti Eimskips gegn 11. gr. samkeppnislaga vegna atvika sem tengdust fyrirtækinu Öskju. Samkeppniseftirlitið hefur í ákvörðun þessari fjallað um samtímagögn Samskipa og Eimskips vegna Öskju. Vísast um það m.a. til kafla 14.30. Ljóst er að samtímagögn styðja ekki upplýsingar Samskipa í erindinu. Af gögnum verður þannig ráðið að Samskip reyndu að knýja fram mikla verðhækkun gagnvart Öskju er samningur fyrirtækjanna var laus haustið 2010. Askja brást við með því að hafa samband við Eimskip til þess að fá betra verð vegna innflutnings á bílum og hafði jafnframt samband við Samskip og hafði „*nokkur komment á hækkánirnar*“ og vildu fara yfir þær með Samskipum. Í framhaldinu hitti Askja (E)forstj á fundi í september 2010. Af því tilefni mælti (E)forstj fyrir um það við (E)frkvstj-sala/þj að „*vertu á vappi trykkið*“ yrði notað gagnvart Öskju. Engin gögn hafa fundist sem sýna að Eimskip hafi gripið til frekari ráðstafana sem miðuðu að því að ná viðskiptum Öskju frá Samskipum, s.s. undirbúning að tilboði. Stuttu síðar endurnýjuðu Samskip flutningasamkomulag sitt við Öskju. Umrædd gögn og atvik tengd Öskju endurspeгла að hin ólögmaeta markaðsskipting vart virt.
11109. Um atvik tengd Abitibi/Flypaper (frkvstj-FlyP) er fjallað í kafla 14.33. Í erindi sínu létu Samskip hjá líða að upplýsa og afhenda gögn um samskipti lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips í kjölfar tilboðs Eimskips til Abitibi/Flypaper. Fyrir liggur í samtímagögnum að stjórnendur Samskipa kvörtuðu við stjórnendur Eimskips undan lágu verði Eimskips í flutninga frá Norður-Ameríku fyrir viðskiptavininn og lögðu til að fulltrúar fyrirtækjanna hittust til að ræða þetta samkeppnismálefni (tölvupóstur (S)forstö-innfl1 frá 12. janúar 2011).⁶⁰¹⁵ Samskip létu í erindi sínu einnig hjá líða að upplýsa um að stuttu áður eða í október 2010, höfðu Samskip hækkað verð til Abitibi/Flypaper á pappírflutningum frá Bandaríkjunum og höfðu síðast hækkað verðið stuttu áður eða í júní 2010, sbr. kafla 14.33.4.2. Samskip boðuðu umrædda tafarlausa hækkun gagnvart Abitibi/Flypaper með tölvupósti 12. október 2010, daginn eftir fund lykilstjórnenda fyrirtækjanna, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-sala/þj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1, 11. október 2010, sbr. kafla 14.33.4. Að mati Samkeppniseftirlitsins er framangreint skýr birtingarmynd á samráði Samskipa og Eimskips á þessum tíma en Samskip kusu að segja ekki frá þessum atvikum í erindi sínu.
11110. Á sama tíma og Samskip kvörtuðu til Samkeppniseftirlitsins má finna í skjölum stjórnenda fyrirtækisins lýsingar á því að það væri ríkjandi „ró“ milli Samskipa og Eimskips um mikilvæga viðskiptavini í

⁶⁰¹⁴ Bréf Samkeppniseftirlitsins til Samskipa, dags. 13.12.2011 í máli nr. 0805007. Sjá kafla hér að framar um kvörtun Samskipa 07.05.2008 og viðbótarkvörtun frá 25.08.2008.

⁶⁰¹⁵ Sbr. kafla 14.33.16.



innflutningi.⁶⁰¹⁶ Jafnframt áttu á sama tímabili sér stað tíð samskipti milli lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips.⁶⁰¹⁷

11111. Að mati Samkeppniseftirlitsins er sú mynd sem teiknuð var upp af markaðsumhverfi Samskipa í kvörtunum fyrirtækisins til Samkeppniseftirlitsins ekki í neinu samræmi við aðgerðir og lýsingar í samtímagögnum Samskipa. Samtímagögn sýna þvert á móti að ólöglegt samráð hafi verið yfirstandandi á þessum tíma en ekki meint misnotkun Eimskips á markaðsráðandi stöðu sinni. Þá sýna gögn málsins um „friðinn“ að það var hvorki markmið Eimskips né Samskipa á friðartímabilinu að „ná viðskiptum“ hvort af öðru. Þessi samtímagögn eru í samræmi við að í sátt Eimskips frá 16. júní 2021 viðurkennir fyrirtækið samráð við Samskip og í því hafi m.a. falist markaðsskipting um mikilvæga viðskiptavini eftir mitt ár 2008. Samkvæmt öllu framansögðu er það mat Samkeppniseftirlitsins að upplýsingar Samskipa hafi verið til þess fallnar að afvegaleiða Samkeppniseftirlitið og viðhalda áframhaldandi leynd um viðtækt samráð Samskipa og Eimskips.

23.3.3. Atvik á árinu 2013

23.3.3.1. Kvörtun Samskipa í júlí 2013

11112. Samskip sendu Samkeppniseftirlitinu kvörtun 3. júlí 2013 þar sem þess var óskað að tekið yrði til skoðunar hvort Eimskip hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína með breytingum á siglingakerfi sínu sem tilkynntar hefðu verið í upphafi ársins. Héldu Samskip því fram að Eimskip hafi á þessum tíma haft nægilegt rými til staðar til að sinna öllum „Íslandsflutningum“ Eimskips og raunar að auki öllum innflutningi Samskipa. Samskip byggðu því á því að Eimskip hafi farið í umræddar breytingar „til höfuðs“ nýrri leið Samskipa sem jafnframt var kynnt á sama tíma og hafi ekki byggst á kostnaðarlegum forsendum. Þannig hafi Eimskip misnotað markaðsráðandi stöðu sínu og nýtt sér fjárhagslegan styrkleika sinn til að mæta samkeppni frá Samskipum með ólöglegum hætti. Í erindi Samskipa segir að félögin séu í „samkeppni um flutninga verðandi alla þá sem á annað borð þurfa á flutningaþjónustu á sjó að halda á áætlunarleiðum milli hafna Íslands og Evrópu.“ Þá eru í erindi Samskipa raktar breytingar á siglingakerfi fyrirtækisins í nóvember 2008. Líkt og fjallað hefur verið um í 7 – 9 er það mat Samkeppniseftirlitsins að samráð Samskipa og Eimskips eftir mitt ár 2008 tekið til breytinganna á siglingakerfi Samskipa í nóvember 2008.

11113. Í erindinu er í engu vikið að fyrra samráði fyrirtækjanna tengdum siglingakerfum félaganna og því samfellda samráði sem í hartnær fjögur ár á undan hafði átt sér stað milli þeirra.

11114. Líkt og rakið er í kafla 21 má í samtímagögnum greina merki þess í lok árs 2012 að óróa hafi farið að gæta í hinni ólöglegu markaðsskiptingu og Samskip og Eimskip hafi dregið úr umfangi hennar á árinu 2013. Efnahagsbati á Íslandi og breytingar á siglingakerfum félaganna í upphafi árs 2013 höfðu þar áhrif. Samráð fyrirtækjanna var þó ekki liðið undir lok en á þeim tíma sem erindi Samskipa var sent Samkeppniseftirlitinu, í júlí 2013, átti sér enn stað samráð fyrirtækjanna í sjóflutningum m.a. á grundvelli samnings um Norður-Ameríku flutninga og samráð fyrirtækjanna á landflutningamarkaði. Þá var verðsamráð fyrirtækjanna sem m.a. fólst í takmörkun á afslætti til viðskiptavina viðvarandi a.m.k. út árið 2013.

⁶⁰¹⁶ Í markaðsskýrslu Samskipa fyrir árið 2011 (sem var gerð árið 2010) og markaðsskýrslu Samskipa sem var gerð árið 2011 (fyrir árið 2012) kom fram að það hefði verið „róa“ á innflutningsmarkaði og bæði Samskip og Eimskip haldi að sér höndum og leggi áherslu á að hækka verð, sbr. kafla 14.32 og 14.38.4. Í dæmaskyni má einnig vísa til gagns [...] frá 19. nóvember 2010, þar sem fram kemur „Almennt hefur verið rólegt yfir markaði frá vormánuðum [...]“, sbr. kafla 14.33.4.6 og 14.33.7. Þessar lýsingar Samskipa og ráðagerðir í samtímagögnum eru í samræmi við gögn málsins sem sýna framkvæmd ætlaðs samráðs milli Eimskips og Samskipa.

⁶⁰¹⁷ Sjá kafla 13.3.2 og áfram.



11115. Að mati Samkeppniseftirlitsins héldu Samskip mikilvægum upplýsingum frá samkeppnisyfirvöldum sem nauðsynlegt verður að telja að eftirlitið hafi þurft að búa yfir til að leggja mat á erindið og forgangsröðun verkefna skv. 3. mgr. 8. gr. samkeppnislaga.

23.3.3.2. Undanþágubeiðni vegna Norður-Ameríku flutninga í desember 2013

11116. Með bréfi, dags. 23. desember 2013, óskuðu Samskip og Eimskip eftir undanþágu samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga vegna samnings Samskipa og Eimskips um beina sjóflutninga á milli Íslands og Norður-Ameríku. Samningurinn átti að taka gildi 1. janúar 2014 og gilda til 31. desember 2014.

11117. Þegar undanþágubeiðnin barst Samkeppniseftirlitinu var rannsókn eftirlitsins á samráði fyrirtækjanna á frumstigi. Enn var unnið að því að yfirfara þau gögn sem haldlögð höfðu verið í húisleitum sem gerðar voru í september sama ár.

11118. Í undanþágubeiðninni er forsögu og málsatvikum lýst. Er þar m.a. fjallað um samstarf Samskipa og Eimskips um flutninga á milli Íslands og Norður-Ameríku og undanþágubeiðnir þeim tengdum árin 1993-2013. Í þeirri umfjöllun var ekki gerð grein fyrir samráði fyrirtækjanna m.a. á sviði sjóflutninga og landflutninga á árunum 2008-2013.

11119. Líkt og í fyrri undanþágubeiðnum Samskipa og Eimskips tengdum Norður-Ameríku samningum fyrirtækjanna voru í bréfi fyrirtækjanna gefnar almennar röksemdir fyrir veitingu undanþágu samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga. Kom til að mynda fram að fyrirtækin hafi talið mikilvægt „í ljósi núverandi aðstæðna í íslensku þjóðlífi að tryggja að samkeppni haldist á markaðnum“ og að samningurinn væri til hagsbóta fyrir íslenska neytendur. Þá voru færð rök fyrir því að undanþága myndi fyrirsjáanlega hafa jákvæð áhrif á samkeppni á markaðnum og samnýtingu framleiðsluþátta í samræmi við markmið samkeppnislaga.

11120. Í bréfi fyrirtækjanna var einnig rökstutt að hvaða leyti samningurinn uppfyllti, að mati þeirra, skilyrði staflíða þágildandi 1. mgr. 15. gr. samkeppnislaga. Kom þar fram meðal annars að Samskip yrðu samkeppnishæfari vegna samningsins sem myndi „vafalaust“ leiða til betri þjónustu við neytendur og samræmast markmiði samkeppnislaga vel. Þá sagði að Samskip og Eimskip töldu „engan vafa“ leika á því að hinn endurnýjaði samningur myndi skila sér í auknum ávinningi til neytenda.

11121. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að við úrlausn erindis fyrirtækjanna hafi skipt máli að upplýst væri um samráð fyrirtækjanna á árunum 2008-2013, þ. á m. „Nýtt upphaf“ verkefnið. Þá skiptir einnig máli, við mat á upplýsingagjöf fyrirtækjanna, að rannsókn Samkeppniseftirlitsins var á frumstigi og voru upplýsingar sem þar voru settar fram til þess fallnar að villa fyrir rannsókn Samkeppniseftirlitsins.

23.3.4. Niðurstaða

11122. Hér að framan hafa verið rakin kvartanir og önnur erindi Samskipa og Eimskips sem send voru Samkeppniseftirlitinu á megin rannsóknartímabili þessa máls, frá árinu 2008 til ársins 2013. Í umræddum erindum fyrirtækjanna eru settar fram margvíslegar upplýsingar og sjónarmið fyrirtækjanna um meint brot hvors annars á samkeppnislögum, samkeppnisaðstæður á þeim mörkuðum sem fyrirtækin starfa á o.fl. Í kvörtunum og erindum var dregin upp sú mynd að virk samkeppni ríkti á markaðnum og á milli fyrirtækjanna. Líkt og rakið hefur verið í þessari ákvörðun áttu Samskipa og Eimskips hins vegar á sama tíma, þ.e. um mitt ár 2008 til ársins 2013, með sér ólögmaett samfelld samráð.

11123. Ljóst er að kvartanir og önnur innsend erindi Samskipa og Eimskips breyttu engu um það að fyrirtækin viðhéldu samráði sínu samfelld allt fram á árið 2013. Þar að auki gefa samtímagögn til kynna að



fyrirtækin hafi beitt hótunum um kæru til samkeppnisyrivalda til að skapa aga í samráðinu.⁶⁰¹⁸ Verður að hafa þetta í huga við mat á þeim kvörtunum sem Samskip og Eimskip sendu Samkeppniseftirlitinu og fjallað hefur verið um hér að framan.

11124. Líkt og rakið hefur verið héldu Samskip í kvörtunum og öðrum erindum sem send voru Samkeppniseftirlitinu á megin rannsóknartímabili málsins frá samkeppnisyrivöldum upplýsingum sem miklu skiptu fyrir afgreiðslu erindanna og drógu ekki upp rétta mynd af samkeppnisaðstæðum á markaðnum og samskiptum Samskipa og Eimskips. Með því að upplýsa ekki í erindum þess um raunverulega stöðu á markaði og um samstarf fyrirtækjanna voru Samkeppniseftirlitinu ekki veittar mikilvægar og nauðsynlegar upplýsingar til að leggja rétt mat á erindin, samkeppnisaðstæður á markaðnum og samskipti Samskipa og Eimskips. Með því var Samkeppniseftirlitið afvegaleitt á brotatímabilinu.
11125. Þá er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi með upplýsingagjöf sinni 28. maí 2010, vegna rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á landflutningamarkaði, haldið frá Samkeppniseftirlitinu gögnum og upplýsingum sem fyrirtækinu bar að afhenda eða upplýsa um og brotið gegn 19. gr. samkeppnislaga. Með því komu Samskip í veg fyrir að Samkeppniseftirlitið gæti lagt rétt mat á aðstæður og háttsemi fyrirtækja á markaði þegar á árinu 2010. Líkt fyrir segir er í ákvörðun þessari verður þó ekki lögð sérstök stjórnvaldsekt á Samskip vegna brotsins.

23.4. Brot Samskipa gegn 19. gr. samkeppnislaga við rannsókn málsins

11126. Það mál sem hér er til umfjöllunar er afar umfangsmikið og rannsóknartímabilið langt. Það gagnamagn sem liggur til grundvallar í málinu er án fordæma hjá Samkeppniseftirlitinu. Það verklag sem Samkeppniseftirlitið hefur viðhaft við öflun upplýsinga og gagna í þágu rannsóknar málsins hefur frá upphafi tekið mið af því að upplýsa málsatvik á eins skilvirkan máta og svo fljótt sem unnt er.⁶⁰¹⁹ Það er Samkeppniseftirlitsins að meta hvaða upplýsingar kunni að hafa þýðingu fyrir rannsókn þess.⁶⁰²⁰
11127. Grundvallarforsenda skilvirkrar rannsóknar máls sem þessa er að fyrirtæki afhendi umbeðnar upplýsingar og gögn sem þau sannarlega búa yfir þegar um þær er beðið og jafnframt að fyrirtækin afhendi upplýsingar í samræmi við fyrirmæli Samkeppniseftirlitsins, enda tilgangur fyrirmælanna að gæta þess að upplýsingar berist á skipulegan máta í þágu skilvirkrar rannsóknar máls. Í þessu tilliti er eðli máls samkvæmt mikilvægt að fyrirtæki veiti Samkeppniseftirlitinu ekki rangar, villandi og ófullnægjandi upplýsingar við meðferð máls.
11128. Rík skylda hvílir á fyrirtækjum sem sæta rannsókn eftirlitsins að afhenda gögn og veita réttar og fullnægjandi upplýsingar, sbr. 19. gr. og 41. gr. b samkeppnislaga. Við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga er skylt að upplýsa um öll nauðsynleg atriði sem hafa þýðingu fyrir rannsókn máls og afhenda öll gögn sem sá sem upplýsingabeidni er beint að hefur í fórum sínum. Þá ber aðilum að tryggja að upplýsingar sem Samkeppnisyrivöldum eru veittar, hvort sem er við munnlega eða skriflega upplýsingaöflun samkvæmt 19. gr. séu réttar. Í því felst að óheimilt er að afvegaleiða Samkeppniseftirlitið með staðhæfingum sem eru tvíræðar eða beinlínis rangar, sbr. úrskurð

⁶⁰¹⁸ Sbr. t.d. fundargerð frá fundi stjórnenda Flytjanda: „Væri bylting að fá karagjald inn, Samskip hafa gefið það út að þeir eru að rukka þetta og munu kæra okkur ef við eltum ekki“, sbr. kafla 14.54.1. Sjá hér til hliðsjónar umfjöllun í kafla 4.8. Þar segir frá því að þekkt sé í samráðsmálum sem þessum að aðilar í samráði refsí eða hefni sín ef annar samráðsaðili svindlar á samráðinu. Sjá einnig úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í málum nr. 2/2011 og 4/2012.

⁶⁰¹⁹ Ítarlega umfjöllun um málsmeðferð og rannsókn má finna í viðauka II við ákvörðunina.

⁶⁰²⁰ Sjá hér til samanburðar dóm undirréttar ESB frá 22.03.2012 í málum nr. T-458/09 og T-171/10, Slovak Telekom gegn framkvæmdastjórninni, mgr. 43: „[...] given its broad powers of investigation and assessment, it is for the Commission to decide whether particular items of information which it requests from the undertakings concerned are necessary (see, to that effect, Case 155/79 AM & S Europe v Commission [1982] ECR 1575, paragraph 17; Orkem v Commission, paragraph 41 above, paragraph 16; Case C-94/00 Roquette Frères [2002] ECR I-9011, paragraph 78; and Case T-340/04 France Telecom v Commission [2007] ECR II-573, paragraph 148).“



áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 1/2012, *Síminn hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Þannig er óheimilt að haga upplýsingagjöf með þeim hætti að dregin sé upp röng mynd af atvikum er þýðingu hafa fyrir rannsókn Samkeppniseftirlitsins.

11129. Líkt og rakið verður hér á eftir er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi brotið gegn skyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga til að veita upplýsingar og afhenda gögn í þágu rannsóknar þessa máls. Var þetta til þess fallið að tefja framgang rannsóknarinnar. Telur Samkeppniseftirlitið ótvírætt að það hefði flýtt fyrir rannsókn málsins til muna ef réttar og fullnægjandi upplýsingar hefðu legið fyrir frá upphafi.
11130. Líkt og áður segir viðurkennir Eimskip í sátt frá 16. júní 2021 að hafa brotið gegn 19. gr. samkeppnislaga með því að hafa ekki veitt nauðsynlegar eða réttar upplýsingar eða afhent gögn í þágu rannsóknar Samkeppniseftirlitsins, sbr. 2. gr. sáttarinnar. Með sáttinni var málinu gagnvart Eimskip lokið. Brot Eimskips líkt og Samskipa gegn 19. gr. samkeppnislaga töfðu rannsókn málsins. Í eftirfarandi umfjöllun er samhengisins vegna gerð grein fyrir helstu brotum Eimskips. Er þetta óhjákvæmilegt enda voru bæði fyrirtækin, sem sættu rannsókninni, frá upphafi rannsóknar svo að segja samstíga í því að leitast við að spilla fyrir athugun samkeppnisyfirvalda á starfsemi þeirra.
11131. Verður nú vikið nánar að framangreindu.

23.4.1. Munnleg upplýsingagjöf Samskipa í tengslum við húsleit

11132. Eins og lýst var í kafla 2.1 átti Samkeppniseftirlitið í aðdraganda þessarar rannsóknar fundi með bæði viðskiptavinum og keppinautum Eimskips og Samskipa. Þar kom m.a. fram að mikil samskipti væru milli stjórnenda Eimskips og Samskipa. Að framkomnum ábendingum þessara heimildarmanna um ætlað samráð Eimskips og Samskipa framkvæmdi Samkeppniseftirlitið, á grundvelli úrskurða Héraðsdóms Reykjavíkur, húsleitir á starfsstöðvum fyrirtækjanna 10. september 2013.
11133. Í ljósi áður nefndra ábendinga taldi Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt í húsleitunum að óska eftir því að fulltrúar Eimskips og Samskipa veittu munnlegar upplýsingar eða bentu á gögn m.a. um samstarf og samskipti og tengsl milli fyrirtækjanna, sbr. 19. gr. samkeppnislaga.
11134. Samkeppniseftirlitið getur samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga krafist þess að fyrirtæki veiti upplýsingar með munnlegum hætti. Eðli málsins samkvæmt eru það stjórnendur eða aðrir starfsmenn sem veita upplýsingar með þessum hætti. Bera bæði viðkomandi einstaklingur og fyrirtækið ábyrgð á því að réttar og fullnægjandi upplýsingar séu veittar við slíka upplýsingagjöf. Þegar fyrri húsleit Samkeppniseftirlitsins fór fram þann 10. september 2013 voru teknar munnlegar skýrslur af fimm stjórnendum Samskipa. Skýrslugjöf eins stjórnenda Samskipa fór fram þann 17. september 2013 þar sem viðkomandi var staddur erlendis þegar húsleit fór fram. Að sama skapi fóru fram þessa daga í september 2013 munnlegar skýrslugjafir af sex stjórnendum Eimskips.
11135. Í upphafi munnlegrar upplýsingagjafar var stjórnendum kynnt að Samkeppniseftirlitið hefði hafið rannsókn á ætluðum brotum Samskipa og Eimskips gegn 10. gr. samkeppnislaga. Stjórnendunum voru jafnframt kynnt ákvæði 19. gr. og 41. b og 42. gr. samkeppnislaga, en í því sambandi kom m.a. fram að samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga væri skylt að veita Samkeppniseftirlitinu réttar upplýsingar um staðreyndir og að óheimilt væri að afvegaleiða samkeppnisyfirvöld með tvíræðum og röngum staðhæfingum. Tekið var fram að aðilum væri ekki skylt að veita upplýsingar sem fælu í sér huglægt mat á því hvort brot á samkeppnislögum hafi átt sér stað. Þá var vísað til þess að rangar, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar gætu varðað stjórnvaldssektum eða refsingu sem og umrædda einstaklinga persónulega refsingu. Var þeim einstaklingum sem veittu Samkeppniseftirlitinu upplýsingar við



skýrslugjöf gert að staðfesta að viðkomandi væri upplýstur um framangreint með undirritun sinni.⁶⁰²¹ Upplýsingaviðtöl þessi voru hljóðrituð og eru endurrit af hljóðupptökum meðal gagna þessa máls. Lögmenn fyrirtækjanna voru viðstaddir þessar upplýsingagjafir Samskipa og Eimskips.

11136. Að mati Samkeppniseftirlitsins brutu Samskip við munnlega upplýsingagjöf tengslum við húsleitir, gegn skyldu sinni til að veita upplýsingar um þýðingarmikil atriði í tengslum við samstarf og samskipti milli fyrirtækjanna.
11137. Gögn málsins sýna að hlutaðeigandi stjórnendur, sem veittu munnlega upplýsingagjöf tengslum við húsleitir í september 2013, höfðu vitneskju um samstarf og samskipti fyrirtækjanna strax í upphafi rannsóknarinnar. Í stað þess að upplýsa um það, eins og skylda var til samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga, eða benda á gögn var mikilvægum upplýsingum haldið frá rannsókn málsins. Með rangri, villandi eða ófullnægjandi upplýsingagjöf var leitast við að afvegaleiða Samkeppniseftirlitið og unnið gegn skilvirkri rannsókn málsins. Brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga hófust þannig strax á fyrstu stigum rannsóknar þessa máls.
11138. Samkeppniseftirlitið bendir á að Samskip fengu ríkt ráðrúm og tækifæri til að rýna eigin gögn í kjölfar húsleitanna og þá leiðréttu ranga upplýsingargjöf um samskipti fyrirtækjanna. Það var ekki gert.

23.4.1.1. Upplýsingum um samskipti við Eimskip leynt

23.4.1.1.1. Upplýsingagjöf - Forstjóri Samskipa

11139. Við munnlega upplýsingagjöf Samskipa í tengslum við húsleitir Samkeppniseftirlitsins 10. september 2013 var (S)forstj beðinn um að veita m.a. eftirfarandi upplýsingar:

„Hefur þú persónulega átt samskipti við starfsmenn Eimskips, þá er [SE] að vísa til bæði einka- og vinnutengt, símtöl, fundir eða önnur tilefni?“

11140. (S)forstj svaraði en veitti ekki upplýsingar eða benti á gögn um samskipti við (E)forstj.⁶⁰²²
11141. Síðar við upplýsingagjöfina var (S)forstj aftur spurður og var þá sérstaklega beðinn um að veita upplýsingar um hvort hann hafi „*ekkert verið í neinum samskiptum við (E)forstj, forstjóra Eimskipa?*“⁶⁰²³
11142. Veitti (S)forstj þá þær upplýsingar að fyrir utan setu í stjórn Viðskiptaráðs (og í Bandaríkjunum fyrir „*mörgum mörgum árum*“) hefði hann ekki átt nein vinnutengd eða persónuleg samskipti við (E)forstj.
11143. Samkvæmt gögnum málsins hafði (S)forstj átt samskipti við (E)forstj sem að hann lét hjá líða að upplýsa um. Má þar nefna samskipti hans við (E)forstj sem áttu sér stað kringum og eftir mitt ár 2008 og áfram á rannsóknartímabilinu, t.d. fund hans og (S)aðaleig-stjform-SH með (E)forstj og (E)stjform1 6. júní 2008, sbr. umfjöllun í kafla 7.2. Þá veitti (S)forstj heldur ekki upplýsingar eða benti á gögn um fámennan golfhóp sem hann og (E)forstj voru virkir meðlimir í á rannsóknartímabilinu, sbr. kafla 7.1.1 og 13.5.1. Verða hér rakin önnur dæmi um samskipti forstjóranna sem (S)forstj upplýsti ekki um við munnlega skýrslugjöf:
- Forstjórar fyrirtækjanna áttu í ítrekuðum samskiptum á rannsóknartímabilinu, sbr. kafla 7.1.1, 7.7.1, 13.3.2 og 13.5, sbr. einnig umfjöllun í köflum 7.3.6.1.1 og 7.3.6.1.2.

⁶⁰²¹ Undirritaðar yfirlýsingar Samskipa og Eimskips, dags. 10.09.2013 og 17.09.2013.

⁶⁰²² Endurrit af upplýsingagjöf Samskipa ([...]) til Samkeppniseftirlitsins, dags. 10.09.2013, bls. 6 og áfram.

⁶⁰²³ Endurrit af upplýsingagjöf Samskipa ([...]) til Samkeppniseftirlitsins, dags. 10.09.2013, bls. 10 – 11.



- Samtímagögn (S)forstj sýna að þegar (E)forstj tók við sem forstjóri Eimskips í maí 2008, taldi (S)forstj sig þekkja (E)forstj vel og vita að breytingar myndu fylgja forstjóratið hans („I know [(E)forstj] well through the year...” og „mýktin að verða meiri, og dregur úr hörkunní”), sbr. umfjöllun í kafla 7.1.1.
- Eins og áður segir hittust (S)forstj og (E)forstj ásamt stjórnarformönnum sínum um mitt ár 2008, föstudaginn 6. júní 2008. Sunnudaginn 8. júní 2008 útbjó (E)frkvstj-aljpsv glærुकyninguna um „Verkefnið Nýtt upphaf” þar sem fram kom að hann, (S)forstj og (E)forstj hefðu verið skipaðir í vinnuhóp til framkvæma það verkefni. Upplýsti (S)forstj ekki um setu í vinnuhópnum. Sjá umfjöllun í kafla 7.2 – 7.4 og 7.7.2. Samtímagögn Samskipa sýna ríka aðkomu (S)forstj að því að hrinda í framkvæmd verkþáttum sem féllu undir verkefnið, sbr. umfjöllun um tölvupóst (S)forstj 10. og 11. júní 2008, sbr. kafla 7.3.2 og 8.2.3.
- Við skýrslutöku hjá lögreglu í maí 2018 gat (S)forstj staðfest samskipti við (E)forstj og að fundur hans og (S)aðaleig-stjform-SH með (E)stjform1 og (E)forstj um mitt ár hefði farið fram.⁶⁰²⁴ Þótt (S)forstj hafi sagst aðspurður ekki muna hvernig fundurinn hafi komið til þá er ljóst af framburðinum að (S)forstj mundi vel eftir tilvist samskiptanna og gat gert einhverja grein fyrir efnistöku á fundinum. Lýsti (S)forstj fundinum sem „kaffifundi”. Fyrir (S)forstj voru lögð gögn Samskipa dagana fyrir fundinn.⁶⁰²⁵ Neitaði (S)forstj því að gögnin hefðu verið til umræðu á fundinum en sagði að gögnin hefðu verið „bara almennur undirbúningur fyrir herna nákvæmlega bara kaffispjall sko.”
- Lengi framan af skýrslutöku hjá lögreglu hélt (S)forstj því fram að umræðuefni fundarins hefði aðeins varðað möguleg eignaviðskipti Samskipa og Eimskips. Sá framburður (S)forstj breyttist eftir að glærुकyning Eimskips um „Nýtt upphaf” verkefnið var lögð fyrir hann. Aðspurður um verkefnið fimm sem koma fram í kynningunni og hvort þau hefðu tengt „kaffispjallinu” á fundinum 6. júní 2008 sagði (S)forstj: „Ég held að þetta hafi verið viðrað, ég held að þetta hafi verið viðrað en að það hafi ekki verið [...] en að það hafi ekki verið, en að það hafi ekki verið neinn framgangur um eitt eða neitt.” Um þetta sagði (S)forstj síðar við skýrslutöku lögreglu: „[...] þetta hafi verið að þetta hafi verið herna rætt yfir kaffispjalli að það væri nú hægt að herna skoða eitthvað af þessum þáttum [...]”. Sagði (S)forstj jafnframt að þetta hefði verið kaffispjall, „sem að menn hafa svo farið og herna unnið frekar heima í húsi [...]”.

11144. Ljóst er af framangreindu að við munnlega upplýsingagjöf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins 10. september 2013 hafi (S)forstj búið yfir upplýsingum um ítrekuð samskipti hans við forstjóra Eimskips sem að hann upplýsti ekki um, þrátt fyrir skyldu Samskipa samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga til að veita upplýsingarnar.

11145. Samhengisins vegna skal því haldið til haga hér að í munnlegri upplýsingagjöf forstjóra Eimskips, (E)forstj, til Samkeppniseftirlitsins 17. september 2013 sagði hann, líkt og (S)forstj, í veigamiklum atriðum ekki rétt frá samskiptum forstjóranna tveggja á rannsóknartímabili málsins, sbr. kafla 7.1.1, 7.7.1, 7.3.6.2, 7.7.2.1, 13.2 og 13.5. Kvaðst þá (E)forstj, fyrir utan setu í stjórn Viðskiptaráðs, engin samskipti hafa haft við (S)forstj. Hann hafi „engan áhuga á að umgangast” (S)forstj, það „andi köldu” milli þeirra og það séu „engin samskipti á milli okkar, það er svona hatur meira heldur en eitthvað

⁶⁰²⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu.

⁶⁰²⁵ Sjá kafla 6.7.2 og 7.2.1. Sjá einnig tölvupóst [...] til [...] 04.06.2008, endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 101 – 102, tölvupóst [...] til [...] 5.06.2008 og endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 85 – 86. Sbr. einnig fundargerð framkvæmdastjórnarfundar Samskipa 21.05.2008, endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 101, fundargerð framkvæmdastjóra Samskipa 28.05.2008 og endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 101 og 103 (þar ranglega dagsett 21.05.2008).



annað sko". Til viðbótar tók (E)forstj fram að honum „liði illa í návist“ starfsmanna Samskipa og hann færir „ekki í veiðiferð ef að þeir eru“.⁶⁰²⁶

11146. Hið mikla ósamræmi milli annars vegar upplýsingagjafar (S)forstj og (E)forstj og hins vegar samskipta þeirra í leik og starfi og annarra lykilstarfsmanna fyrirtækjanna gefur eindregið til kynna að forstjórunum hafi verið ljóst að þessi samskipti væru ekki í samræmi við kröfur samkeppnislaga um sjálfstæði keppnauta og bannákvæði laganna gegn samkeppnishamlandi samráði og lögðu þeir sig því báðir fram við munnlega upplýsingagjöf til Samkeppniseftirlitsins að leynd samskiptum fyrirtækjanna og hylma yfir samráð þeirra.
11147. Í munnlegri upplýsingagjöf Samskipa upplýsti (S)forstj til viðbótar við framangreint ekki um upplýsingar um símtal sitt við (E)frkvstj-sala/þj en símtalið átti sér stað nokkrum klukkustundum áður þennan sama dag, þ.e. skömmu eftir að húsleitir hófust hjá Samskipum og Eimskip eða kl. 09:14:33 þann 10. september 2013 (húsleitir hófust kl. 9:00). Þrátt fyrir að vera spurður um samskipti sem hann persónulega ætti við starfsmenn Eimskips. Símtal (S)forstj til (E)frkvstj-sala/þj stóð yfir í eina og hálfu mínútu. Voru það þannig ein af fyrstu viðbrögðum (S)forstj við húsleit Samkeppniseftirlitsins þennan dag að komast í borðsíma og hringja til eins af æðstu stjórnendum Eimskips. Samkeppniseftirlitið telur að (S)forstj hafi með símtalinu verið að vara Eimskip við húsleit Samkeppniseftirlitsins, sbr. nánari umfjöllun í kafla 13.13.
11148. Þrátt fyrir upplýsingaskyldu Samskipa veitti (S)forstj auk framangreinds ekki upplýsingar um samskipti og tengsl við (E)forstö-landfl1 eða benti á gögn, en þeir voru í vinnahópi nokkurra manna sem hittust reglulega yfir rannsóknartímabilið, sbr. kafla 13.4.2.
11149. Einnig upplýsti (S)forstj ekki um tengsl eða samskipti við (E)forstö-landfl2 , sem var forstöðumaður landflutninga Eimskips frá september 2008 til ársloka 2009, þegar hann lét af störfum hjá Eimskip. Þá var (E)forstö-landfl2 hluti af vinnahópi (S)forstj (og (E)frkvstj-alþj) sem hittist reglulega í matarboðum á rannsóknartímabilinu, sbr. kafla 13.6.
11150. Í upplýsingagjöf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins veitti (S)forstj ekki upplýsingar eða benti á gögn um samskipti við hans framkvæmdastjóra Eimskips í Þýskalandi, (E)frkvstj-Þýskal, sbr. kafla 13.3.2 og 13.9.
11151. Stöðu sinnar vegna hafði (S)forstj ríkar skyldur til að upplýsa um samskipti við Eimskip. Var um að ræða nauðsynlegar upplýsingar sem að var með ásetningi haldið leyndum. Í stað þess að veita réttar upplýsingar eða benda á gögn þá færði hann fram rangar eða villandi upplýsingar um samskipti sín við Eimskip, sér í lagi við (E)forstj. Þessi leynd var liður í því að hylma yfir ólöglegt samráð fyrirtækjanna sem stóð að hluta til ennþá yfir þegar húsleitir fóru fram og hafði staðið yfir frá miðju árinu 2008.
11152. Með framangreindu gerðust Samskip sek um ranga, villandi og ófullnægjandi upplýsingagjöf um samskipti og samstarf við Eimskip og brutu þar með gegn 19. gr. samkeppnislaga.

23.4.1.1.2. Upplýsingagjöf - Forstöðumaður innflutningsdeildar Samskipa

11153. Við munnlega upplýsingagjöf (S)forstö-innfl1 10. september 2013 var óskað eftirfarandi upplýsinga um samskipti við Eimskip:⁶⁰²⁷

⁶⁰²⁶ Endurrit af upplýsingagjöf Eimskips ([...]) til Samkeppniseftirlitsins, dags. 17.09.2013.

⁶⁰²⁷ Á rannsóknartímabilinu var [...] forstöðumaður innflutningsdeildar hjá Samskipum til ársins 2012 en varð þá framkvæmdastjóri innanlandssviðs fyrirtækisins.



11154. „Hefur þú átt samskipti við starfsmenn Eimskips, bæði einka- og vinnutengt, sem sagt einhver símtöl, fundir eða einhver önnur tilefni?“⁶⁰²⁸
11155. Svaraði (S)forstö-innfl1 en veitti engar upplýsingar eða benti á gögn um ítrekuð samskipti hans hjá Samskipum við starfsmenn eða stjórnendur Eimskip, s.s. eins og umfangsmikil og ítrekuð samskipti hans hjá Samskipum við starfsbróður sinn hjá Eimskip, (E)forstö-innfl.
11156. Um samskipti (S)forstö-innfl1 við Eimskip á rannsóknartímabilinu vísast til yfirlita í köflum 7.7.1 og 13.3.2 m.a. um aðkomu hans að samskiptum við stjórnendur Eimskip vegna hins ólögmeta „Nýtt upphaf“ verkefnis. Má hér í dæmaskyni vísa til eftirfarandi gagna og atvika málsins:
- (S)forstö-innfl1 hafði aðkomu að og átti samskipti við starfsmenn Eimskips vegna þess þáttar samráðs fyrirtækjanna sem tók til samkomulags um afsláttarkjör og „afsláttarhámark“, sbr. tölvupóstsamskipti (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl dags. 10. og 13. júní 2008, sbr. einnig nánari umfjöllun í köflum 8.1, 14.12 og 14.56.
 - (S)forstö-innfl1 átti ítrekuð samskipti við starfsmenn og stjórnendur hjá Eimskip á rannsóknartímabilinu vegna Evrópusamráðs fyrirtækjanna, sbr. t.d. tölvupósta (S)forstö-innfl1 frá 27. og 31. mars 2008 og tölvupóstsamskipti (S)forstö-innfl1 við (E)forstö-innfl frá 17. desember 2008 og umfjöllun í köflum 5.4 og 8.19.
 - (S)forstö-innfl1 hafði ríka aðkomu að samskiptum, auknu samstarfi og aðgerðum Samskipa og Eimskips eftir að samráð fyrirtækjanna var aukið 2008. Má þar til dæmis nefna að 15. október 2008 fór fram fundur hjá lykilstjórnendum Samskipa ((S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfli, (S)forstö-flutnstj og (S)forstö-skiparek). Á fundinum var (S)forstö-innfl1 falið það verkefni að ræða við Eimskip um umfangsmikið aukið samstarf í sjóflutningum (almenn slotverð í bæði inn og útflutningi). Fyrir liggur að (S)forstö-innfl1 átti síðar sama dag í samskiptum við (E)forstö-innfl. Sama dag bað (S)frkvstj-millilandasv (S)forstö-innfl1 að breyta „neyðarsamkomulaginu“ frá 2001 í „slot sharing“ samning og senda honum. Í tölvupóstum (S)forstö-innfl1 til (S)frkvstj-millilandasv frá 16. október 2008 fjallaði hann um tillögu sína um „útvíkkað neyðarsamkomulag“ og að breyta þyrfti verklagi innan Samskipa ef fyrirtækið ætlaði að fara „flytja meira“ með Eimskip, m.a. frá Reykjavík til Færeyja og lýsti viðræðum við (E)forstö-innfl. Þennan dag sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)forstö-innfl og spurði hvort Eimskip væri búíð að „kíkja á flutninginn frá Reykjavík til Færeyja“ og ræddu þeir saman í kjölfarið. Um þetta er nánar vísað til kafla 8.19 og 9.12.2.
 - Í tölvupóstsamskiptum á milli (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1 5. nóvember 2008 var vísað til viðræðna fyrirtækjanna um hið „útvíkkaða neyðarsamkomulag“, sbr. kafla 10.2.
 - Á síðasta ársfjórðungi ársins 2010 tók (S)forstö-innfl1 þátt í a.m.k. fimm fundum með Eimskip ((E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj) þar sem rædd voru atriði sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna, þ. á m. endurnýjun á hinu svokallaða „neyðarsamkomulagi“ frá árinu 2001. Þann 9. desember 2010 skrifuðu fyrirtækin undir nýtt „neyðarsamkomulag“. Í tölvupósti (S)forstö-útfli til undirmanns daginn eftir kom þannig fram að það hafi verið (S)forstö-innfl1 sem hafi gert þetta nýja samkomulag við Eimskip, sbr. tölvupóst viðskiptastjóra hjá Samskipum 10. desember 2010, sbr. kafla 14.33.
11157. Ljóst er af framangreindu að við munnlega upplýsingagjöf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins 10. september 2013 hafi (S)forstö-innfl1 búíð yfir upplýsingum um ítrekuð samskipti hans við stjórnendur

⁶⁰²⁸ Endurrit af upplýsingagjöf Samskipa ([...]) til Samkeppniseftirlitsins, dags. 10.09.2013, bls. 8 – 11.



hjá Eimskip sem að hann upplýsti ekki um, þrátt fyrir skyldu Samskipa samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga til að veita upplýsingarnar.

11158. Til viðbótar framangreindu veitti (S)forstö-innfl1 ekki upplýsingar eða benti á gögn um samskipti hans við framkvæmdastjóra Eimskips í Þýskalandi, (E)frkvstj-Þýskal. Um samskipti þeirra vísast til kafla 13.3.2 og 13.9. Rétt er að benda á að út- og innflutningur skipafyrirtækjanna til og frá Íslandi gegnum Þýskaland var mikilvægur þáttur í sjóflutningastarfsemi fyrirtækjanna. (E)frkvstj-Þýskal hóf störf í Þýskalandi í byrjun september 2009. Í tölvupósti (S)forstö-innfl1 frá þessum tíma greindi hann (S)frkvstj-innanl frá því að hann hefði hitt (E)frkvstj-Þýskal „um helgina“ og það væri „ekki slæmt“ fyrir Samskip að hafa (E)frkvstj-Þýskal í Þýskalandi. Liggur fyrir að (S)forstö-innfl1 og (E)frkvstj-Þýskal hittust í Hamborg í mars 2012.
11159. Við upplýsingagjöfina veitti (S)forstö-innfl1 aftur á móti upplýsingar um samskipti hans við (E)viðskstj2 og (E)sölustj-innanl2. Um samskipti við þessa starfsmenn Eimskips kunngerði (S)forstö-innfl1 að hann hafi verið í sambandi við (E)viðskstj2 og (E)sölustj-innanl2 á síðustu árum, þeir væru „góðir félagar“ hans síðan þeir störfuðu allir saman hjá Eimskip. Símanúmer þeirra væru „örugglega“ í símanum hans. Er þessi framburður í samræmi við fyrirliggjandi sönnunargögn málsins. Aðspurður gerði (S)forstö-innfl1 á hinn bóginn lítið úr tíðni samskiptanna og sagði að það væru „örugglega tvö ár allavega, meira myndi ég halda“ frá síðustu samskiptum hans við (E)viðskstj2 og (E)sölustj-innanl2. Gögn málsins sýna að ítrekuð samskipti voru milli (S)forstö-innfl1, (E)viðskstj2 og (E)sölustj-innanl2, sbr. umfjöllun í kafla 13.10.
11160. Með framangreindu gerðust Samskip sek um ranga, villandi og ófullnægjandi upplýsingagjöf um samskipti og samstarf við Eimskip og brutu þar með gegn 19. gr. samkeppnislaga.

23.4.1.1.3. Önnur villandi eða ófullnægjandi upplýsingagjöf Samskipa

11161. Við munnlega upplýsingagjöf (S)forstö-útfli, forstöðumanns útflutningsdeildar Samskipa, 10. september 2013 var óskað eftir að hann veitti upplýsingar eða benti á gögn um samskipti hans „við starfsmenn Eimskips“ og þar væri verið að vísa bæði „til einka- og vinnutengt, eða sem sagt símtöl, fundir eða önnur tilefni þar sem að þið hafið hist?“
11162. (S)forstö-útfli svaraði en upplýsingagjöf miðaði að því að samskipti við Eimskip hefðu einskorðast við samstarf vegna Norður-Ameríku flutninga.⁶⁰²⁹ Var þetta villandi. Samtímagögn og síðari upplýsingagjöf Samskipa við rannsókn málsins sýna þannig að (S)forstö-útfli bjó yfir vitneskju um að samskipti Samskipa og Eimskips tóku til mun fleiri þátta í starfsemi fyrirtækjanna en (S)forstö-útfli hafði aðkomu að samskiptum Samskipa og Eimskips varðandi sjóflutninga, landflutninga, gáma og skipaafgreiðslusamstarf, sbr. umfjöllun í kafla 13.4.1 og 13.4.2. Lét (S)forstö-útfli hjá líða að greina frá samskiptum sínum við starfsmenn Eimskips vegna þessa. Má í dæmaskyni vísa til funda (S)forstö-útfli og (S)forstö-flutnstj með (E)frkvstj-innanl 20. janúar og 17. febrúar 2012. Þá fundaði m.a. (S)forstö-útfli með (E)svæðisstj1 2. febrúar 2011. (E)forstö-N-Am og (S)forstö-útfli skipulögðu að hittast og fá sér hádegismat 26. júlí 2013. Einnig vísast til fundar (S)forstö-útfli og (S)frkvstj-millilandasv með (E)frkvstj-innanl og (E)svæðisstj1 22. október 2008, sbr. kafla 9.4.
11163. Jafnframt veitti (S)forstö-útfli ekki upplýsingar eða benti á gögn um samskipti hans við framkvæmdastjóra Eimskips í Þýskalandi, (E)frkvstj-Þýskal. Í lok september 2009 áttu (E)frkvstj-Þýskal og (S)forstö-útfli í samskiptum og (E)frkvstj-Þýskal bauð (S)forstö-útfli gistingu í húsakynnum sínum í

⁶⁰²⁹ Endurrit af munnlegri upplýsingagjöf Samskipa ([...]) til Samkeppniseftirlitsins, dags. 10.09.2013, bls. 5 og áfram.



Hamborg. Gögn málsins sýna að (S)forstö-útfli og (E)frkvstj-Þýskal hittust í maí 2010 og aftur í nóvember sama ár. Vísast um þetta til kafla 13.3.2 og 13.9 í ákvörðun þessari.

11164. Við upplýsingagjöfina upplýsti (S)forstö-útfli auk þess ekki um símtal við (E)forstj 7. september 2013, þrátt fyrir að það hafi átt sér stað skömmu fyrir skýrslugjöf, en símtalið stóð yfir í tæplega tuttugu mínútur.
11165. Þrátt fyrir að við munnlega upplýsingagjöf væri óskað eftir upplýsingum um vitneskju viðmælanda um samskipti starfsmanna Samskipa við Eimskip voru hvorki veittar upplýsingar eða bent á gögn um samskipti í tengslum við árleg golfmót fyrirtækjanna, sbr. kafla 13.11, en m.a. (S)forstj og (S)forstö-útfli höfðu vitneskju og aðkomu að mótunum. Þá voru ekki veittar upplýsingar eða bent á gögn um samskipti lykilstjórnenda á árlegum sjávarútvegssýningum, ýmist í Boston, Brussel, á Íslandi og annars staðar, en fyrirtækin litu á þetta sem vettvang til að eiga bein samskipti sín á milli, sbr. kafla 13.12.⁶⁰³⁰
11166. Með framangreindu gerðust Samskip sek um ranga, villandi og ófullnægjandi upplýsingagjöf um samskipti og samstarf við Eimskip og brutu þar með gegn 19. gr. samkeppnislaga.
11167. Í stað þess að veita upplýsingar eða benda á gögn um fjölbætt samstarf við Eimskip var nauðsynlegum upplýsingum haldið leyndum og ekki bent á gögn sem hefðu þýðingu fyrir rannsókn Samkeppniseftirlitsins. Verða hér nokkur dæmi rakin:
- Við munnlega upplýsingagjöf Samskipa veitti fyrirtækið ekki upplýsingar eða benti á gögn er vörðuðu verulega aukið samstarf í sjóflutningum Eimskips við Jóna frá enda árs 2009 og a.m.k. út rannsóknartímabilið. Fyrir liggur að þetta aukna samstarf kom til vegna breytinga á siglingakerfi Samskipa og takmörkunar á flutningsgetu haustið 2008. Vísast um þau atvik og samráð fyrirtækjanna því tengdu til umfjöllunar í köflum 9.12.4, 11.14.5 og 16. Með hliðsjón af gögnum málsins, stöðu (S)forstj og umfangi samstarfsins er ljóst að (S)forstj hafði fulla vitneskju um þessa umfangsmiklu samvinnu fyrirtækjanna í sjóflutningum til og frá Íslandi, sbr. tölvupóst hans til (S)forstö-flutnstj (afrit til (S)forstö-útfli, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-skiparek) frá 25. október 2011 en þar fjallaði hann um „kerfispælingar“ og nefndi í því sambandi „UK magn sem fer með EI í dag“, sbr. kafla 16.
 - Að sama skapi veitti (S)forstö-innfl1 ekki upplýsingar um samstarfið við Eimskip eða benti á gögn um það. Af gögnum málsins má sjá að (S)forstö-innfl1 hafði vitneskju um samstarfið og hafði á tímabili áhyggjur af umfangi þess, sbr. tölvupósta hans til (S)frkvstj-Jóna frá 7. september 2011 og 5. október 2011, sbr. einnig tölvupóst (S)forstö-innfl1 til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv frá 10. september 2011 þar sem hann fjallaði um umfang samstarfsins við Eimskip, sbr. kafla 16.
 - (S)frkvstj-Jóna var framkvæmdastjóri Jóna. Við munnlega upplýsingagjöf 17. september 2013 upplýsti hann ekki um samskipti vegna sjóflutninga Eimskips fyrir Samskip (Jóna) milli Íslands og annarra viðkomuhafna en í Bandaríkjunum og Bretlandi.⁶⁰³¹ Hann veitti því ekki upplýsingar eða benti á gögn um að Eimskip sinnti flutningum til mun fleiri viðkomuhafna í heiminum. Vegna stöðu (S)frkvstj-Jóna sem framkvæmdastjóra Jóna og ríkrar aðkomu hans að samstarfinu, ásamt tíðum samskiptum við (E)frkvstj-sala/þj vissi (S)frkvstj-Jóna eða hlaut að vita að samskiptin væru umfangsmeiri en hann gaf til kynna. Í dæmaskyni má benda á að þann 22. september 2012 sagði (S)frkvstj-Jóna við starfsmann Eimskips að Jónar hafi „beint viðskiptum til Eimskips fyrir tugi millona krona a s.l 2 árum“, sbr. kafla 9.12.4.

⁶⁰³⁰ Endurrit munnleg upplýsingagjöf Samskipa ([...]) til Samkeppniseftirlitsins dags. 10.09.2013, bls. 5 og áfram. Endurrit munnleg upplýsingagjöf Samskipa ([...]) til Samkeppniseftirlitsins dags. 10.09.2013, bls. 5 og áfram.

⁶⁰³¹ Endurrit af munnlegri upplýsingagjöf Samskipa ([...]) til Samkeppniseftirlitsins, dags. 17.09.2013, bls. 7.



- Samskip veittu ekki upplýsingar um samstarf né bentu á gögn er vörðuðu það sem fyrirtækin nefndu „Neyðarsamkomulag“. Hvorki var upplýst um tilvist samningsins, samskipti fyrirtækjanna sem þessu tengdust né að samstarfið tæki til venjulegra flutninga milli Íslands og Evrópu. Gögn málsins sýna að þetta samkomulag hafi verið í gildi frá árinu 2001 og út rannsóknartímabilið. Tók þetta til sjóflutninga milli Íslands og annarra Evrópuríkja og innan hafna í Evrópu. Varðaði samkomulagið bæði flutninga á lestuðum og tómum gámum. Þá voru ekki veittar upplýsingar um endurnýjun samkomulagsins með samningi frá 9. desember 2010. Nánar er fjallað um samkomulagið í köflum 5.4 og 8.19, 9.12.2 og 11.14.2 og 11.14.3. (S)forstö-innfl1 bjó t.a.m. yfir upplýsingum um þessa samvinnu fyrirtækjanna og átti í ítrekuðum samskiptum sem tengdist samkomulaginu og framkvæmd þess, sbr. umfjöllun hér að framan. Vegna stöðu (S)forstj sem forstjóra má ætla að forstjórinn hafi vitað eða mátt vita um samkomulagið.
- Þá renna gögn málsins stoðum undir framangreint, sbr. tölvupóst (S)frkvstj-millilandasv til (S)forstj frá 10. desember 2010 með heitið „Fw: Neyðarsamkomulag við Eimskip“, sbr. nánari umfjöllun í kafla 14.33.14.1. Slík vitneskja á sér sömuleiðis stoð í framburði (S)forstj í skýrslutöku hjá lögreglu í maí 2018. Þar voru samningarnir frá árinu 2001 og 2010 bornir undir hann og staðfesti (S)forstj tilvist samkomulagsins.⁶⁰³² Gögn málsins sýna einnig vitneskju (S)forstö-útl og (S)frkvstj-Jóna um „Neyðarsamkomulag“ Samskipa og Eimskips.⁶⁰³³

11168. Með framangreindu gerðust Samskip sek um ranga, villandi og ófullnægjandi upplýsingagjöf um samskipti og samstarf við Eimskip og brutu þar með gegn 19. gr. samkeppnislaga.

23.4.1.1.4. Niðurstaða

11169. Samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið krafið einstök fyrirtæki, fyrirtækjahópa og samtök fyrirtækja, sem lög þessi taka til, um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsinga getur Samkeppniseftirlitið krafist bæði munnlega og skriflega.
11170. Við munnlega upplýsingagjöf 10. og 17. september 2013, í kjölfar húsleita, óskaði Samkeppniseftirlitið eftir því að stjórnendur Samskipa veittu upplýsingar eða bentu á gögn um tilvist samskipta milli stjórnenda Samskipa og Eimskips. Áður en munnleg upplýsingagjöf fór fram var upplýsingagjafa kynnt rannsóknin og lagaskylda til veita Samkeppniseftirlitinu réttar upplýsingar um staðreyndir.
11171. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi gerst sek um ranga, villandi og ófullnægjandi upplýsingagjöf um samskipti og samstarf við Eimskip við munnlega upplýsingagjöf framangreinda daga. Með vanrækslu sinni braut Samskip gegn 19. gr. samkeppnislaga. Brot Samskipa torvelduðu og töfðu rannsókn málsins þar sem þýðingarmiklum upplýsingum var haldið frá rannsókninni á fyrstu stigum hennar.
11172. Að mati Samkeppniseftirlitsins lúta alvarlegustu brot Samskipa að því að veita ekki upplýsingar eða benda á gögn sem tengjast samskiptum og samstarfi við Eimskip sem hafði verið samfelld frá miðju árinu 2008. Látið var t.a.m. hjá líða að veita upplýsingar eða að benda á gögn um aðkomu forstjóra fyrirtækisins, (S)forstj, að framkvæmd samráðsins sem hófst strax í kjölfar fundar hans og (S)aðaleig-stjform-SH með (E)forstj og (E)stjform1 þann 6. júní 2008. Þá var hann tilgreindur í vinnuhópi með

⁶⁰³² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 58 – 64.

⁶⁰³³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.391064. Þar fjallaði [...] um flutning Eimskips fyrir Jóna á gámi með tóbaki frá Rotterdam til Íslands og spurði hvort það hefði verið skynsamlegra „að láta Samskip bóka þennan gám með ykkur ef að við getum kallað þetta „neyðartilvik“ í samningi skipafélaganna.“ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1021331 / 0.7.33.1021339.



(E)forstj og (E)frkvstj-alþjv á glærukynningu „Nýtt upphaf“ sem fannst í gögnum fyrrnefndra stjórnenda fáum dögum síðar.

11173. Stöðu sinnar vegna hafði (S)forstj ríkar skyldur til að upplýsa um samskipti við Eimskip. Af gögnum málsins er ljóst að (S)forstj bjó sannarlega yfir upplýsingum í september 2013 um samskipti hans og (S)aðaleig-stjform-SH við Eimskip. (S)forstj gat ekki dulist mikilvægi þessara upplýsinga þegar upplýsingaskylda var beint að honum. Í stað þess að veita réttar upplýsingar eða benda á gögn við upplýsingagjöf við upphaf rannsóknar Samkeppniseftirlitsins þá færði hann fram rangar eða villandi upplýsingar um samskipti sín við Eimskip, sér í lagi við (E)forstj. Var um að ræða upplýsingar sem höfðu grundvallarþýðingu fyrir rannsókn málsins en var haldið leyndum.
11174. Líkt og fram kemur í niðurstöðu í dómi Hæstaréttar Íslands frá 4. mars 2021 í máli 26/2020, *Mjólkursamsalan ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*, þá nýtur þagnarréttur lögaðila ekki sérstakrar verndar skv. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, hvað varðar skyldu til að afhenda fyrirliggjandi gögn eða veita samkeppnisyfirdömdum upplýsingar um t.d. hvort fundir eða önnur samskipti hafi átt sér stað.⁶⁰³⁴
11175. Með háttsemi sinni flæktu Samskip rannsókn málsins verulega og komu í veg fyrir að samkeppnisyfirdömdum væri í upphafi gert kleift að afmarka rannsókn frekar í tíma og efni.
11176. Hér skal haft í huga að Samskip fengu ríkt tækifæri og ráðrúm, í kjölfar upplýsingagjafarinnar í september 2013, til að rýna eigin gögn og koma fram af sjálfsdáðum og leiðréttar rangar upplýsingar eða benda eftirlitinu á að skort hafi á fyrri upplýsingagjöf fyrirtækisins um samskipti og samstarf við Eimskip. Þetta gerðu Samskip á hinn bóginn ekki. Þvert á móti héldu Samskip áfram að leyna og veita samkeppnisyfirdömdum ófullnægjandi upplýsingar.

23.4.2. Brot Samskipa vegna upplýsingabeidna

11177. Líkt og áður greinir hvílir rík skylda á fyrirtækum sem sæta rannsókn Samkeppniseftirlitsins að afhenda gögn og veita réttar og fullnægjandi upplýsingar. Er fyrirtækum þannig skylt, á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga að „*afhenda þau gögn sem beðið er um, veita réttar upplýsingar og leyna ekki upplýsingum sem falla undir gagnabeidnir samkeppnisyfirvalda*“, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 4/2016, *Mjólkursamsalan ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.
11178. Þegar Samkeppniseftirlitið óskar eftir upplýsingum eða gögnum skv. 19. gr. samkeppnislaga hvílir sú skylda á viðkomandi fyrirtæki að „*upplýsa um öll nauðsynleg atriði innan þess frests sem gefinn var*“, sbr. dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 29. maí 2018, *Mjólkursamsalan ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.
11179. Af þessu leiðir að fyrirtæki sem gagnabeidni beinist að skal taka saman þær upplýsingar og þau gögn sem beðið er um og afhenda samkeppnisyfirdömdum.⁶⁰³⁵ Er þannig á ábyrgð þess fyrirtækis sem upplýsingabeidni beinist að að uppfylla þær skyldur sem á það eru lagðar í 19. gr. samkeppnislaga, þar á meðal að gera það sem í valdi þess stendur til að finna gögn sem að það hefur undir höndum og kanna

⁶⁰³⁴ Í dómi Hæstaréttar er í þessu sambandi vísað til hlíðsjónar til dóms undirréttar Evrópuþingsmáls frá 14.03.2014 í máli T-297/11, Buzzi Unicem SpA gegn framkvæmdastjórninni.

⁶⁰³⁵ Eins og greinir m.a. í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 52/2007 er horft til EES/ESB samkeppnisréttar við túlkun á 19. gr. samkeppnislaga. Í þeim rétti hefur lengi legið fyrir að fyrirtækjum er skylt að útbúa eða taka saman upplýsingar. Sjá t.d. álit Darmon aðallögsögumanns við dómstól ESB frá 18. maí 1989 í máli nr. C-374/87, *Orkem gegn framkvæmdastjórninni*, mgr. 55: „*In the first place it is clear that the Commission may only require an undertaking to produce information of which it is already in possession, even though, if necessary, it may have to marshal the information concerned.*“ Sjá einnig Kerse & Kahn, EU Antitrust Procedure, sjöunda útgáfa 2012, bls. 116: „*Requests may also require undertakings to collate information and create fresh documents for the purpose of responding to the requests.*“



til þrautar hvort fyrirtækið eða starfsmenn þess búi yfir gögnum og upplýsingum sem varða það atriði sem um er spurt.

11180. Í áðurgreindu máli Mjólkursamsölunnar var um það að ræða að Mjólkursamsalan lagði fyrst fram svokallað framlegðar- og verkaskiptasamkomulag við Kaupfélag Skagfirðinga við meðferð kæru á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins hjá áfrýjunarnefnd Samkeppnismála. Framlagning skjalsins leiddi til þess að áfrýjunarnefnd felldi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins úr gildi þar sem að frekari rannsóknar væri þörf að því er varðaði umrætt samkomulag. Þegar ný ákvörðun Samkeppniseftirlitsins var tekin var m.a. lögð á Mjólkursamsöluna sekt fyrir að vanrækja upplýsingaskyldu sína samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga, með því að afhenda ekki skjalið við fyrri rannsókn eftirlitsins. Um þetta segir í dómi Hæstaréttar í máli 26/2020, *Mjólkursamsalan ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*: „Umrætt skjal hafði [...] grundvallarþýðingu til útskýringar fyrir málið. Verður sú rökrétta krafa leidd af 1. mgr. 19. gr. samkeppnislaga að áfrýjanda hafi verið skylt að afhenda stefnda samkomulagið þegar stefndi innti hann eftir skýringum á verðlagningu hrámjólkur til Kaupfélags Skagfirðinga svf.“
11181. Vegna rannsóknar máls þessa sendi Samkeppniseftirlitið Samskipum upplýsingabeiðni 29. janúar 2015. Bárust svör Samskipa 10. apríl 2015. Skoðun leiddi í ljós að aðeins hluti gagna var afhentur og upplýsingagjöfin væri ófullnægjandi að öðru leyti. Það sama átti við síðari svör Samskipa en Samkeppniseftirlitið þurfti ítrekað að óska eftir fullnægjandi svörum, sbr. umfjöllun hér á eftir.
11182. Í þágu rannsóknar málsins og með vísan til 19. gr. samkeppnislaga óskaði Samkeppniseftirlitið með annarri upplýsingabeiðni 30. september 2016 eftir því að Samskip afhentu nánar tilgreind gögn og upplýsingar. Umbeðnar upplýsingar voru afhentar að hluta frá Samskipum og Samskipum Holding 2. og 22. nóvember 2016. Á sama hátt og í tilviki upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins þurfti Samkeppniseftirlitið ítrekað að óska eftir að gögn væru afhent og veittar væru fullnægjandi upplýsingar.
11183. Líkt og rakið verður hér á eftir er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi með alvarlegum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga með rangri, villandi eða ófullnægjandi upplýsingagjöf í svörum við þeirri upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins sem beint að var fyrirtækinu með bréfi dags. 29. janúar 2015 og með því að afhenda ekki gögn sem Samskip bjó yfir og höfðu þýðingu fyrir rannsókn málsins.
- 23.4.2.1. Upplýsingabeiðni til Samskipa, dags. 29. janúar 2015 og ítrekanir á beiðni, dags. 23. mars 2015, 25. nóvember 2015, 18. október 2017 og 13. mars 2019
11184. Með bréfi, dags. 29. janúar 2015, sendi Samkeppniseftirlitið upplýsingabeiðni til Samskipa. Í beiðninni var óskað eftir eftirfarandi upplýsingum og gögnum:
- Skipurit Samskipa fyrir tímabilið frá og með árinu 2006 til dagsetningar bréfsins (1. töluliður).
 - Starfsmannalisti fyrir tímabilið frá og með árinu 2006 til dagsetningar bréfsins (2. töluliður).
 - Leiðakerfi reglubundinna áætlunarsiglinga og landflutninga frá og með árinu 2006 til dagsetningar bréfsins (3. töluliður).
 - Breytingar á verð- eða gjaldskrá Samskipa frá og með árinu 2006 til dagsetningar bréfsins (4. töluliður).
 - Sjónarmið um skilgreiningu markaða, markaðshlutdeild og keppinauta (5. töluliður).



- Upplýsingar og gögn vegna samskipta tiltekinna tíu starfsmanna/stjórnarmanna við fyrrverandi eða þáverandi starfsmenn eða stjórnarmenn Samskipa frá og með árinu 2006 til dagsetningar bréfsins (6. töluliður).
- Gögn um samskipti annarra starfsmanna Samskipa við starfsmenn eða stjórnarmenn Eimskips (7. töluliður).
- Upplýsingar um 25 stærstu viðskiptavinum Samskipa árin 2006-2013 eftir vöruflokkum, lista yfir viðskiptastjóra viðskiptavinanna á sama tímabili og samninga, útboð/tilboðsbeiðnir, tilboð, viðskiptasögu viðskiptavinanna auk upplýsinga um þau fyrirtæki sem annað hvort hættu viðskiptum við Samskip eða komu í viðskipti til Samskipa á tímabilinu (8. töluliður).
- Lista yfir 50 stærstu viðskiptavinum Samskipa í reglubundnum áætlunarflutningum til og frá Íslandi, landflutningum, flutningsmiðlun og vöruhúsaþjónustu árin 2006-2013 (9. töluliður).
- Afritum af öllum samningum sem Samskip hafði gert við önnur flutningafyrirtæki, ásamt afriti af öllum samningsdrögum, tillögum eða hugmyndum að samstarfi við önnur flutningafyrirtæki (10. töluliður).⁶⁰³⁶

11185. Frestur til að veita umbeðnar upplýsingar var veittur til 30. mars 2015 og mælt fyrir um framsetningu afhendingar. Með bréfi 23. mars 2015 var frestur framlengdur til 10. apríl sama ár og barst hluti svara Samskipa þann dag. Svör Samskipa voru ófullnægjandi og þurfti Samkeppniseftirlitið margt að ítreka beiðnina, einkum vegna töluliða 6, 7, 9 og 10 er lutu að afhendingu gagna og upplýsinga um samskipti starfsmanna Samskipa við keppinauta, um stærstu viðskiptavinum Samskipa og samninga þess við önnur flutningafyrirtæki, sbr. bréf Samkeppniseftirlitsins dags. 23. mars 2015, dags. 25. nóvember 2015, dags. 18. október 2017 og síðast dags. 13. mars 2019.

11186. Afar erfiðlega gekk að fá fram svör Samskipa hvað snertir gögn og upplýsingar um samskipti þess við Eimskip og þurfti ítrekað að óska eftir að bætt væri úr upplýsingagjöf og gagnaafhendingu. Af hálfu Samskipa var því lýst yfir um mikilvæg atriði að ekki væri mögulegt að veita upplýsingar. Þegar upplýsingar voru veittar voru upplýsingar almennar og óljósar og ekki í samræmi við upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins. Í mörgum tilvikum voru veittar upplýsingar villandi og rangar og mikilvægum atriðum sleppt. Verður þessu nú nánar lýst.

11187. Í 6.-7. tölulið upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins var eins og áður segir óskað eftir upplýsingum og gögnum vegna samskipta tíu þáverandi eða fyrrverandi starfsmanna hjá Samskipum við þáverandi eða fyrrverandi starfsmenn eða stjórnarmenn hjá Eimskip frá og með árinu 2006. Nánar tiltekið var óskað upplýsinga um slík samskipti (S)forstj, (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfl, (S)forstö-landfl, (S) frkvstj-innanl, (S)forstj-fyrirv og (S)forstö-söluinnanl. Var ítarlega útskýrt í bréfi Samkeppniseftirlitsins hvað átt væri við með „samskiptum“ og „gögnum“. Þá var einnig óskað eftir afhendingu gagna sem sömu starfsmenn hefðu hugsanlega fengið í hendur um samskipti annarra starfsmanna Samskipa við starfsmenn eða stjórnarmenn Eimskips fyrir sama tímabil.

- Í svörum Samskipa frá 10. apríl 2015 sagði að fyrirtækið héldi ekki „með skipulögðum hætti [...] utan um samskipti starfsmanna Samskipa, hvort sem þau eru formleg eða óformleg.“ Þá sagði m.a. að það væri ekki á forræði Samskipa að afla þeirra, að ógerlegt væri að afla upplýsinganna og að Samkeppniseftirlitið hafi þegar lagt hald á gögnin. Í stað þess að afhenda upplýsingarnar með þeim hætti sem skýrlega var beðið um afhentu Samskip afrit af heildarsafni tölvupóstsamskipta fjögurra

⁶⁰³⁶ Bréf Samkeppniseftirlitsins til Samskipa, dags. 29.01.2015.



tilgreindra starfsmanna við þrjú lén sem tengjast Eimskip. Önnur gögn og yfirlit upplýsinga samkvæmt þessum tölulíð beiðninnar voru ekki afhent Samkeppniseftirlitinu.

- Eftir ítrekun á upplýsingaskyldu ásamt leiðbeiningum frá Samkeppniseftirlitinu, dags. 25. nóvember 2015, afhenti Samskip með bréfi frá 14. janúar 2016, tiltekna upplýsingar um samskipti starfsmanna við Eimskip. Upplýsingarnar voru þó enn af skörum skammti, almennar og óljósar. Eftir ítrekun Samkeppniseftirlitsins, dags. 18. október 2017, upplýsti félagið í bréfi frá 24. nóvember 2017, að lykilstarfsmenn þess hafi kannað sín gögn og rifjað upp hugsanleg samskipti við Eimskip.
- Í svörum Samskipa frá 10. apríl 2015 voru gefnar þær skýringar á því að ekki væri hægt að afhenda gögn um samskipti (S)aðaleig-stjform-SH, stjórnarmanns Samskipa hf. og þáverandi stjórnarmanns Samskipa Holding BV, að (S)aðaleig-stjform-SH væri ekki með netfang hjá Samskipum. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur hins vegar leitt annað í ljós. Í gögnum málsins má t.d. sjá að innan Samskipa var notast við netfangið [...]@samskip.is á boðslista fyrir sjávarútvegssýningu í Brussel.⁶⁰³⁷ Þá sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst frá netfanginu [...]@samskip.is til (S)forstj í tengslum við fund sem þeir sóttu báðir þann 3. apríl 2008.⁶⁰³⁸ Einnig benti (S)forstj viðskiptavini, sem óskaði eftir netfangi (S)aðaleig-stjform-SH, að senda honum tölvupóst á netfangið [...]@samskip.is.⁶⁰³⁹ Að mati Samkeppniseftirlitsins eru skýringar Samskipa á því að tölvupóstar (S)aðaleig-stjform-SH hafi ekki fundist, ótrúverðugar. Líkt og greinir í ákvörðun þessari hefur rannsókn Samkeppniseftirlitsins leitt í ljós að (S)aðaleig-stjform-SH átti ríka aðkomu að samráði fyrirtækjanna, ekki síst því að koma á samskiptum lykilstjórnenda á árinu 2008. Var því sérlega ámælisvert af Samskipum í þessu tilliti að veita eftirlitinu rangar upplýsingar og afhenda ekki umbeðin gögn.
- Í svörum Samskipa 10. apríl 2015 voru ekki veittar upplýsingar um fund æðstu stjórnenda Samskipa og Eimskips þann 6. júní 2008. Eftir ítrekun Samkeppniseftirlitsins á upplýsingaskyldu Samskipa var í bréfi Samskipa 14. janúar 2016 var hins vegar skýrt frá því að (S)forstj „[minnst] þess að hafa átt fund með forsvarsmönnum Eimskips á vormánuðum 2008“. Að beiðni Samkeppniseftirlitsins veittu Samskip eins og áður segir aðeins nánari upplýsingar um fundinn í bréfi 24. nóvember 2017, eða rúmum fjórum árum eftir að Samkeppniseftirlitið óskaði fyrst eftir upplýsingunum í munnlegri upplýsingagjöf 10. september 2013, og tæpum þremur árum eftir að skriflegri upplýsingabeiðni var beint að fyrirtækinu og óskað eftir upplýsingum um samskipti starfsmanna Samskipa við Eimskip. Í því bréfi komu fram upplýsingar sem sagðar voru frá (S)forstj um hverjir sátu fundinn. Þá lýstu Samskip því að tilefni fundarins hafi verið að ræða hugsanleg kaup Samskipa á hlut Eimskips í finnska gámaflutningafyrirtækinu Containerships og frystigeymslufyrirtækinu Daalimpex í Hollandi og að fundurinn hafi ekki leitt til frekari fundarhaldna eða viðræðna um hugsanleg kaup. Þá var tekið fram að Samskipum væri ekki kunnugt um að til væru nokkur fundargögn enda hafi þessar þreifingar ekki leitt til neins.
- Í svörum Samskipa 14. janúar 2016 var skýrt frá því að (S)forstö-landfl minntist samskipta við stjórnendur Eimskips á Austurlandi í árslok 2008 eða ársbyrjun 2009, sem tengdust staðbundnum flutningum á Austurlandi. Eftir ítrekun Samkeppniseftirlitsins á upplýsingaskyldu veittu Samskip nánari upplýsingar um þessi samskipti í bréfi 24. nóvember 2017. Kom þar fram upplýsingar sem sagðar eru frá (S)forstö-landfl um fund sem hann hafi setið á starfstöð Eimskips á Eskifirði vegna samninga við Eimskip um flutninga milli Reyðarfjarðar og Norðfjarðar. Í bréfinu veittu Samskip engar frekari upplýsingar um þessi samskipti eða þann fund er vísað var til. Af gögnum má þó ráða að „sendinefnd“ frá Samskipum hafi komið á fund yfirmanns Eimskips á Austurlandi þann 9. september

⁶⁰³⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.6221.

⁶⁰³⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.450545.

⁶⁰³⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.596241.



2008 og hvernig Samskip og Eimskip náðu samkomulagi um ólögmeta markaðsskiptingu í kjölfar fundarins.⁶⁰⁴⁰

- Samskip afhentu engar fundargerðir eða önnur gögn sem sýna hvað var rætt í þessum samskiptum framangreindra stjórnenda við Eimskip.
- Í svörum Samskipa veittu Samskip til viðbótar engar upplýsingar eða bentu á gögn um fjölmarga aðra fundi sem Lykilstjórnendur Samskipa og Eimskips áttu á rannsóknartímabilinu,⁶⁰⁴¹ sbr. til að mynda 23./24. júní 2008⁶⁰⁴², 25. júní 2008⁶⁰⁴³, 4. júlí 2008⁶⁰⁴⁴, 25. júlí 2008⁶⁰⁴⁵, 14. ágúst 2008⁶⁰⁴⁶, 5. september 2008⁶⁰⁴⁷, 17. september 2008⁶⁰⁴⁸, 6. október 2008⁶⁰⁴⁹, 22. október 2008, 4. og 23. desember 2008,⁶⁰⁵⁰ 11. október 2010⁶⁰⁵¹, 2. nóvember 2010⁶⁰⁵², 11. nóvember 2010⁶⁰⁵³, 24. nóvember 2010⁶⁰⁵⁴, 9. desember 2010⁶⁰⁵⁵, 11. mars 2011⁶⁰⁵⁶, 29. desember 2011⁶⁰⁵⁷, 20. janúar 2012⁶⁰⁵⁸, 18. desember 2012⁶⁰⁵⁹ og 17. maí 2013^{6060, 6061}

11188. Að mati Samkeppniseftirlitsins var upplýsingagjöf Samskipa vegna tölulíða 6. og 7. í upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins verulega áfátt og ekki í samræmi við þær skyldur sem á fyrirtækinu hvíldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga. Vann háttsemi Samskipa gegn skilvirkri rannsókn málsins og tafði hana.⁶⁰⁶²

11189. Í 10. tölulíð upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins frá 29. janúar 2015 var óskað eftir afritum af samningum, samningsdrögum, tillögum eða hugmyndum um samstarf á milli annars vegar Samskipa og hins vegar annarra flutningsfyrirtækja. Samkeppniseftirlitið féllst 23. mars 2015 á að takmarka upplýsingabeiðnina við samstarf Samskipa við Eimskip. Þann 10. apríl 2015 afhenti Samskip tiltekin gögn hvað þetta varðar. Þar sem að afhending gagna og skýringa voru ófullnægjandi að mati Samkeppniseftirlitsins var beiðnin ítrekuð með bréfi dags. 25. nóvember 2015. Viðbótasvör Samskipa bárust 30. nóvember 2015 og 14. janúar 2016. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 13. mars 2019, var enn á ný nauðsynlegt, í ljósi þess sem fram hefði komið við rannsókn málsins, að kalla eftir gögnum sem kynnu að vera fyrir hendi. Svar Samskipa barst 8. apríl 2019. Við upplýsingagjöfina lét Samskip hjá líða að upplýsa um atriði og gögn sem höfðu grundvallarþýðingu fyrir rannsókn málsins og Samskipum bar skylda til að afhenda. Hér má nefna:

⁶⁰⁴⁰ Sjá kafla 8.16.4, 8.16.7, 11.11.2 og 11.11.4.

⁶⁰⁴¹ Til dæmis: [...]

⁶⁰⁴² Sjá kafla 8.2.3.

⁶⁰⁴³ Sjá kafla 8.2.4.

⁶⁰⁴⁴ Sjá kafla 8.7.

⁶⁰⁴⁵ Sjá kafla 8.13.

⁶⁰⁴⁶ Sjá kafla 8.15.6.

⁶⁰⁴⁷ Sjá kafla 8.16.2.

⁶⁰⁴⁸ Sjá kafla 8.16.7.

⁶⁰⁴⁹ Sjá kafla 8.17.5.

⁶⁰⁵⁰ Sjá kafla 10.5.1 og 10.5.2.

⁶⁰⁵¹ Sjá kafla 14.33.4.

⁶⁰⁵² Sjá kafla 14.33.5.

⁶⁰⁵³ Sjá kafla 14.33.7.

⁶⁰⁵⁴ Sjá kafla 14.33.9.

⁶⁰⁵⁵ Sjá kafla 14.33.14.

⁶⁰⁵⁶ Sjá kafla 14.37.3.

⁶⁰⁵⁷ Sjá kafla 14.39.3.

⁶⁰⁵⁸ Sjá kafla 13.3.2.

⁶⁰⁵⁹ Sjá kafla 14.54.5.

⁶⁰⁶⁰ Sbr. kafla 16.10.

⁶⁰⁶¹ Sbr. einnig t.d. viðræður Samskipa við Eimskip í október 2008 um flutninga fyrir Búr, sbr. athugasemdir Samskipa við AI, mgr. 962 – 963, sbr. kafla 9.12.3.

⁶⁰⁶² Sjá einnig umfjöllun í köflum 7.1.6, 7.3.6, 7.3.8, 7.7.2, 7.7.3, 8.15.5, 13.2 og 13.5.



- Samskip veittu ekki upplýsingar um „Nýtt upphaf“ glærukynninguna eða efni hennar að hluta eða heild.
- Samskip veittu ekki upplýsingar eða afhentu gögn þar sem fjallað var um samstarf við Eimskips, t.d. minnisblöð (S)frkvstj-millilandasv 7. og 9. júlí 2008 þar sem fjallað var um víðtækt aukið samstarf við í sjóflutningum til og frá Íslandi, sbr. kafla 8.9.2. Þá veitti fyrirtækið ekki upplýsingar um eða afhenti gögn þar sem fjallað var um samstarf við Eimskip vegna siglingakerfisbreytinga, sbr. glærukynningu (S)forstj frá 14. júlí 2008 („Cooperation with Eimskip“) og umfjöllun í kafla 8.10.1. Hér má líka vísa til gagna sem fjölluðu um aukið samstarf fyrirtækjanna, sbr. gögnin sem (S)forstj fékk send til sín kvöldið fyrir fund Samskipa með Eimskip, sbr. umfjöllun um atvik 24. júlí 2008 í kafla 8.13.
- Samskip upplýstu ekki um eða afhentu gögn vegna samskipta við Eimskip t.d. 15. og 16. október 2008 eða afhentu gögn sem tengdust þeim, s.s. uppkast fyrir „almennan slot sharing samning“ milli fyrirtækjanna, sbr. kafla 8.19.
- Í ákvörðun þessari er fjallað um samráð Samskipa og Eimskips um leigu og lán á gámum sem var aukið eftir að samráð þeirra hófst seinni part ársins 2008, sbr. kafla 8.17.1, 8.17.16, 12.1.5 og 18. Samskip afhentu hvorki drög að gámaleigusamningi á milli fyrirtækjanna né önnur gögn sem tengdust samstarfi og samskiptum þeirra um gáma. Þá var Samkeppniseftirlitið ekki upplýst um tilvist munnlegs gámaleigusamkomulags fyrirtækjanna.⁶⁰⁶³
- Í svari Samskipa 10. apríl 2015 kom fram að samstarf Jóna og Eimskip hafi hafist í janúar 2010. Samkvæmt upplýsingum í bréfi Jóna til Samkeppniseftirlitsins, dags. 17. september 2018, mátti á hinn bóginn ráða að samningssambandið hefði staðið yfir mun lengur. Í erindi Jóna kom fram að Jónar hafi „í gegnum árin“ nýtt sér flutninga Eimskips til Noregs og að „Jónar hafa alla tíð getað notað flutningakerfi Eimskips“ þrátt fyrir að „enginn formlegur samningur“ hafi verið á milli Eimskips og Jóna.
- Samskip vöktu hvorki athygli á né veittu upplýsingar um samstarfsáform Samskipa og Eimskips á landflutningamarkaði frá árinu 2006, eða að samstarfsáformin hafi orðið að veruleika, sbr. kafla 5.11.
- Í kafla 17 er fjallað um samráð Samskipa og Eimskips í gámaflutningum til og frá Vestfjörðum. Samskip upplýstu Samkeppniseftirlitið ekki um umrætt samstarf, hvorki við rannsókn eftirlitsins á landflutningamarkaði á árinu 2010 né við meðferð þessa máls. Samskip upplýstu Samkeppniseftirlitið ekki um samstarf við Eimskip í fiskflutningum á Vestfjörðum, en fyrirtækin skiptu með sér ferðum á sunnudögum og fluttu annars „kar á móti kar“ fyrir hvort annað.
- Samskip afhentu hvorki afrit af samningsdrögum Lífæðar við Eimskip né upplýstu um að samningaviðræður milli Lífæðar og Eimskips vegna fiskdreifingar á SV-horni landsins hefðu átt sér stað, sbr. kafla 17.
- Í kafla 5.12 og 19 er fjallað um samstarf Samskipa og Eimskips í Mjóeyrarhöfn og þ.m.t. samninga milli Samskipa og Eimskips um veitingu þjónustu í höfninni frá árinu 2007. Samskip upplýstu Samkeppniseftirlitið ekki um þessa samvinnu fyrirtækjanna né afhentu skrifleg samningsdrög eða tilboð frá árinu 2007 eða þær verðskrár og samningsvísitölur sem fyrirtækin unnu eftir.

⁶⁰⁶³ Sjá mgr. 110 í athugasemdum Samskipa við AI og mgr. 479 og áfram í athugasemdum við AII þar sem Samskip fjallar um það þegar gámar fóru á milli fyrirtækisins og Eimskips og nýtt samkomulag í október 2008.



- Samskip veittu engar upplýsingar um atvik tengd Silver Green, sbr. nánari umfjöllun í kafla 14.36.7.6. og var ekki úr því bætt fyrr en með bréfi Samskipa, dags. 8. apríl 2019, eftir sérstaka ítrekun Samkeppniseftirlitsins, dags. 13. mars 2019.⁶⁰⁶⁴
11190. Að mati Samkeppniseftirlitsins var upplýsingagjöf Samskipa vegna töluliðar 10. í upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins verulega áfátt og ekki í samræmi við þær skyldur sem á fyrirtækinu hvíldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga. Vann háttsemi Samskipa gegn skilvirkri rannsókn málsins og tafði hana.
- 23.4.2.2. Upplýsingabeiðni til Samskipa, dags. 30. september 2016, og ítrekanir á beiðni, dags. 28. október 2016, 6. desember 2016, 2. febrúar 2017 o.fl.
11191. Með bréfi, dags. 30. október 2016, sendi Samkeppniseftirlitið upplýsingabeiðni til Samskipa. Í beiðninni var óskað eftir eftirfarandi upplýsingum og gögnum:
- Heildaryfirliti yfir siglingakerfi á heimsvísu þar sem tilgreindar yrðu áætlunarleiðir, hafnir sem stöðvað væri í, skip sem sinntu flutningum, flutningsgeta og tíðni siglinga. Þá var óskað eftir lýsingu á breytingum sem gerðar hefðu verið á siglingakerfinu á tilteknu tímabili.
 - Flutningsmagni, flutningsgetu og nýtingu í sjóflutningum til og frá Íslandi.
 - Upplýsingum um tekjur og magn í landflutningakerfi.
 - Afritum af tilgreindum fundargerðum m.a. Samskip Holding, og söluskýrslum á tilteknu tímabili.
 - Ársreikningum annars vegar Samskipa Holding og hins vegar Samskipa og upplýsingum um fjárhagslega stöðu.
11192. Með bréfi Samskipa, dags. 25. október 2016, var beiðninni að hluta til synjað með vísan til þess að það væri ekki á forræði Samskipa að afla gagna frá móðurfélaginu Samskipum Holding. Viðbótarfrests var óskað til að svara beiðninni að öðru leyti. Með bréfi 28. sama mánaðar hafnaði Samkeppniseftirlitið lögmæti neitunar Samskipa og áréttaði upplýsingaskyldu fyrirtækisins. Var fyrirtækinu veittur viðbótarfrestur til að afhenda umbeðnar upplýsingar og gögn. Samskip og Samskip Holding afhentu upplýsingarnar að hluta með bréfum, dags. 2. og 22. nóvember 2016.
11193. Í bréfi til Samskipa Holding, dags. 6. desember 2016, ítrekaði Samkeppniseftirlitið að afhentar yrðu upplýsingar og gögn sem enn vantaði og var þeirra getið í 10. töluliðum. Skyldu upplýsingar og gögn afhent eigi síðar en 18. janúar 2017. Barst Samkeppniseftirlitinu bréf frá Samskipum Holding, dags. 23. desember 2016, þar sem fram kom að fyrirtækið teldi upplýsingabeiðnina óhóflega umfangsmikla. Umbeðin gögn bárust ekki innan þess frests sem fyrirtækinu hafði verið settur. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins til Samskipa 2. febrúar 2017 var upplýsingabeiðnin ítrekuð á ný og var móðurfélaginu sent afrit af því bréfi og vakin athygli að Samkeppniseftirlitið hefði til skoðunar að leggja á fyrirtækið dagsektir bærust gögn ekki fyrir 16. febrúar 2017. Að beiðni fyrirtækisins veitti Samkeppniseftirlitið fyrirtækinu viðbótarfrest til að afhenda gögnin. Barst loks svar frá Samskipum Holding 10. mars 2017.
11194. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins 18. október 2017 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir tilgreindum útskýringum á innsendum gögnum og frekari sundurliðun afhentra tölulegra upplýsinga. Að auki var kallað eftir því að Samskip veittu nákvæmari upplýsingar en áður um ýmis atriði. Barst svar Samskipa 24. nóvember 2017. Þann 28. nóvember 2017 sendi Samkeppniseftirlitið bréf til Samskipa þar sem vakin

⁶⁰⁶⁴ Sjá kafla 8.36 og 20.5.3.



var athygli á verulegu misræmi í svörum og gögnum um flutt magn og tekjur af flutningum.⁶⁰⁶⁵ Óskað var eftir útskýringum og viðeigandi leiðréttingum auk þess sem Samskipum var boðið að koma til fundar hjá Samkeppniseftirlitinu vegna þessa.

11195. Samskip sendu Samkeppniseftirlitinu bréf, dags. 1. desember 2017, þar sem upplýst var að fyrir mistök hefðu magn- og tekjutölur verið tvítaldar að hluta í gögnum sem afhent voru þann 24. nóvember.⁶⁰⁶⁶ Meðfylgjandi bréfinu var leiðrétt skjal. Skýringar voru einnig lagðar fram á misræmi í gögnum að öðru leyti. Þann 5. desember 2017 sendi Samkeppniseftirlitið tölvupóst til Samskipa þar sem við skoðun gagnanna hafði komið í ljós að tiltekna upplýsingar vantaði eða sundurliðun var ekki með þeim hætti sem óskað hafði verið eftir.⁶⁰⁶⁷ Frekari gögn og skýringar bárust frá Samskipum 13. desember sama ár.⁶⁰⁶⁸
11196. Þann 18. desember 2017 var haldinn fundur með Samskipum í húsakynnum Samkeppniseftirlitsins. Á fundinum var upplýsingaskýlda fyrirtækisins ítrekuð og óskað eftir tilteknum upplýsingum sem Samskip skuldbundu sig til að afhenda sem fyrst. Svör við fyrirspurnum Samkeppniseftirlitsins bárust þann 19. desember 2017. Að mati Samkeppniseftirlitsins voru svörin ekki fullnægjandi og voru því sendar frekari óskir um skýringar til Samskipa 21. desember 2017.⁶⁰⁶⁹ Svör bárust frá Samskipum þann 2. janúar 2018.⁶⁰⁷⁰
11197. Til þess að rækja það hlutverk sem Samkeppniseftirlitinu er falið í samkeppnislögum er afar mikilvægt að samkeppnisyfirvöld hafi greiðan aðgang að hvers kyns upplýsingum sem geri þeim kleift að leggja rétt mat á aðstæður og háttsemi fyrirtækja á markaði. Eins og ráðið verður af 19. gr. samkeppnislaga er fyrirtækjum skylt að verða við beiðni Samkeppniseftirlitsins um upplýsingar eða gögn og „*skulu þær gefnar innann hæfilegs frests sem stofnunin setur*“. Hefur Hæstiréttur hnykkt á að sú skylda leiði af 19. gr. samkeppnislaga að upplýst sé um öll nauðsynleg atriði innan þess frests sem gefinn er, sbr. dóm Hæstaréttar nr. 26/2020, *Mjólkursamsalan ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.
11198. Hvað varðar þær upplýsingar og gögn sem gagnabeiðni Samkeppniseftirlitsins frá 30. október 2016 tók til er ljóst að Samskip drógu það verulega og á vítaverðan hátt að afhenda umbeðnar upplýsingar. Af þessum sökum þurfti Samkeppniseftirlitið í fjölmörg skipti að ítreka upplýsingabeiðnina og minna á þá skyldu sem hvílir á fyrirtækjum samkvæmt 19. gr. laganna. Varð þessi háttsemi Samskipa til þess að tefja og torvelda rannsókn Samkeppniseftirlitsins.

23.4.2.3. Niðurstaða

11199. Vegna rannsóknar máls þessa sendi Samkeppniseftirlitið líkt og áður greinir Samskipum upplýsingabeiðni og óskaði eftir að Samskip veittu nánar tilgreindar upplýsingar og afhentu gögn. Líkt og rakið hefur verið gekk afar erfiðlega að fá fram svör Samskipa, einkum hvað snerti mikilvæg gögn og upplýsingar um samstarf og samskipti fyrirtækisins og starfsmanna þess við Eimskip og starfsmenn þess. Þurfti Samkeppniseftirlitið ítrekað að óska eftir að bætt væri úr upplýsingagjöf og að gögn sem Samskip byggju yfir væru afhent. Þegar upplýsingar voru veittar af hálfu Samskipa voru þær almennar og óljósar og látið hjá líða að upplýsa um mikilvæg atriði.
11200. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi með alvarlegum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga með rangri, villandi eða ófullnægjandi

⁶⁰⁶⁵ Bréf frá Samkeppniseftirlitinu til Samskipa, dags. 28.11.2017.

⁶⁰⁶⁶ Bréf frá Samskipum til Samkeppniseftirlitsins, dags. 1.12.2017.

⁶⁰⁶⁷ Tölvupóstur frá Samkeppniseftirlitinu til Samskipa, dags. 5.12.2017.

⁶⁰⁶⁸ Tölvupóstur frá Samskipum til Samkeppniseftirlitsins, dags. 13.12.2017.

⁶⁰⁶⁹ Tölvupóstur frá Samskipum til Samkeppniseftirlitsins, dags. 19.12.2017. Tölvupóstur frá Samkeppniseftirlitinu til Samskipa, dags. 21.12.2017.

⁶⁰⁷⁰ Tölvupóstur frá Samskipum til Samkeppniseftirlitsins, dags. 2.01.2018.



upplýsingagjöf í svörum við upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins frá 29. janúar 2015, og við bréfum þar sem beiðnin var ítrekuð, og með því að afhenda ekki umbeðin gögn sem Samskip bjuggu yfir og höfðu þýðingu fyrir rannsókn málsins. Var háttsemi Samskipa til þess fallin að leynd samráði þess við Samskip og afvegaleiða Samkeppniseftirlitið.

11201. Þá er ljóst að framferði Samskipa við upplýsingagjöf vegna upplýsingabeiðna Samkeppniseftirlitsins dags. 29. janúar 2015 og dags. 30. október 2016 tafði og torveldaði rannsókn málsins verulega.

23.5. Eimskip vanrækti upplýsingaskyldu sína samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga

11202. Með sátt Eimskips frá 16. júní 2021 hefur Eimskip viðurkennt að hafa brotið gegn 19. gr. samkeppnislaga með því að hafa ekki veitt nauðsynlegar eða réttar upplýsingar eða afhent gögn í þágu rannsóknar Samkeppniseftirlitsins, sbr. 2. gr. sáttarinnar. Með sátt við Eimskip var málinu lokið gagnvart fyrirtækinu. Í eftirfarandi umfjöllun verða engu að síður rakin einstök atvik sem varða upplýsingagjöf og brot Eimskips en Eimskip og Samskip voru svo að segja samstíga í því að haga upplýsingagjöf þannig að samráði fyrirtækjanna væri leynt.

11203. Við munnlega upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga dagana 10. og 17. september 2013 voru starfsmenn og stjórnendur Eimskips m.a. spurðir um samskipti við starfsmenn Samskipa. Þær upplýsingar sem voru veittar voru rangar og ófullnægjandi um þýðingarmikil atriði.

- Upplýsingar sem komu fram við munnlega upplýsingagjöf helstu stjórnenda Eimskips voru ekki í samræmi við samtímagögn. Þannig kom í ljós alvarlegt ósamræmi milli munnlegra upplýsinga (E)forstj og samtímagagna um samskipti og tengsl hans við starfsmenn Samskipa, einkum við (S)forstj, (S)forstö-útlf og (S)aðaleig-stjform-SH. Það sama á við um munnlega upplýsingagjöf (E)frkvstj-innanl, einkum um samskipti hans við (S) frkvstj-innanl, og upplýsingagjöf (E)frkvstj-alþjv um tengsl hans við (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv. Við skýrslugjöf til Samkeppniseftirlitsins kvaðst (E)frkvstj-TVG, framkvæmdastjóri TVG Zimsen, ekki hafa átt nein samskipti átt við Samskip eftir að hann hætti störfum hjá fyrirtækinu. Gögn sýna hins vegar að (S)forstj og (E)frkvstj-TVG hittust á rannsóknartímabilinu utan vinnu.
- Ekki var greint frá samskiptum við Samskip eða bent á gögn sem vörðuðu undirbúning fyrirtækjanna á samráði í landflutningum árið 2006 (sem var síðan aukið með „Nýtt upphaf“ verkefninu árið 2008).
- Hvorki var greint frá fundi Samskipa og Eimskips þann 6. júní 2008 né „Nýtt upphaf“ verkefninu sem hófst í kjölfar umrædds fundar.
- Ekki var greint frá samskiptum við Samskip eða bent á gögn sem vörðuðu „Neyðarsamkomulagið“.
- Veittar voru rangar og ófullnægjandi upplýsingar varðandi aukið samstarf í sjóflutningum Eimskips fyrir Samskip (Jóna Transport) frá lokum september 2009 og a.m.k. út rannsóknartímabilið.

11204. Vanræksla Eimskips á að veita Samkeppniseftirlitinu réttar upplýsingar við munnlega skýrslugjöf var til þess fallin að afvegaleiða eftirlitið og vinna gegn skilvirkri rannsókn þess á málinu. Þá hafði Eimskip ríkt ráðrúm og tækifæri til að rýna eigin gögn í kjölfar húsleitanna og þá leiðrétta ranga upplýsingargjöf um samskipti fyrirtækjanna. Það var ekki gert.

11205. Við rannsókn málsins sendi Samkeppniseftirlitið Eimskip ítarlegar upplýsingabeiðnir á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga, sbr. bréf, dags. 23. janúar 2015, 30. september 2016 og 15. desember 2017. Afar erfiðlega gekk að fá fram svör Eimskips, einkum hvað snertir gögn og upplýsingar um samskipti og samstarf þess við Samskip og þurfti Samkeppniseftirlitið ítrekað að óska eftir að bætt væri úr upplýsingagjöf og afhendingu gagna. Þegar upplýsingar voru veittar voru þær almennar og óljósar og



ekki í samræmi við upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins. Í mörgum tilvikum voru veittar upplýsingar villandi og rangar og mikilvægum atriðum sleppt. Með háttsemi Eimskips var samráði þess við Samskip leynt og unnið gegn skilvirkri rannsókn málsins. Verða hér nefnd dæmi:

- Upplýsingagjöf Eimskips um samskipti starfsmanna Eimskips við Samskip var ófullnægjandi og hirðulaus. Ekki var upplýst um mikilvæg samskipti, t.a.m. veittu Eimskip fyrst upplýsingar um fund Samskipa og Eimskips 6. júní 2008 og efni hans eftir að Samkeppniseftirlitið hafði borið upplýsingar, sem Samskip höfðu veitt eftirlitinu, undir Eimskip.
- Upplýsingar og gögn um tilboð og samninga við viðskiptavini voru ófullnægjandi.
- Gagnaafhending varðandi samninga og samstarf eða hugmyndir að samstarfi við önnur flutningafyrirtæki var verulega ábótavant. T.a.m. var glærुकyningin „Nýtt upphaf“ ekki afhent þrátt fyrir að óskað væri eftir því að Eimskip myndi afhenda alla samninga við Samskip, ásamt m.a. afritum af öllum samningsdrögum, tillögum eða hugmyndum að samstarfi (þ. á m. í formi glærुकyninga). Hið sama á við um önnur undirbúningsgögn að viðamiklu samstarfi sem ekki var upplýst um og fjallað er um í ákvörðun þessari.
- Ekki voru afhentar fundargerðir og ársreikningar Eimskip Holding BV og afhending annarra umbeðinna fundargerða og söluskýrsla hirðulaus.
- Eimskip greindi hvorki frá né benti á gögn sem vörðuðu undirbúning og framkvæmd Eimskips og Samskipa á samráði fyrirtækjanna í landflutningum.
- Eimskip greindi ekki frá samskiptum við Samskip né benti á gögn er vörðuðu það sem félögin kölluðu „Neyðarsamkomulagið“ (einnig í gögnum Eimskips nefnt Evrópusamningur) en gögn málsins sýna að þetta samkomulag var í gildi frá árinu 2001 og út rannsóknartímabilið. Eimskip upplýsti heldur ekki um samskipti við Samskip í október 2008 vegna svokallaðs „útvíkkaðs neyðarsamkomulags“ sem fólst í því að útvíkka. Til viðbótar upplýsti Eimskip ekki um samskipti við Samskip vegna endurnýjunar „Neyðarsamkomulagsins“ í desember 2010.
- Eimskip veitti rangar og ófullnægjandi upplýsingar er vörðuðu aukið samstarf í sjóflutningum Eimskips fyrir Samskip (Jóna Transport) frá lok september 2009 og a.m.k. út rannsóknartímabilið.

11206. Vanræksla Eimskips á upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga var í alvarleg og til þess fallin að leynd samráði fyrirtækjanna, afvegaleiða Samkeppniseftirlitið og tefja og torvela rannsókn málsins.

23.6. Niðurstaða um brot Samskipa gegn 19. gr. samkeppnislaga

11207. Til þess að rækja hlutverk sitt er Samkeppniseftirlitinu nauðsynlegt að geta aflað upplýsinga og gagna frá fyrirtækjum á markaði, opinberum aðilum og öðrum mögulegum haghöfum. Er afar mikilvægt að samkeppnisyrfirvöld hafi greiðan aðgang að hvers kyns upplýsingum svo þau geti lagt rétt mat á aðstæður og háttsemi fyrirtækja á markaði. Í samræmi við það er Samkeppniseftirlitinu fengnar víðtækar heimildir að lögum til að afla upplýsinga frá hverjum þeim sem hefur yfir þeim að ráða.

11208. Í 19. gr. samkeppnislaga mælt fyrir um heimild Samkeppniseftirlitsins til að krefja fyrirtæki um allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Beiðni samkeppnisyrfirvalda samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga felur í sér „skyldu fyrir móttakanda hennar að verða við henni nema annað sé skýrt tekið fram“, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2004. Í skyldu til að veita upplýsingar og afhenda gögn í 19. gr. samkeppnislaga felst að upplýsa skal um öll nauðsynleg atriði sem hafa þýðingu fyrir rannsókn máls og afhenda öll gögn sem fyrirtæki sem upplýsingabeiðni er beint að hefur í fórum sínum. Þá er skylt að upplýsingar sem Samkeppnisyrfirvöldum eru veittar við munnlega og



skriflega upplýsingaöflun samkvæmt 19. gr. séu réttar. Af því leiðir að óheimilt er að veita rangar eða tvíræðar upplýsingar sem draga upp ranga eða villandi mynd af atvikum er þýðingu hafa við athugun Samkeppniseftirlitsins.

11209. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að við rannsókn þessa máls hafi Samskip brotið gegn skyldu til að veita upplýsingar og afhenda gögn samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga. Felst brot Samskipa í rangri, villandi og ófullnægjandi upplýsingagjöf um samskipti og samstarf við Eimskip við munnlega upplýsingagjöf starfsmanna fyrirtækisins 10. og 17. september 2013, í tengslum við húsleitir Samkeppniseftirlitsins hjá fyrirtækinu. Með þessu var þýðingarmiklum upplýsingum haldið frá rannsókninni frá fyrstu stigum hennar.
11210. Enn fremur felst brot Samskipa gegn 19. gr. samkeppnislaga í rangri, villandi og ófullnægjandi upplýsingagjöf Samskipa í svörum við upplýsingabeiðni sem upphaflega var beint að fyrirtækinu með bréfi dags. 29. janúar 2015 og með því að afhenda ekki umbeðin gögn sem Samskip bjó yfir og höfðu þýðingu fyrir rannsókn málsins. Líkt og lýst hefur verið að framan gekk afar erfiðlega að fá fram svör Samskipa, einkum hvað snertir mikilvæg gögn og upplýsingar um samskipti fyrirtækisins og starfsmanna þess við Eimskip og starfsmenn þess. Þurfti Samkeppniseftirlitið ítrekað að óska eftir að bætt væri úr upplýsingagjöf og að gögn sem Samskip byggju yfir væru afhent. Þegar upplýsingar voru veittar af hálfu Samskipa voru þær óljósar og mikilvægum atriðum sleppt.
11211. Brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. laganna eru að mati Samkeppniseftirlitsins umfangsmikil og alvarleg. Með háttseminni var umfangi samráðs Samskipa við Eimskip leynt og unnu brot Samskipa mjög gegn skilvirki rannsókn málsins.
11212. Varða framangreind brot Samskipa stjórnvaldssektum skv. i-lið 1. mgr. 37. gr. sömu laga, sbr. kafla 35.3.
11213. Þá verður ekki litið fram hjá brotum Samskipa gegn 19. gr. samkeppnislaga vegna eldri rannsókna, og kvörtunum og öðrum erindum Samskipa, og Eimskips, sem send voru Samkeppniseftirlitinu á megin rannsóknartímabili þessa máls, frá árinu 2008 til ársins 2013, þar sem settar voru fram margvíslegar upplýsingar og sjónarmið fyrirtækjanna um meint brot hvors annars á samkeppnislögum, samkeppnisaðstæður á þeim mörkuðum sem fyrirtækin starfa á o.fl. Líkt og rakið hefur verið í þessari ákvörðun áttu Samskipa og Eimskips hins vegar á sama tímabili með sér ólögmaett samféllt samráð. Í erindum fyrirtækjanna var í engu getið um samráð þeirra eða atvikum því tengdum né um ítrekuð samskipti þeirra á milli. Þannig var ekki eingöngu mikilvægum upplýsingum haldið frá Samkeppniseftirlitinu, sem höfðu þýðingu fyrir afgreiðslu erinda, heldur dregin upp röng mynd af samkeppnisaðstæðum á markaðnum og samskiptum Samskipa og Eimskips. Með þessu var Samkeppniseftirlitið afvegaleitt á brotatímabilinu og samráði fyrirtækjanna haldið leyndu svo árum skiptir.

